


**skoðun 16**

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur




SUMAR TILBOÐ
4BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF TILBOÐUM Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
TÖLVUTEK
Reykjavík · Borgartúni 31 · 563 6900 | Akureyri · Undirhlíð 2 · 430 6900


# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**3. júní 2011**
128. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011





## Fræ ársins 2011

*Hugmynd að kennslu í forritun fyrir ung skólabörn hlýtur milljón króna styrk.*

**tímamót 22**

## Óvænt upphefð

*Atli Helgason slær í gegn í aukahlutverki í Steindanum okkar.*

**Fólk 46**





## Haukur Páll mikilvægur

*Valsmenn hafa ekki fengið á sig mark þær 505 mínútur sem Haukur Páll hefur spilað í sumar.*

**Sport 42**


## veðrið í dag




**VÍÐA SKÚRIR** Í dag verða víðast vestan 8-13 m/s. Bjart SA- og A-til en annars skýjað að mestu og skúrir. Hiti 5-12 stig.

**VEÐUR 4**



**HERTÍSKAN** Margrét Vilhjálmsdóttir leikkona og Jón Gnarr borgarstjóri voru meðal þekktra einstaklinga sem klæddu sig upp á og sýndu á Austurvelli föt sem seld eru á nytjamarkaði Hjálpræðishersins til styrktar Dagsetri fyrir heimilislausa. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Segja tafir á málsmeðferð ámælisverðar

**Misbrestur er á að úrskurðarnefnd um hollustuhætti og mengunarvarnir virði lögbundin tímamörk um afgreiðslu mála. SA gagnrýnir þetta harðlega. Tímaramminn er of knappur segir formaður.**

**STJÓRNSÝSLA** Samtök atvinnulífsins gagnrýna úrskurðarnefnd um hollustuhætti og mengunarvarnir (ÚHM) fyrir að virða ekki tímamörk í lögum um afgreiðslu mála. Nefndin skilar úrskurðum sínum mánuðum og jafnvel árum eftir að lögbundnum tímamörkum er náð. Innan við helmingur erinda þeirra 24 nefnda sem hafa skilgreindan frest í lögum var afgreiddur á réttum tíma á nokkurra ára tímabili. Þetta er niðurstaða umboðsmanns Alþingis.

SA tók saman hversu langan tíma það tekur ÚHM að kveða upp úrskurði í málum sem þangað er beint. Aðeins í eitt skipti af síðustu tuttugu úrskurðum hefur nefndin skilað niðurstöðu innan lögbundinna tímamarka. Að meðaltali tók það nefndina fjörutíu vikur að kveða upp úrskurð sinn, en í þremur af tuttugu málum sem SA skoðaði féll úrskurður ekki fyrr en eftir 16 til 39 mánuði. Lögbundinn frestur er fjórar vikur í hefðbundnum málum en átta vikur í viðameiri málum.

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður nefndarinnar, segir að tafirnar eigi sér eðlilegar skýringar. „Sannleikurinn er sá að það er erfitt að halda tímarammann nema málið sé mjög einfalt en gangur mála er misjafn, margra hluta vegna.“

Í úrskurðum nefndarinnar kemur fram að annir starfsmanna skýri í sumum tilvikum ástæður tafa. Steinunn viðurkennir að nefndarmennirnir þrír hafi önnur störf með höndum. „En við höfum lagt áherslu á að stytta tímann sem fer í afgreiðslu mála, eða eins stuttan tíma og hvert mál leyfir. Þegar tafirnar verða mjög langar eru alltaf sérstakar ástæður fyrir því.“ Steinunn vill ekki tjá sig um það hvort löggjafinn hafi vanmetið hlutverk nefndarinnar við lagasetninguna.

> Sannleikurinn er sá að það er erfitt að halda tímarammann nema málið sé mjög einfalt.
>
> **STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR**
> FORMAÐUR ÚHM

Pétur Reimarsson, forstöðumaður hjá SA, hafnar því alfarið að það sé eðlilegt að einstök mál séu lengur en þrjú ár til skoðunar hjá nefndinni þegar skilafrestur er lengstur átta vikur. Hann segir það eðlilega kröfu að úrskurðarnefndir virði lög og reglur um málsmeðferð eins og krafist sé af einstaklingum og fyrirtækjum.

Ástæða þess að SA skoðaði afgreiðslutíma nefndarinnar er að fyrir þinginu liggur frumvarp um úrskurðarnefnd um auðlindamál sem mun hafa víðtækt hlutverk. „Við erum að benda þinginu á það að þessi nýja nefnd hafi burði, starfsfólk og peninga, til að gegna sínu hlutverki.“ **- shá**


Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum



Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga 10-18
Laugard.11-16


Hvetur til ferða á Suðurlandi:

## Gott að tjalda á gosslóðunum

**FERÐAÞJÓNUSTA Íslendingar ættu ekki að láta eldgos slá sig út af laginu við að heimsækja svæði á Suðurlandi í sumar. Þvert á móti ætti fólk að nýta sér þá þjónustu sem þar er í boði og hjálpa um leið þeim fyrirtækjum sem hafa orðið fyrir búsifjum. Þetta segir Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri í viðtali við Fréttablaðið í dag.**

**Ólöf segir að það hafi komið sér á óvart að eldgos hafi áhrif á ferðir innlendra ferðamanna jafnt sem erlendra. „Ég veit að hin dásamlegu tjaldsvæði sem eru á þessu svæði voru algjörlega vannýtt í fyrra. Það voru einkum og sér í lagi Íslendingar sem ekki fóru. Svæðin voru græn sem aldrei fyrr.“** **- þeb /** **sjá síðu 12**

Vaxandi þrýstingur á Karl Gústaf Svíakonung:

## Vilja konunginn burt



KARL GÚSTAF

**SVÍÞJÓÐ** Vaxandi þrýstingur er á Karl Gústaf Svíakonung í sænskum fjölmiðlum, sem krefjast þess að hann afsali sér konungdómi vegna ásakana um tengsl við undirheima Svíþjóðar og framhjáhald af ýmsu tagi.

„Afsalaðu þér konungdóminum, í þágu þjóðarinnar,“ segir í síðdegisblaðinu Aftonbladet. „Svíþjóð á betra skilið en þjóðhöfðingja sem leiðir huga fólks að nektardansstöðum og nektarmyndum.“ Jafnvel Dagens Nyheter segir konungdæmið riða til falls.

Langt viðtal við konunginn, þar sem hann neitaði öllum þessum ásökunum, er sagt hafa gert illt verra. Hann hafi ekki virkað sannfærandi og nú standi orð gegn orði og enginn veit hverju á að trúa.

Í kjölfar viðtalsins hafa sænskir fjölmiðlar síðan grafið upp nýjar ásakanir, bæði frá fyrrverandi lífverði konungsins og frá konum sem áður hafa ekki stigið fram.

Samkvæmt skoðanakönnunum leggur meirihluti Svía ekki trúnað á orð konungsins lengur. Fredrik Reinfeldt forsætisráðherra vill þó ekki láta rannsaka málið. **- gb**


FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir

## SPURNING DAGSINS



*Gunnlaugur, þið eruð varla léttir í lund með þetta?*

„Nei, en ef við sýnum biðlund þá vonandi braggast stofninn.“

Gunnlaugur Grettisson er formaður umhverfisráðs Vestmannaeyja. Ráðið skoðar nú hvort banna eigi veiðar á lundum í Eyjum til að bregðast við mikilli fækkun í stofninum.

Átak til styrktar krabbameinssjúkum börnum og fjölskyldum þeirra fór vel af stað í gær:

# Hlaupa hringveginn á fimmtán dögum

**LÍKNARMÁL** Fjórir hlauparar, þau Signý Gunnarsdóttir, Sveinn Benedikt Rögnvaldsson, Alma María Rögnvaldsdóttir og Guðmundur Guðnason, hófu í gær hringferð sína í kringum landið.

Þau hafa sett sér það markmið að hlaupa hringinn til styrktar krabbameinsveikum börnum og fjölskyldum þeirra. Átakið heitir „Á meðan fæturnir bera mig“.

Sjálf eru þau ekki ókunnug erfiðleikunum sem fylgja slíkum veikindum en í janúar 2010 greindist þriggja ára sonur Sveins og Signýjar með hvítblæði og hefur hann gengið í gegnum strembna lyfjameðferð.

Eftir margra mánaða raunir er hann kominn á beinu brautina og er nú í töflumeðferð til haustsins 2012.

Þau ætla að hlaupa um það bil hundrað kílómetra á hverjum degi, en skipta á milli sín áföngum þannig að hver hlaupari hleypur að meðaltali um 24 kílómetra á dag. Hringnum ætla þau að ljúka á fimmtán dögum, þannig að lokaáfanganum verði náð 16. júní á Barnaspítala hringsins þar sem hlaupið hófst í gær.

Hægt er að fara inn á heimasíðu hópsins, www.mfbm.is, og leggja málefninu lið. Féð rennur til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna, en í gær höfðu þegar safnast rúmlega tvær milljónir króna. - gb



**HALDIÐ AF STAÐ** Hópurinn lagði af stað frá Barnaspítala hringsins í gærmorgun og fylgdu þeim yfir hundrað manns fyrsta spölinn. MYND/SIGURJÓN ÓLA



**LENTUR Á ÍSLANDI** John S. Magnússon flugstjóri ásamt Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra í Leifsstöð í gær.

Delta byrjað að fljúga héðan:

## Stoppaði í einn og hálfan tíma

**SAMGÖNGUR** Bandaríska flugfélagið Delta Air Lines hóf beint áætlunarflug frá Keflavíkurflugvelli til Kennedy-flugvallar í New York í gærmorgun. Þetta er fyrsta bandaríska flugfélagið sem hefur reglubundið flug hingað í rúm fjörutíu ár.

Þota flugfélagsins lenti á Keflavíkurflugvelli klukkan 9.20 og fór aftur í loftið einum og hálfum tíma síðar.

Delta áætlar að fljúga fimm daga vikunnar frá miðvikudegi til sunnudags. Flugstjóri í fyrstu ferðinni var Vestur-Íslendingurinn John S. Magnusson, að því er segir í tilkynningu. - jab

Mladic sagður með krabba:

## Sjúkrasagan dregin í efa

**HOLLAND, AP Ratko Mladic, sem nú situr í fangelsi stríðsglæpadómstóls í Haag, er sagður hafa átt við erfið veikindi að stríða síðustu ár.**

**Lögfræðingur hans hefur dregið úr pússi sínu skjal, sem á að sanna að hann hafi verið með krabbamein og verið lagður inn á sjúkrahús til meðferðar árið 2009, meðan hann fór huldu höfði.**

**Saksóknari í Serbíu, sem fékk þetta skjal í hendur, segist þó telja það geta verið falsað. - gb**

# Gæti átt yfir höfði sér 30 ára fangelsi

**25 ára Íslendingur situr í gæsluvarðhaldi í Bangkok vegna gruns um fíkniefnamisferli. Harðar refsingar tíðkast í Taílandi. „Þeir hafa barið hann hrottalega. Hann hefur ekki játað neitt enda er hann saklaus,“ segir systir mannsins.**

**SAKAMÁL** „Þetta er sorglegt, hann er svo góður strákur. Ég hefði aldrei trúað því að eitthvað þessu líkt gæti komið fyrir hann,“ segir Eva Davíðsdóttir, systir Brynjars Mettinissonar.

Brynjar var ásamt áströlskum manni handtekinn úti á götu í Bangkok í Taílandi á mánudag. Fíkniefni fundust á Ástralanum og voru Brynjar og maðurinn úrskurðaðir í þriggja mánaða gæsluvarðhald. Fíkniefnalöggjöfin í Taílandi er ein sú strangasta í heimi og gæti Brynjar átt yfir höfði sér allt að þrjátíu ára fangelsi verði hann fundinn sekur um fíkniefnamisferli.

Brynjar hefur dvalið annað veifið í Taílandi upp á síðkastið, á þriðja mánuð í senn. Þar kynntist hann fyrir nokkru taílenskri stúlku og mun hann hafa verið í landinu nú til að leita fyrir sér með búsetu og nám eða vinnu.

Brynjar bjó með móður sinni þar til í þarsíðustu viku þegar hún flutti til Evu, systur Brynjars sem býr ásamt tveimur börnum sínum í Svíþjóð.

Eva segir Brynjar reglumann; hann drekki lítið og reyki ekki. Hann hafi unnið á sambýli í Mosfellsbæ um flestar helgar en sagt starfi sínu lausu fyrir um þremur mánuðum til að fara utan. Hann hefur ekki komist í kast við lögin, eftir því sem hún best veit.

Móðir Brynjars hefur sleitulítið unnið að því að hjálpa syni sínum frá því á mánudag og var að niðurlotum komin í gær. Eva tók við hlutverkinu af henni undir kvöld.

Hún segir Brynjar hafa snætt með kærustu sinni á veitingastað í Bangkok og verið á heimleið



**ERFITT LÍF** Aðstæður fanga í Taílandi hafa löngum verið bágbornar. Brynjar situr nú í gæsluvarðhaldi þar í landi og gæti átt yfir höfði sér áralangan dóm. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

þegar þau hittu mann frá Ástralíu sem þau könnuðust lítillega við. Skömmu síðar hafi lögreglumenn borið að sem leituðu á þeim. Fíkniefni fundust á Ástralanum en engin á Brynjari. Eva telur lögregluna hafa verið að fylgjast með ferðum Ástralans og beitt Brynjar harðræði til að fá hann til að játa.

„Þeir hafa barið hann hrottalega til að fá hann til að játa. Mér skilst að hann hafi ekki gert það, enda er hann saklaus,“ segir Eva og bætir við að aðstæður í fangelsinu þar sem hann dvelji séu ömurlegar. Hann komist vart á salerni og fái ekkert að borða nema kærasta hans komi í heimsókn. Það geri hún á hverjum degi.

Brynjar, sem verður 25 ára í dag, fær ekki að hringja í neinn og hefur móðir hans verið í stöðugu sambandi við kærustu hans.

Eva segir ræðismann Íslands vera að vinna í málinu. Hins vegar sé hann ekki kominn með lögfræðing fyrir Brynjar. Hún segir það erfitt enda kostnaðarsamt.

„Mamma á engan pening og ég er ein með tvö börn. Okkur vantar aðstoð til að fá lögfræðing,“ segir Eva. jonab@frettabladid.is

Icelandic Group:

## Selur starfsemi í Frakklandi og Þýskalandi

**VIÐSKIPTI** Icelandic Group hefur gengið frá sölu á starfsemi sinni í Frakklandi og Þýskalandi til fjárfestahóps undir forystu sjávarútvegsfyrirtækisins Pacific Andes frá Hong Kong.



**BRYNJÓLFUR BJARNASON**

„Salan er mikilvægt skref í því að skerpa á stefnu Icelandic Group og gerir okkur jafnframt kleift að lækka skuldir félagsins og skjóta styrkari stoðum undir annan rekstur þess,“ segir Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Icelandic Group.

Viðskiptin eru háð samþykki samkeppnisyfirvalda í viðkomandi löndum. - mþl

Erfiðara að nálgast sígarettur:

## Reykingar unglinga minnka

**HEILBRIGÐISMÁL Reykingar unglinga á Íslandi hafa minnkað verulega á síðustu sextán árum. Á tímabilinu hefur hlutfall 15 og 16 ára unglinga sem reykja daglega lækkað úr 21 prósenti í 5 prósent. Þá lækkaði hlutfall þeirra sem reykja vikulega úr 32 prósentum í 9 prósent.**

**Þetta eru niðurstöður evrópskrar vímuefnarannsóknar. Haldi þessi þróun áfram næstu fjögur árin munu tóbaksreykingar nánast heyra sögunni til meðal íslenskra unglinga árið 2015.**

**Þá töldu einungis 24 prósent unglinga mjög auðvelt að verða sér úti um sígarettur borið saman við 73 prósent árið 1995. - mþl**


Dýrin elska... OK fóðrið



OK - Ódýrari kostur fyrir alla hunda og ketti

Hágæða hráefni - Ljúffengt bragð - Fallegur feldur - Betri heilsa

OK fæst í betri gæludýraverslunum:
Gæludýr.is, Korputorgi - Garðheimar, Reykjavík - Dýraríkið, Miðhrauni
Hundaheimur, Mosfellsbæ - Petmax, Hamraborg 1 (að neðanverðu)
og Petmax.is frí heimsending um allt land með Íslandspósti.


Fréttir af hættulegum gúrkum frá Spáni stöðvuðu nánast útflutning:

# Spánverjar krefjast skaðabóta

**SPÁNN, AP** José Luis Rodriguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar, gagnrýnir bæði Evrópusambandið og Þýskaland harðlega fyrir að nefna Spán sérstaklega sem líklegt upprunaland banvæns kólígerlafaraldurs í norðanverðri Evrópu.

Spænsk stjórnvöld krefjast skýringa og ætla að fara fram á skaðabætur vegna þess að fréttirnar urðu til þess að útflutningur á grænmeti frá Spáni til annarra Evrópuríkja stöðvaðist nánast í kjölfarið.

Zapatero segir að framkvæmdastjórn ESB hafi brugðist seint við þegar í ljós kom að kólígerillinn banvæni fannst ekki í gúrkunum frá Spáni, sem í fyrstu voru taldar vera skaðvaldurinn.

„Um leið og ráðherrann í Hamborg hafði útilokað að þetta hafi stafað af spænskum gúrkum þá hefði hún átt að bregðast hraðar við og af meiri festu,“ sagði hann.

Spænskir bændur eru æfir vegna málsins og efndu til mótmæla fyrir utan ræðismannsskrifstofu Þýskalands í Valencia í gær, þar sem þeir sturtuðu um 300 kílóum af káli, tómötum, gúrkum og öðru grænmeti á götuna.



**GRÆNMETI Í MOSKVU** Rússnesk stjórnvöld bönnuðu í gær innflutning á grænmeti frá öllum ríkjum Evrópusambandsins. NORDICPHOTOS/AFP

Enn er ekkert vitað um uppruna gerilsins, sem sýkt hefur á annað þúsund manns og dregið hundruð manna til dauða á fáeinum dögum.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin WHO staðfesti í gær að þetta tiltekna afbrigði gerilsins hefði aldrei sést áður. - gb

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

Way of Life!







# Nýr Suzuki Swift










FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com

Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár nú enn betri og flottari.
Swiftinn er stærri og rúmbetri og er með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél, býðst beinskiptur og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur.
Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni og kemur með ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.

**Verð frá 2.580 þús.**
Eyðsla frá 5,0L/100km
(blönduðum akstri, beinskiptur)
$CO^2$ 116g/km

**FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

**TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

SUZUKI

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

Hugtök Markaðsráðgjöf Maí 2011

**GENGIÐ 01.06.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,47 | 115,01 |
| Sterlingspund | 188,02 | 188,94 |
| Evra | 164,64 | 165,56 |
| Dönsk króna | 22,079 | 22,209 |
| Norsk króna | 21,279 | 21,405 |
| Sænsk króna | 18,489 | 18,597 |
| Japanskt jen | 1,4077 | 1,4159 |
| SDR | 183,02 | 184,12 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

220,7478

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Birna Einarsdóttir segir hægt að líta svo á að Landsbankinn hafi hætt samstarfi:

# Íslandsbanki skoðar frekari úrræði

**EFNAHAGSMÁL** Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, segir hægt að líta svo á að Landsbankinn hafi dregið sig út úr samstarfi um samræmdar skuldaaðgerðir með hinni svokölluðu Landsbankaleið.

Þá finnst henni spurning hvort þeim fjármunum sem varið er í leiðina hefði verið hægt að dreifa með sanngjarnari hætti í gegnum vaxtabótakerfið. Þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Landsbankinn kynnti í síðustu viku breytingar á greiðsluúrræðum viðskiptavina sinna með það fyrir augum að lækka skuldir þeirra. Meðal þeirra má nefna að verðmæti fasteigna verði metið eftir fasteignamati en ekki markaðsverði. Úrræðin eru talin kosta 25 til 30 milljarða króna.



BIRNA EINARSDÓTTIR

Birna segir ríkið hafa leitt saman lífeyrissjóði, Íbúðalánasjóð og banka og samið um samræmdar aðgerðir fyrir nokkru. Þessi leið hafi hugnast henni vel. „Mér finnst þetta samræmi mikilvægast. Auðvitað vildu bankarnir hafa rammann utan um 110 prósent leiðina rýmri, en við enduðum með þessum hætti svo lífeyrissjóðirnir og Íbúðalánasjóður gætu verið með,“ segir Birna. Loks segir Birna Íslandsbanka hafa haft hugmyndir um rýmri ramma utan um 110 prósenta leiðina en samið var um og að bankinn sé nú aftur hafinn að skoða frekari úrræði. Þá verði forvitnilegt að sjá hvort ríkið sé tilbúið að leggjast í sama kostnað fyrir Íbúðalánasjóð. - mþl

Nýr þjóðarpúls Gallup:

## Fylgi við ríkisstjórn eykst

**STJÓRNMÁL Alls styðja 37 prósent kjósenda ríkisstjórnina samkvæmt nýjum þjóðarpúlsi Gallup. Stuðningur hefur því aukist um þrjú prósentustig milli mánaða.**

**Samfylkingin bætir við sig tveimur prósentustigum og nýtur nú stuðnings 23 prósenta kjósenda. Fylgi Sjálfstæðisflokksins minnkar úr 36 í 35 prósent.**

**Þá segjast 16 prósent kjósenda myndu kjósa Framsóknarflokkinn og jafn margir Vinstri græna. Hreyfingin nýtur tæplega fjögurra prósenta fylgis. - mþl**

Misnotkun á læknadópi:

## Ráðherra skipar viðbragðshóp

**HEILBRIGÐISMÁL Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hefur skipað viðbragðshóp til að stemma stigu við misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja sem sýnt er að notuð eru til sölu og dreifingar meðal fíkla.**



GUÐBJARTUR HANNESSON

**Hinn 10. júní er hópnum ætlað að leggja fram tillögur um aðgerðir sem hægt er að grípa til nú þegar, en beina svo vinnu sinni að aðgerðum til lengri tíma.**

**Formaður hópsins er Margrét Björnsdóttir en auk hennar skipa hópinn Einar Magnússon, Lára Björnsdóttir, Geir Gunnlaugsson, Hulda Harðardóttir, Þórarinn Tyrfingsson og Steingrímur Ari Arason. - mþl**

### LEIÐRÉTT

Ranglega var farið með nafn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í frétt blaðsins um kjör Orra Haukssonar sem nýs stjórnarformanns. Þá var ranghermt í sömu frétt að sjóðurinn hafi verið rekinn með halla. Hið rétta er að sjóðurinn var rekinn með 16 milljóna króna hagnaði í fyrra.

Ljósahönnuður á tónleikum Högna Egilssonar í Hörpu var rangnefndur í dómi sem birtist í Fréttablaðinu miðvikudaginn 1. júní. Magnús Helgi Kristjánsson sá um ljósahönnun á tónleikunum á vegum Exton ehf.

Sænski rithöfundurinn Kajsa Ingemarsson var gestur á höfundakvöldi í Norræna húsinu á miðvikudag en ekki á fimmtudag, eins og ranghermt var í blaðinu í gær.

# Eyjamenn líkja frumvarpi ríkisstjórnarinnar við árás

**Störf á þriðja hundrað manna í Eyjum og Fjarðabyggð eru í hættu fari kvótafrumvarpið óbreytt í gegnum Alþingi. Útvegsbændur segja útreikninga sem þeir gerðu sjálfir hafa komið á óvart. Gæti gert Fjarðabyggð erfitt að standa við skuldbindingar sínar, segir Jens Garðar Helgason, formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Fyrirhuguð skerðing á aflaheimildum kvótafrumvarpsins sem liggur fyrir Alþingi jafngildir því að 250 til 260 störf í veiðum og vinnslu tapist hjá sjávarútvegsfyrirtækjum í Vestmannaeyjum og Fjarðabyggð. Svæðin eru umsvifamest í uppsjávarvinnslu og koma breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu þar harðar niður.

„Þetta er árás á Vestmannaeyjar,“ sagði Stefán Friðriksson, formaður Útvegsbænda í Eyjum og framkvæmdastjóri Ísfélags Vestmannaeyja. Fyrirhuguð skerðing kemur þar harðast niður. Hún jafngildir 150 til 160 störfum í veiðum og vinnslu. Það er svo álíka mikið og aflaheimildir tíu af fjórtán útgerðarfélögum í Eyjum.

Útvegsmannafélagið og Útvegsbændafélag Vestmannaeyja kynntu í gær niðurstöður útreikninga sinna um áhrif kvótafrumvarpsins.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að aflaheimildir í Vestmannaeyjum skerðist um 15.511 þorskígildistonn en um 13.300 þorskígildistonn í Fjarðabyggð. Helmingur skerðingarinnar kemur til fyrsta árið. Miðað er við meðaltalsúthlutun síðastliðinna tuttugu ára þegar lögin verða komin að fullu til framkvæmda eftir fimmtán ár. Meðaltalið hljóðar upp á sex hundruð þúsund þorskígildistonn. Aflaheimildir hafa verið skertar verulega síðan þá og voru tvö hundruð þúsund tonnum minni í fyrra.

„Þetta er ekki til þess gert að styrkja íslenskan sjávarútveg,“ segir Gunnþór Ingvason, formaður Útvegsmannafélags Austfjarða og framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Hann segir frumvarpið setja störf fólks í uppnám og muni hann neyðast til að grípa til uppsagna.

Fleiri sem hagsmuna eiga að gæta í sjávarútvegi, svo sem frá Vinnslustöðinni, Samtökum atvinnulífsins og Landssamtökum íslenskra útvegsmanna, LÍÚ, voru viðstaddir kynningu á útreikningunum og gagnrýndu harkalega vinnubrögð stjórnvalda við vinnslu frumvarpsins. Þeir sögðu stjórnvöld ekki hafa unnið með útgerðinni að vinnslu frumvarpsins, því hafi verið kastað fram en síðan sest niður til að reikna út afleiðingarnar. Þeir Stefán og Gunnar lögðu báðir á það ríka áherslu að fyrirtækin hafi hagrætt mikið í rekstri og gætu þau þurft að leggja skipum fari frumvarpið að mestu óbreytt í gegn.

Niðurstöður útreikninganna komu mönnum á óvart þegar þær lágu fyrir á miðvikudag. Þær hafa þegar verið kynntar í Eyjum og fyrir forystumönnum LÍÚ og SA. Óskað hefur verið eftir fundi með þingmönnum kjördæmisins af sama tilefni eftir helgina. Þverpólitísk andstaða er gegn óbreyttu frumvarpinu í Fjarðabyggð.

**jonab@frettabladid.is**

## Fjarðabyggð gæti orðið af milljörðum



**ÚTREIKNINGAR SEM KOMU Á ÓVART** Útvegsbændur í Eyjum og Fjarðabyggð segja stjórnvöld gera allt til að gera þeim erfitt fyrir. „Ég mun þurfa að segja upp fólki,“ segir Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Við gætum orðið af gríðarlegum tekjum, hundruð milljóna á hverju ári í hafnar- og vörugjöldum og síðan sjáum við fram á að fólki gæti fækkað verði skipum lagt. Heildaráhrifin gætu orðið þau að tekjuflæði til sveitarfélagsins muni snarminnka. Það er ekki hægt að bæta upp með byggðakvótum eða öðru slíku,“ segir Jens Garðar Helgason, formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar.

Hann bendir á að áhrif á útvegsfyrirtæki í Fjarðabyggð geti gert sveitarfélaginu erfitt fyrir. Rekstur þess sé þungur og dýr, með sex byggðakjarna, skóla í fimm þeirra og háar skuldir eftir uppbygginu og fjárfestingu vegna álversframkvæmda.

„Síðastliðna sextán mánuði höfum við varið sextíu milljónum króna í endurbætur á smábátahöfninni á Stöðvarfirði vegna strandveiða. Við höfum ekki fengið krónu af byggðakvóta á móti. Útgerðarfélagið Eskja hefur á sama tíma greitt 82 milljónir króna í þjónustugjöld til Fjarðabyggðar, verslað við fyrirtæki og keypt þjónustu þar fyrir 639 milljónir króna,“ segir Jens og bætir við að laun og launatengd gjöld Eskju hafi í fyrra numið 2,2 milljörðum króna. Fimm hundruð manns vinna við sjávarútveg í Fjarðabyggð. Miðað við niðurstöður útvegsbænda á afleiðingum kvótafrumvarpsins gæti það komið niður á fimmtungi starfsfólks fyrirtækjanna.


Úrval af málverkum
Frábær verð



Gallery Art 2b
Erum á móti IKEA
Kauptún 3 - Garðabær - S. 5 33 22 00 - www.art2b.is


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**BEST EYSTRA** Veðrið mun að öllum líkindum leika við íbúa Austurlands á morgun en spáð er bjartviðri og allt að 15 stiga hita. Annars sæmilegt veður í öðrum landshlutum en áfram er heldur ákveðin vestanátt með skúrum. Snýst í norðlæga átt á sunnudag.



Á MORGUN 8-13 m/s.

SUNNUDAGUR 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 21° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 25° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 24° |
| París | 23° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú að banna eigi sölu á tóbaki annars staðar en í apótekum?*

| | |
|---|---|
| Já | 26,0% |
| Nei | 74,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Finnst þér Ásmundur Einar Daðason passa frekar inn í Framsókn en VG?*

Segðu þína skoðun á visir.is

RARIK hyggst bíða þess að vinnu við rammaáætlun stjórnvalda ljúki:

# Fara ekki í boranir í Grændal um sinn

**UMHVERFISMÁL** Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK, tilkynnti í gær að ekki yrði farið í neinar rannsóknir í Grændal í Ölfusi þar til vinnu við rammaáætlun stjórnvalda um vernd og nýtingu náttúrusvæða er lokið. Orkustofnun hafði veitt dótturfélagi RARIK, Sunnlenskri orku, rannsóknarleyfi á svæðinu en Hveragerðisbær, Umhverfisráðuneytið og ýmis náttúruverndarsamtök höfðu lagst gegn veitingu leyfisins.

Grændalur er gróðri vaxinn dalur rétt fyrir ofan Hveragerði þar sem finna má hveri, gíga og volgar lindir. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sagt Grændal vera svæði með verndargildi á heimsvísu og verðskulda hámarksvernd.



**HVERAGERÐI** Töluverður jarðhiti er í nágrenni Hveragerðis en RARIK hefur stefnt á að hefja rannsóknir á nýtingarmöguleikum jarðorkunnar á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra sagði í kvöldfréttum RÚV í gær að niðurstaðan í málinu væri ríkisstjórninni að skapi og að ljóst væri að ef svæðið verði metið hafa verndargildi í vinnu við rammaáætlun, þá verði ekki farið í boranir á svæðinu.

Í fréttatilkynningu frá umhverfisverndarsamtökunum Landvernd um málið er þess krafist að stjórnvöld tryggi að náttúru Grændals verði ekki raskað þrátt fyrir ákvörðun Orkustofnunar. Við þeirri kröfu hefur nú verið brugðist. **- mþl**




# Mannréttindi hafa fengið meira vægi

**Drög að skýrslu SÞ um ástand mannréttindamála á Íslandi komin út. Landið stendur jafnfætis nágrannaríkjunum en víða má gera betur, segir Mannréttindaskrifstofa Íslands. Allsherjarnefnd vill þyngja refsingar við mansali.**

**MANNRÉTTINDI** Ástand mannréttindamála á Íslandi er sambærilegt við það sem gerist í nágrannalöndunum. Víða er þó pottur brotinn og ýmsar athugasemdir voru gerðar við stöðu mála í skýrslu sem kynnt var á þriðjudag.



**MARGRÉT STEINARSDÓTTIR**

Skýrslan er hluti af verkefni Sameinuðu þjóðanna (SÞ) sem kallast Universal Periodic Review. Um er að ræða fjögurra ára verkefni þar sem mannréttindamál eru skoðuð í aðildarríkjum SÞ. Að fjórum árum liðnum er gerð önnur könnun og það metið hvað úr hefur ræst.

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, segir skýrsluna um margt jákvæða og er ánægð með vinnuna við hana. Leitað hafi verið til fjölmargra aðila um umsagnir og enn sé tími til að koma athugasemdum á framfæri.

Mannréttindaskrifstofan gerði ýmsar athugasemdir og Margrét segir að þrátt fyrir að staða mála sé um margt góð hér á landi, megi alltaf bæta ástandið. Til að mynda megi nefna að Ísland sé ekki aðili að, eða ekki búið að fullgilda, ýmsa samninga SÞ.

Þar megi nefna viðauka um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem kveða á um rétt einstaklinga til að kæra brot til eftirlitsnefndar samningsins. Þá sé reglum um vernd réttinda farandverkamanna og fjölskyldna þeirra í ýmsu ábótavant.

„Meðal þess sem við höfum einnig gagnrýnt er að það er skylda stjórnvalda að tryggja að allir geti lifað mannsæmandi lífi. Við höfum bent á að framfærslu öryrkja og lífeyrisþega verði að skoða með þetta í huga,“ segir Margrét.

Hún bendir einnig á að hér á landi njóti lífsskoðunarfélög á borð við Siðmennt ekki sömu réttinda og trúfélög. Þau síðarnefndu fá framlög frá ríkinu í hlutfalli við félagafjölda en ekki þau fyrrnefndu.

„Þá höfum við einnig vakið athygli á stöðunni varðandi kynbundið ofbeldi, ekki síst hjá erlendum konum, en erlendar konur eru hlutfallslega fleiri þeirra sem koma til dvalar í Kvennaathvarfinu en þeirra íslensku,“ segir Margrét. Hún segir hins vegar að mannréttindi hafi almennt fengið meira vægi í samfélaginu og staða þeirra batnað undanfarin ár.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**MANNLÍF** Ísland stendur svipað nágrannalöndunum þegar kemur að mannréttindamálum. Mannréttindaskrifstofa Íslands leggur til ýmsar umbætur í málaflokknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Þyngri refsingar

Allsherjarnefnd Alþingis vill að hegningarlögum sé breytt og refsing fyrir mansal verði hækkuð úr átta í tólf ára fangelsi. Þá er mælt með því að mansalsbrot tæmi ekki sök gagnvart öðrum mjög alvarlegum frelsissviptingarbrotum, líkt og nú er. Slík brot valdi þyngri refsingu en ef brotið er gegn mansalsákvæði hegningarlaganna. Allsherjarnefnd samþykkti frumvarp þar um á þriðjudag.




Lettneska þingið kaus Andris Berzin í forsetaembætti landsins:

# Óvæntur sigur auðkýfings

**LETTLAND, AP** Andris Berzin var í gær kosinn forseti Lettlands. Það er þing landsins sem kýs forseta, og þurfti að kjósa tvisvar í gær því enginn fékk meirihluta í fyrri umferð.

Berzin er 66 ára gamall fyrrverandi bankastjóri, auðugur mjög en situr á þingi fyrir Bandalag græningja og bænda, sem er einn þeirra hægri- og miðjuflokka sem eiga aðild að samsteypustjórn Valdis Dombrovskis forsætisráðherra.

Fyrir fáeinum dögum þótti núverandi forseti, Valdis Zatler, öruggur um endurkjör, en spillti möguleikum sínum um síðustu helgi þegar hann boðaði til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort rjúfa ætti þing og gagnrýndi þingið jafnframt harðlega.

Zatler sagði þingmennina upp til hópa veika fyrir mútum og spillingu. Hann sagðist jafnframt gera sér fulla grein fyrir því að með þessu myndi hann spilla fyrir möguleikum sínum á endurkjöri.

Lettland fór illa út úr kreppunni, þurfti að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fara út í strangar aðhaldsaðgerðir.

Barzin segist ekki ætla að nota embættið til að skara eld að köku auðmannastéttar landsins. **- gb**



**ANDRIS BERZIN** Vellauðugur þingmaður Bandalags græningja og bænda brosmildur að loknu kjöri. NORDICPHOTOS/AFP



# Í svefnherbergið

## Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

NÝTT
12 mánaða vaxtalausar greiðslur





### Júnítilboð

| Stærð | Verð áður | Tilboð |
|---|---|---|
| 80x200 | 69.900 kr. | 64.900 kr. |
| 90x200 | 69.900 kr. | 64.900 kr. |
| 120x200 | 84.900 kr. | 74.900 kr. |
| 140x200 | 89.900 kr. | 79.900 kr. |
| 153x203 | 99.900 kr. | 94.900 kr. |

## VALHÖLL

Bonnel gormakerfi, gæðabólstrun, sterkar kantstyrkingar, góð nýting á svefnfleti



## SAGA

**Hágæða heilsudýna**

7 svæðaskipt pokagormakerfi með góðum lágbaksstuðningi og mýkra og betra axlasvæði. Vönduð yfirdýna með 4cm þrýstijöfnunarefni og eggjabakka. Vandaðar steyptar kantstyrkingar sem fullkomna nýtingu á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 90x200 | 89.900 kr. |
| 100x200 | 94.900 kr. |
| 120x200 | 109.900 kr. |
| 140x200 | 119.900 kr. |
| 153x203 | 129.900 kr. |
| 160x200 | 134.900 kr. |
| 180x200 | 149.900 kr. |
| 180x210 | 159.900 kr. |
| 193x203 | 169.900 kr. |



## ÞÓR

**Hágæða heilsudýna**

7 svæðaskipt tvöfalt pokagormakerfi með góðum lágbaksstuðningi og mýkra og betra axlasvæði. Vönduð yfirdýna með 4cm þrýstijöfnunarefni og eggjabakka. Vandaðar steyptar kantstyrkingar sem fullkomna nýtingu á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 100x200 | 104.900 kr. |
| 120x200 | 124.900 kr. |
| 140x200 | 139.900 kr. |
| 153x203 | 149.900 kr. |
| 160x200 | 154.900 kr. |
| 180x200 | 174.900 kr. |
| 180x210 | 189.900 kr. |
| 193x203 | 199.900 kr. |



## IQ-CARE

**Ein besta heilsudýna í heimi,** háþróuð þrýstijöfnunarheilsudýna, með 7 svæðaskiptum svefnfleti, mjúk og þægileg við axlasvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 90x200 | 144.900 kr. |
| 100x200 | 149.900 kr. |
| 120x200 | 164.900 kr. |
| 140x200 | 179.900 kr. |
| 153x203 | 179.900 kr. |
| 160x200 | 199.900 kr. |
| 180x200 | 229.900 kr. |
| 180x210 | 249.900 kr. |
| 193x203 | 259.900 kr. |

**Öll verð með íslenskum botni og fótum**




Svefn & heilsa
★★★★★

www.svefn.is




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

**FRÉTTAVIÐTAL:** Tarvi Martens þróunarstjóri rafrænna skilríkja í Eistlandi

# Æ fleiri Eistar velja rafrænar kosningar

**Tarvi Martens sér ekki fyrir sér að netkosningar komi nokkurn tímann alveg í staðinn fyrir hefðbundnar kosningar. Þær verði hins vegar valkostur fyrir sífellt stækkandi hóp kjósenda. Stærsta vandamálið leyst með rafrænum skilríkjum.**



**TARVI MARTENS** Lykilmaður í þróun rafrænna kosninga í Eistlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Fólk kýs heima hjá sér eða á vinnustað, hvar sem það kemst í tölvu," segir Tarvi Martens, sem frá upphafi hefur verið lykilmaður í rafrænum kosningum í Eistlandi. „Það eina sem þarf er rafrænt skilríki og svo tölva með snjallkortslesara, viðeigandi forrit og svo þarf nettengingu. Snjallkort með rafrænum skilríkjum eru samt lykilforsendan, án þeirra væri þetta vonlaust því með þeim er stærsta vandamálið leyst, nefnilega að ganga úr skugga um hver það er sem situr við tölvuna og greiðir atkvæði."

Eistlendingar eru í fararbroddi rafrænna kosninga í heiminum. Þreifingar hófust þar strax árið 1996, markviss undirbúningur fór af stað 2002 og fyrstu þingkosningarnar árið 2005.

„Síðan þá höfum við fimm sinnum haldið netkosningar, bæði í almennum kosningum, sveitarstjórnarkosningum og kosningum til Evrópuþingsins."

Eistar hafa tekið vel í þetta. Í fyrsta skiptið tóku innan við tíu þúsund kjósendur þátt, en það voru um það bil tvö prósent allra kjósenda. „Nú síðast var þetta komið upp í 141 þúsund manns, eða um fjórðungur kjósenda. Vinsældir netkosninganna hafa sem sagt vaxið hratt og nú er þátttakan orðin almenn."

Hann segist ekki sjá fyrir sér að rafrænar kosningar taki alfarið við af hefðbundnum kosningum, hvorki í næstu framtíð né síðar meir.

„Þetta átti aldrei að koma í staðinn fyrir neitt annað, og þá ekki pappírskosningar því enn eru margir sem vilja halda hefðirnar í heiðri. Fólk vill geta klætt sig í sparifötin á sunnudegi og farið á kjörstað. Við getum ekki sagt við þetta fólk: Nei, þetta má ekki lengur, nú ætlum við að koma með ljótu tölvurnar handa ykkur í staðinn fyrir þetta allt. Þetta átti að vera valkostur og annað stóð aldrei til."

Tarvi var hér á landi í vikunni til þess að ræða við íslensk stjórnvöld og átti meðal annars fund með Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra.

Hann segir allar forsendur fyrir hendi hér á landi til þess að fara af stað með rafrænar kosningar, núna strax ef viljinn er fyrir hendi.

„Það eina sem þarf til er pólitískur vilji. Í Eistlandi byrjaði þetta allt saman með því að einn stjórnmálaflokkur fékk þessa hugmynd, að bjóða fólki að kjósa á netinu, og fór af stað með það."

Hér á landi er tölvunotkun almenn og margir eru komnir með snjallkort með rafrænu skilríki. Hann segir pólitískan vilja í raun það eina sem á vantar.

„Þegar landfræðileg skilyrði hér eru skoðuð koma líka ótvíræðir kostir í ljós. Ég tel fullvíst að margt fólk á landsbyggðinni, sem er með nettengingu en á erfitt með að komast langa vegalengd á kjörstað í erfiðum veðrum, eigi eftir að taka þessu fagnandi. Það tekur ekki nema fjörutíu sekúndur að greiða atkvæði á netinu."

gudsteinn@frettabladid.is

## Netkosningar í Eistlandi

Eistland hefur árum saman verið í fararbroddi þeirrar þróunar að gefa fólki kost á að greiða atkvæði með rafrænum hætti í gegnum internetið. Internetnotkun er mjög almenn í Eistlandi og flestir íbúar landsins eru komnir með rafræn skilríki, sem gerir þeim kleift að sanna deili á sér í gegnum netið. Í framkvæmd virka netkosningarnar svipað og utankjörstaðakosning, því fólk getur mætt á kjörstað á kjördag þótt það hafi áður greitt atkvæði á netinu og þar með ógilt netatkvæði sitt. Tarvi Martens hefur frá upphafi stjórnað framkvæmd rafrænna kosninga í Eistlandi.

> Í Eistlandi byrjaði þetta allt saman með því að einn stjórnmálaflokkur fékk þessa hugmynd, að bjóða fólki að kjósa á netinu, og fór af stað með það.




Europe's Leading Cruise Line WINNER 2008 & 2009

Mikið úrval skemmtisiglinga fyrir einstaklinga og hópa.

VIKU SIGLING OG ÞRJÁR NÆTUR Í BARSELÓNA.
MIÐJARÐARHAFIÐ, BARCELONA, LIVORNO, FLÓRENS, PISA, RÓM, NAPÓLI, POMPEI OG PALMA MALLORKA
10.-20. SEPTEBER
MEÐ NORWEGIAN EPIC
NÝJASTA SKIPI NORWEGIAN CRUISE LINE
Verð frá kr. 325.000

FERÐALÝSING
10. sept: Keflavík - Barcelona..
11. sept: Farið um borð í Epic um hádegi og lagt úr höfn kl. 18:00.
12. sept: Skemmtisigling.
13. sept: Livorno, Flórens og Pisa.
14. sept: Civitavecchia(Róm)
15. sept: Napoli og Pompei.
16. sept: Skemmtisigling
17. sept: Palma Mallorka
18. sept: Barcelona
19. sept: Barcelona.
20. sept: Barcelona –Keflavík
Fararstjóri: Skúli Unnar Sveinsson

SKEMMTISIGLING MEÐ GLÆSISKIPI

betristofan.is

**Norwegian EPIC** er nýjasta skipið í flota NCL skipafélagsins og er það 156.000 tonn, 329 metra langt og 40 metra breitt. Sannkallað fljótandi lúxushótel þar sem veitingastaðir og barir eru á hverju horni ef svo má segja. NCL var fyrst skipafélaga til að bjóða upp á svokallað Freestyle Cruising en slík skemmtisigling er um margt frábrugðin þeim sem hingað til hafa verið viðhafðar, til dæmis getur fólk farið og borðað þegar það vill og gert það sem það langar til, þegar því hentar. Um borð eru fjöldi veitingastaða, asískur, japanskur, bandarískt steikhús, sushi, franskur og þannig mætti lengi telja.

FULLT FÆÐI OG ÖLL AFÞREYING UM BORÐ INNIFALIÐ Í VERÐI

JÓLAFERÐ TIL BHAMA
17 – 27. desember
Verð frá kr. 280.000
Fararstjóri: Skúli Unnar Sveinsson

RÓM, GRIKKLAND, TYRKLAND OG EGYPTALAND
25. október til 6. nóvember
10 daga sigling og 2 nætur í Róm
Verð frá kr. 340.000
Fararstjóri: Skúli Unnar Sveinsson

AÐEINS 8 SÆTI LAUS

Lágmarksþátttaka er 16 manns.
Norræna ferðaskrifstofan áskilur sér rétt til að fella niður ferðina ef ekki er næg þátttaka.

NCL FREESTYLE CRUISING

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

www.norræna.is

NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN

Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8600 · Fax: 552 9450 · Netfang: info@smyril-line.is



Í tilefni af
20 ára afmæli
The Body Shop
á Íslandi:

# 25% afsláttur

af verði allra vörutegunda

Dagana
3. - 5.
júní

THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI
SMÁRALIND
GLERÁRTORGI

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hver mun fara með hlutverk Bilbó Bagga í Hobbit-myndinni?*

2 *Hvað heitir forsætisráðherra Japans?*

3 *Hvar á landinu er verið að reisa Carbon Recycling-verksmiðjuna?*

**SVÖR**

1. Martin Freeman 2. Naoto Kan 3. Svartsengi á Reykjanesi

Tíu til fimmtán prósenta aukning hefur orðið í sumarferðum síðustu ár:

# Íslendingar sækja aftur í sólina

**FERÐAMÁL** Aukin ásókn hefur verið í sólarlandaferðir hjá Íslendingum síðustu tvö ár. Hjá Úrval-Útsýn hefur verið tíu til fimmtán prósenta aukning í ferðir á milli ára.

„Stóra breytingin er sú að fólk er að bóka sig með meiri fyrirvara en áður. Nú virðist það ákveðnara í að fara,“ segir Þorsteinn Guðjónsson, forstjóri Úrvals-Útsýnar.

Að sögn Þorsteins varð um 50 prósenta samdráttur í slíkar ferðir eftir efnahagshrunið. Samdrátturinn hafi helst verið hjá ungu fólki eða fólki sem var nýkomið út á fasteignamarkaðinn.



**SÓLSTRANDALÍF** Eftir samdráttarskeið njóta ferðalög til heitra og sólríkra staða nú vaxandi vinsælda.

„Sá hópur datt að mestu leyti út eftir hrunið en er farinn að hreyfa sig á ný. Það varð mun minni samdráttur í ferðum hjá eldra fólki.“

Þorsteinn segir að Íslendingar sæki sem fyrr í sólina. Úrval-Útsýn bjóði til að mynda upp á fimm áfangastaði á suðrænum slóðum í sumar, þar á meðal Barcelona, Tenerife, Alicante og Almeria sem er nýr áfangastaður.

„Við reynum alltaf að vera með einhverjar nýjungar en síðustu ár virtist sem fólk vildi bara ganga að einhverju vísu, eitthvað sem það vissi að væri öruggt. Nú erum við hins vegar farin aftur af stað með nýjungar og það virðist falla vel í kramið hjá Íslendingum.“ **- kh**

Auschwitz-skiltið úr viðgerð:

# Verður ekki sett upp yfir hliðið

**PÓLLAND, AP** Skiltið alræmda, sem stóð yfir hliði útrýmingarbúða þýskra nasista í Auschwitz í Póllandi, verður ekki sett aftur á sinn gamla stað. Það er nú komið úr viðgerð en verður sett upp inni í sýningarsal þar sem gestir geta virt það fyrir sér.

Skiltinu var stolið árið 2009 en fannst fljótlega aftur, þá verulega skemmt.

Á skiltinu standa orðin „Arbeit macht frei“ eða „vinnan gjörir yður frjálsa“. **- gb**

Kvarta vegna Vatnajökuls:

# Félög ósátt við nýja áætlun

**ÚTIVIST Ferðaklúbburinn 4X4 og Skotveiðifélag Íslands hafa kvartað til umboðsmanns Alþingis vegna verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs. Umhverfisráðherra staðfesti nýja áætlun í febrúar.**

**Félögin eru ósátt við að sjónarmið þeirra hafi ekki verið höfð til hliðsjónar við ákvörðunina. Í kvörtuninni segir meðal annars að ráðherra skýli sér á bak við það að haft hafi verið samráð við fulltrúa frjálsra félagasamtaka. „Ljóst er að svokölluð frjáls félagasamtök eru samtök fólks með sérstakan áhuga á náttúruvernd. Þessi samtök eru ekki sérstaklega með útivist á stefnuskrá sinni. Þetta samráð er því alls ekki það sama og samráð við fulltrúa útivistarfélaga,“ segja félögin.** **- sv**

Ríkisstjórnin ósammála um samningsmarkmið:

# Ágreiningur tefur aðildarviðræðurnar

**STJÓRNMÁL** Ágreiningur í ríkisstjórninni um samningsmarkmið í aðildarviðræðum við ESB tefur undirbúning viðræðnanna. Hinar eiginlegu aðildarviðræður eiga að hefjast af fullum krafti í lok mánaðarins. Frá þessu var greint í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.



**JÓN BJARNASON**

Ágreiningurinn snýst um samningsmarkmið í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum. Í meirihlutaáliti utanríkismálanefndar Alþingis um viðræðurnar kemur fram að augljósustu áhrif ESB-aðildar á tollamál hér væru þau að Ísland þyrfti að taka upp tollskrá ESB og þar með leggja niður alla tolla gagnvart svæðinu. Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, vill hins vegar hvergi hvika frá kröfu Bændasamtakanna um áframhaldandi fulla tollvernd íslenskra matvæla eftir aðild.

Í frétt stöðvar 2 kom fram að þeir sem standa nálægt viðræðunum fullyrða að undirbúningsvinna vegna þeirra sé nú stopp því ljóst sé að tollvernd verði aldrei haldið til streitu gagnvart ESB. Leysa þurfi málið við ríkisstjórnarborðið áður en lengra er haldið. **- mþl**



**FYLGST MEÐ HERSÝNINGU** Hamid Karzai, forseti Afganistans, horfir á sýninguna meðan Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, og Amr Moussa, framkvæmdastjóri Arababandalagsins, eiga í alvörugefnum samræðum. NORDICPHOTOS/AFP

# Haldið upp á afmæli Ítalíu

**Þjóðhöfðingjar frá áttatíu löndum hittust í Róm í gær til að fagna tvöföldu afmæli með Berlusconi.**

**ÍTALÍA** Ítalir efndu í gær til hátíðarhalda í tilefni þess að 150 ár eru liðin frá því að Ítalía sameinaðist í eitt ríki og 50 ár frá því að núverandi lýðveldisfyrirkomulag var tekið upp.

Þjóðhöfðingjum frá áttatíu löndum var boðið til Rómar þar sem þeir komu sér vel fyrir í gærmorgun og fylgdust með hersýningu. Um kvöldið var svo snæddur hátíðarkvöldverður í boði Giorgio Napolitano forseta í Quirinale-höllinni.

Alls tóku um fjögur þúsund hermenn þátt í hersýningunni en með henni fylgdust tuttugu þúsund manns.

Meðal gestanna voru Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff, en þarna voru einnig Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti og Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna.

Einnig voru mættir Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, og Herman van Rompuy, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins. Þarna var einnig Amr Moussa, framkvæmdastjóri Arababandalagsins, og þarna voru einnig forsetar Ísraels og Afganistans.

Silvio Berlusconi, hinn umdeildi forsætisráðherra Ítalíu, naut sín í miðju atburðanna og lék á als oddi. Umberto Bossi, fyrrverandi samstarfsmaður Berlusconi í pólitíkinni en núverandi fjandvinur hans, lét hins vegar ekki sjá sig.



**MEDVEDEV OG BERLUSCONI** Forsætisráðherra Ítalíu tók á móti tignargestunum með bros á vör. NORDICPHOTOS/AFP

Napolitano forseti gaf athöfnunum hins vegar virðulegan blæ, mitt í umróti hneykslismála sem Berlusconi hefur glímt við síðustu vikur og mánuði.

Í gær var nákvæmlega hálf öld liðin frá því að Ítalir stofnuðu lýðveldi á rústum fasistaríkis Mussolini einræðisherra. Hinn 17. mars síðastliðinn héldu Ítalir hins vegar upp á annað afmæli, sem einnig blandaðist inn í hátíðarhöldin í gær, en þá voru 150 ár liðin frá því að ítölsku furstadæmin sameinuðust í eitt ríki.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**HERSÝNING** Um sjö þúsund ítalskir hermenn tóku þátt. NORDICPHOTOS/AFP




Landsdómsmálið á vefinn:

## Allt um málið á einum stað

**LANDSDÓMUR Saksóknari Alþingis hefur opnað sérstakan vef þar sem er að finna upplýsingar um málshöfðun Alþingis gegn Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra.**

**Á vefnum, sakal.is má finna öll gögn um málið sem hafa verið gerð opinber en Geir er ákærður fyrir brot framin af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi í embættisfærslu hans sem forsætisráðherra frá febrúar til október árið 2008. Mál Geirs fyrir Landsdómi verður þingfest á þriðjudag.**

Talið að ríkissjóður gefi í haust út skuldabréf fyrir 500 milljónir evra:

# Erlend útgáfa skuldabréfa er í bígerð

**VIÐSKIPTI** Ríkissjóður undirbýr fyrstu erlendu skuldabréf sín á markaði frá árinu 2006. Að mati Greiningar Íslandsbanka er líklegt að ráðist verði í útgáfuna í haust og að miðað sé við að gefa út skuldabréf á árinu fyrir 500 milljónir evra. Upphæðin jafngildir 82,5 milljörðum króna.

„Hagfelld þróun Icesave-málsins og nýlegar ákvarðanir matsfyrirtækja að lækka ekki lánshæfi ríkissjóðs í erlendri mynt eru lykillinn að þessari útgáfu,“ segir í umfjöllun Greiningar í gær. Vísað er til þess að fréttaveita Reuters hafi haft eftir einum af umsjónaraðilum væntanlegrar útgáfu að verið væri að skipuleggja fundaröð með fjárfestum á næstu vikum vegna útgáfunnar. „Erlendu bankarnir Barclays Capital, Citigroup og UBS verða umsjónaraðilar með útgáfunni.“

Bent er á það í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka að á næstu tólf mánuðum séu á gjalddaga tveir skuldabréfaflokkar ríkissjóðs í evrum, samtals 454 milljónir evra.

„Líklegt er að ríkissjóður hafi hug á því að hin nýja útgáfa muni að minnsta kosti nægja til endurfjármögnunar á framangreindri fjárhæð, enda þarf að öðrum kosti að taka þá fjármuni út úr gjaldeyrisforða Seðlabankans.“ - óká



**PENINGAR** Sérfræðingar Greiningar Íslandsbanka telja að ríkið muni á árinu gefa út skuldabréf til að standa straum af gjalddögum eldri bréfa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**STOKKHÓLMUR** Framhald er á öflugum hagvexti síðasta árs í Svíþjóð og dregið hefur úr atvinnuleysi.

Svíar koma vel undan kreppu:

## Hverfa frá vægum hallarekstri

**SVÍÞJÓÐ** Fráhvarf Svía frá efnahagssamdrætti er afgerandi, segir í nýju áliti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sendinefnd sjóðsins hefur skilað reglubundinni skýrslu um efnahagsmál í Svíþjóð.

Bent er á að áframhald sé á öflugum hagvexti síðasta árs, dregið hafi úr atvinnuleysi og verðbólga sé nærri markmiði. Þá hafi tök náðst á vandamálum sem plagað hafi fjármálakerfi landsins, auk þess sem bætt hafi verið úr ríkisfjármálum. Líkur séu á að horfið verði frá vægum fjárlagahalla síðasta árs og afgangur verði aftur á ríkisrekstrinum líkt og venja hafi verið. Skuldir hins opinbera nema 40 prósentum af landsframleiðslu og eru á niðurleið. - óká

Veiktist um borð í Hafsúlunni:

## Fluttur með þyrlu á spítala

**BJÖRGUN Farþegi um borð í hvalaskoðunarskipinu Hafsúlunni veiktist síðdegis í gær og var óskað eftir aðstoð í gegnum Neyðarlínuna.**

**Þyrla Landhelgisgæslunnar fór þegar í stað á loft og bráðatæknar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins fóru á staðinn með Höllu Jóns, björgunarbáti Landsbjargar. Hafsúlan var þá stödd um eina og hálfa sjómílu norður af Gróttu.**

**Sjúklingurinn, sem var með hjartsláttartruflanir, var hífður um borð í þyrluna og fluttur á Landspítalann í Fossvogi. Um 45 mínútur liðu frá því að beiðni um aðstoð barst og þar til sjúklingurinn var kominn á spítala.** - aþ

Sóknaráætlun tilbúin 2013:

## Tímaáætlun 2020 samþykkt

**EFNAHAGSMÁL** Sóknaráætlanir landshluta, í tengslum við stefnu ríkisstjórnarinnar, Ísland 2020, verða unnar á tímabilinu júní 2011 til mars 2012. Samhliða fjárlagagerð fyrir árið 2013 á einnig að vinna að gerð fjárfestingaráætlunar fyrir árin 2013 til 2020 sem verði tilbúin haustið 2012. Þetta var samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar á þriðjudag.

Með áætluninni á að vinna að einföldun, fækkun og samþættingu opinberra stefna og áætlana og munu ríki og sveitarfélög vinna náið saman að uppbyggingu og forgangsröðun fjárfestingaverkefna í landshlutum. - kóp




föstudagur **Föstudagsviðtalið** Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri og ferðaþjónustan á Íslandi

# Íslendingar ferðist á gossvæðið

Eldgos hafa ekki aðeins áhrif á ferðir erlendra ferðamanna heldur líka innlendra. **Ólöf Ýrr Atladóttir** ferðamálastjóri hvetur fólk til að heimsækja gossvæðið í sumar. Hún ræddi ýmis málefni ferðaþjónustunnar við *Þórunni Elísabetu Bogadóttur.*



**FERÐAMÁLASTJÓRI** Engin ástæða er til þess að forðast ferðalög um gossvæðið í sumar, segir Ólöf Ýrr. Þvert á móti er samspil ösku og íss áhrifaríkt og fallegt. Þá er um að gera að hjálpa þeim fyrirtækjum á svæðinu sem urðu fyrir búsifjum vegna gossins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mér finnst alltaf betra að fara varlega í að spá fyrir um hlutina áður en þeir eru í hendi. Það getur ýmislegt komið upp á, samanber atburði síðustu vikna,“ segir Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri spurð um fullyrðingar um að sumarið nú stefni í að verða hið besta í ferðaþjónustu á Íslandi. Hún segir þó ekki ástæðu til annars en að ætla að sumarið verði gott. Ekki megi hins vegar gleyma því að verið sé að tala um ferðaþjónustuna allt árið, ekki bara sumarið.

„Samkvæmt talningum okkar úr Leifsstöð var töluverð aukning fyrstu þrjá mánuði ársins. Ef ég man rétt var þrettán prósenta aukning milli ára, svo það er greinilegt að árið byrjaði vel.“

### Viðbrögðin betri við gosinu

Ekki er hægt að bera saman tölur frá apríl og maí, þar sem þeir mánuðir í fyrra voru mjög óvenjulegir vegna gossins í Eyjafjallajökli. Gosið í Grímsvötnum nú truflaði aðeins flug í nokkra daga. „Það hafði engan veginn sömu áhrif út á við og gosið í fyrra. Það hafði tiltölulega lítil áhrif á alþjóðlegar samgöngur, sem var það sem kannski skipti fyrst og fremst máli í fyrra, að fólk erlendis upplifði vandamálin sem komu upp á eigin skinni. Við upphaf þessa goss fór fólk strax í viðbragðsstöðu, kannski í þjálfun vegna þess hversu stutt er liðið frá fyrra gosi. Í fyrra upplifði ferðaþjónustan í fyrsta sinn í langan tíma eldgos sem var ekki túristagos. Viðbragðsteymi ferðaþjónustunnar var fljótt kallað til, en menn þurftu þá nokkra daga til að átta sig á því hvaða viðbragða væri þörf, vegna þess að þetta hafði aldrei gerst áður. Við þurftum því að slípa okkur. En núna þegar gosið fór af stað fór teymið af stað um leið.“

Ólöf segist auðvitað vonast til þess að það verði ekki árviss viðburður að bregðast þurfi við öskugösum, en nú verði haldið í verklag sem komið hafi verið upp við síðustu gos. „Þetta er verklag sem sýndi sig að virkaði mjög vel. Það sem við þurfum að gera núna er að setja á blað viðbragðsreglur við þeirri vá sem komið getur upp gagnvart ferðaþjónustunni þegar náttúruhamfarir verða.“

> Ég vil frekar horfa til þess hvernig fyrirtækjunum reiðir af. Hversu mörg störf við sköpum, hvernig við umgöngumst þá auðlind sem ferðaþjónustan byggir á og hvort verið sé að skapa heilsársstörf.

### Líka áhrif á íslenska ferðamenn

Ólöf segir að því miður hafi eldgos líka áhrif á íslenska ferðamenn. „Ég varð svolítið hissa á þessu, því eldgosið er afmarkað við tiltölulega lítið svæði í byggð, sem varð þó vissulega mjög illa úti. Það kom gífurlegt magn af ösku upp núna.“ Hún segist skilja að fólk forðist svæðið á meðan atburðir sem þessi standi yfir. „Ég ætla sjálf að fara í heimsókn á þetta svæði í sumar og hlakka mjög til þess.“ Hún segir að auðvitað hagi fólk ferðalögum eftir veðri og líkir öskufokinu við sandfok á hálendinu, ef slíku sé spáð fresti fólk ferðalögum þangað. „Veðrið á Íslandi er óútreiknanlegt og Íslendingar spila ferðalög eftir veðri. Ég vil hvetja Íslendinga til að láta gosið ekki slá sig út af laginu við að heimsækja þetta svæði og koma einmitt frekar og skoða. Ef fólk er hrætt um ökutækin sín er fullt af fólksflutningafyrirtækjum sem sinna ferðum.

Suðausturland og Skaftárhreppur eiga ekki að gjalda endalaust fyrir að þar hafi komið öskugos, enda hafa menn á orði að svæðið líti ótrúlega vel út nú þegar, þökk sé dugnaði heimamanna. Ég hvet einstaklinga og hópa til að fara og heimsækja svæðið og færa þá líka þeim fyrirtækjum þar, sem urðu fyrir búsifjum, björg í bú með því að nýta sér þá góðu þjónustu sem í boði er. Ég veit að hin dásamlegu tjaldsvæði sem eru á þessu svæði voru algjörlega vannýtt í fyrra. Það voru einkum og sér í lagi Íslendingar sem ekki fóru. Svæðin voru græn sem aldrei fyrr, kannski vegna steinefnanna í öskunni, því mér er sagt að hún nýtist vel sem áburður og það sprettur vel undan henni. Svo er þetta samspil ösku og íss áhugavert, Jökulsárlón mun til að mynda vera skjöldótt því sumir jakarnir eru búnir að snúa sér. Þetta samspil er mjög fallegt og áhrifaríkt að skoða.“

### Til í að borga erlendis

Það er að mati Ólafar sérstakt að Íslendingar séu tilbúnir að borga tugi þúsunda í tívolí í öðrum löndum en ekki í sambærilega afþreyingu hér. „Hér heima er fullt af fyrirtækjum sem bjóða afþreyingu sem jafnast alveg á við hvaða upplifun sem er erlendis. Ég vil gjarnan sjá að fólk láti það eftir sér að prófa það og nýti sér alla þessa afþreyingarmöguleika.“

Mikið hefur verið rætt um gjaldtöku á ferðamannastöðum á Íslandi undanfarin misseri. Heimildir eru í lögum fyrir því að taka þjónustugjald fyrir þjónustu sem veitt er á ákveðnu svæði og skilyrði er að gjaldið renni til uppbyggingar á sama svæði. Ólöf segir það gott og blessað og hún hafi aldrei verið fylgjandi því að slík ákvæði væru tekin úr lögum.

### Gjaldtaka ekki lausn

„Þetta er hins vegar ekki að mínu mati það sem leysir þau verkefni og þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir sums staðar. Þetta er ekki lausn sem leiðir til þess að hægt verði að byggja upp á nýjum stöðum og þetta er ekki lausn sem er möguleg til þess að hlúa að og byggja undir nýsköpun og vöruþróun. Við lítum á landið sem einhvers konar sameign og út af því finnst mér að byggja eigi það upp úr einhvers konar sameiginlegum sjóðum. Þess vegna hef ég bundið miklar vonir við þennan framkvæmdasjóð ferðaþjónustunnar.“ Framkvæmdasjóðnum er ætlað að veita fjármunum til uppbyggingar og er hann í afgreiðslu á Alþingi. Áætlað er að sjóðurinn verði á fjárlögum. „Þá eru komnir alvöru peningar í uppbyggingu og hægt að byggja upp á einhverjum grunni heildstæðrar áætlanagerðar. Íslendingum hefur hætt til að hugsa of stutt fram í tímann. Það er kominn tími til að horfa langt fram á veginn – hugsa hvernig við viljum sjá umbúnað ferðaþjónustunnar árið 2020 og hvað við viljum að sé að gerast þá.“

Ólöf segist ekki vilja einblína á fjölda erlendra ferðamanna sem komi til landsins. „Ég vil frekar horfa til þess hvernig fyrirtækjunum reiðir af. Hversu mörg störf við sköpum, hvernig við umgöngumst þá auðlind sem ferðaþjónustan byggir á og hvort verið er að skapa heilsársstörf. Störf sem fólk getur lifað af á þar sem það vill búa. Það er ekkert vit í því að fá milljón ferðamenn til Íslands ef þeir koma allir 15. júní og standa á sömu þúfunni í Mývatnssveit.“ Búa verði til skynsamlegan grundvöll fyrir aðkomu hins opinbera en fyrirtækin þurfi samt að vera arðbær og ekki á forræði ríkisins.

### Hlúa þarf að ferðaþjónustunni

„Ferðaþjónustan er ung atvinnugrein og kannski markast hún svolítið af því og er að mótast að sumu leyti. Það sem skortir núna fyrir ferðaþjónustuna er að hafa traustan grunn til að byggja á. Rannsóknarstjórinn okkar tók saman fyrir Alþingi tölur um framlög hins opinbera til rannsókna í ferðaþjónustu miðað við aðrar greinar í fyrra. Í ljós kom að með góðum vilja er hægt að segja að ferðaþjónustan sé að fá 0,5 prósent af því fjármagni sem veitt er.“ Ólöf segir talnagögn vera grunn sem þurfi að hafa til að geta byggt upp, til dæmis fyrir markaðssetningu erlendis og til að geta dregið fram sérstöðu einstakra svæða.

„Þetta vantar okkur, það vantar fjármagn og eitt af því sem ég tel að stjórnvöld ættu að líta til er að það þarf að auka fjármagn til rannsókna og það þarf að auka fjármagn til nýsköpunar og vöruþróunar innan ferðaþjónustu. Framkvæmdasjóðurinn mun vonandi tryggja okkur fé til uppbyggingar og aðgengis. Þetta þrennt er nauðsynlegt til að hlúa að innviðum ferðaþjónustunnar og skapa henni grundvöll til sjálfbærni.“ Ólöf nefnir nýja ferðamálaáætlun sem horfi til þessara þriggja stoða auk markaðssetningar, sem hún segir vissulega afar mikilvæga. „Við megum ekki gleyma því að allt kostar þetta peninga. Ef við ætlum ferðaþjónustunni að vera ein af grunnstoðum atvinnulífsins og verða fyrirbæri sem skapar arðbær störf á heilsársgrunni verðum við að hlúa að henni með þessum hætti.“



# MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA






*Sérstök brúðkaupsgjöf*

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum




Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir

Gildir um KitchenAid hrærivélar

**KitchenAid**

FOR THE WAY IT´S MADE




**Saeco kaffivélar**

*– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil*

## Glænýr blandari frá KitchenAid

*- Alvöru tæki fyrir kröfuharða*



*Aðeins brot af úrvalinu.*
*Verið velkomin í verslun okkar.*

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




PIPAR\TBWA • SÍA \ 111177

olís Vinur við veginn

# TÝRA
# AN

## Í STIMPILLEIK OLÍS





### VERÐLAUN VIÐ HVERN STIMPIL

Komdu við á Olís-stöðvunum í sumar og safnaðu stimplum í Ævintýrakortið um leið og þú verslar. **Þú færð verðlaun við hvern stimpil.**

### VIKULEGIR VINNINGAR

Á hverjum laugardegi í sumar verður dregið úr fullstimpluðum kortum í þætti Hemma Gunn á Bylgjunni. Vinningarnir eru:

- **100.000 Vildarpunktar Icelandair**
- **Nokia N8 snjallsímar**
- **50.000 kr. eldsneytisúttektir hjá Olís**







### AÐALVINNINGAR Í ÁGÚST

Í lok sumars er svo dregið úr öllum kortum um enn glæsilegri aðalvinninga.

1. **Fjölskylduferð til FLÓRÍDA, flug og gisting fyrir 4 að verðmæti 500.000 kr.**
2. **200.000 kr. eldsneytisúttekt hjá Olís og 100.000 Vildarpunktar Icelandair**
3. **120.000 kr. eldsneytisúttekt hjá Olís og 100.000 Vildarpunktar Icelandair**







www.ævintýraeyjan.is

BYLGJAN 989 ICELANDAIR VILDARKLÚBBUR NOKIA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sendiherrar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks:

## Boðberar mannréttinda

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var undirritaður af Íslands hálfu fyrir rúmum fjórum árum. Samningurinn hefur þó ekki enn verið fullgiltur.

Samningurinn kveður á um að fatlað fólk njóti allra almennra mannréttinda, efnahagslegra, félagslegra, menningarlegra, borgaralegra og stjórnmálalegra. Í þeim anda er tekið á fjölmörgum atriðum sem þurfa að vera fyrir hendi til að tryggja full mannréttindi fatlaðra.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Landssamtökin Þroskahjálp héldu í samvinnu við Fjölmennt nú á vormisseri námskeið sem ætlað var að kynna fólki með þroskahömlun samninginn í því skyni að sá hópur bæri boðskapinn áfram. Sjö seinfærir einstaklingar sem námskeiðið sóttu voru þar útnefndir sendiherrar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Sendiherrarnir sjö fengu á námskeiðinu ekki aðeins fræðslu um innihald og boðskap samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks heldur var þeim einnig miðluð reynsla af því að vera sendiherrar þjóðar eða málstaðar. Sendiherrahópurinn heldur þannig út í sumarið vel búinn til að sinna sínu stóra verkefni, sem verður fólgið í því að fara um landið og kynna öðru fólki með þroskahömlun innihald samningsins og þau réttindi sem hann felur í sér. Kjörorð hópsins er í anda samningsins: Ekkert um okkur án okkar.

Auk undirbúnings undir sendiherraverkefnið var markmið námskeiðs Þroskahjálpar og Fjölmenntar að breyta ímynd fatlaðra. Hugmyndir margra um fatlað fólk byggja á sterkum staðalímyndum sem mikilvægt er að brjóta upp. Sömuleiðis hefur þjónusta við þennan hóp haft ríka tilhneigingu til að setja alla undir sama hatt í stað þess að tekið sé mið af þörfum, óskum og væntingum hvers og eins. Tilhneigingar hefur gætt til þess að þeir sem ekki eru fatlaðir hafi stýrt lífi fatlaðra án þess að hlusta nægilega mikið á óskir hvers og eins, að fatlaðir hafi þurft að laga líf sitt að þjónustunni sem þeim stendur til boða í stað þess að þjónustan sé löguð að þörfum hvers og eins.

Þátttakendurnir nýttu námskeiðið til að kafa hvert í sitt viðfangsefni í samræmi við áhugasvið sitt og skrifa um það grein. Þau fjölluðu um atvinnumál, búsetumál, fjölskyldumál, menntamál, ferlimál og réttinn til einkalífs svo eitthvað sé nefnt.

Í gær birtist sú fyrsta af sjö greinum sendiherra Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en greinar þeirra munu birtast hér í blaðinu á næstu dögum og eftir það vera aðgengilegar á Vísi. Fréttablaðinu er heiður að því að birta greinar sendiherranna. Þar fer öflugur hópur fólks sem er meðvitað um réttindi sín og hefur á þeim skoðanir.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Sófadagar

40% afsláttur

Dagana 3-13 júní

Gæðasófar á frábæru verði !



Opnunartímar
Virka daga frá kl16-19
Laugardag og sunnudag kl 13-17
Ármúla 21

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gólfmottur og -tuskur

Bjarni Benediktsson tjáði sig um afstöðu VG til hernaðaraðgerða Nató í Líbíu á miðvikudag. Sagði Bjarni engan geta tekið mark á flokknum sem þættist hafa stefnu í ýmsum málum en gerði ekkert af þeim að úrslitaatriði í ríkisstjórnarsamstarfi. Flokkurinn væri því eins og gólfmotta sem Samfylkingin gengi yfir og þurrkaði sér á. Ögmundur Jónasson var að vonum ekki ánægður með orð Bjarna og birti grein í Morgunblaðinu í gær undir titlinum Orðljótur formaður Sjálfstæðisflokksins



### Nei þú!

Í greininni segir Ögmundur það engu skipta hernaðinn í Líbíu þótt VG slíti stjórninni. Því næst rifjar hann upp orð Bjarna á Alþingi um vantrauststillögu á ríkisstjórnina þar sem hann sagði það ekki skipta máli á hvaða forsendum þingmenn greiddu atkvæði, bara að þeir samþykktu. Með öðrum orðum, segir Ögmundur, bara að menn létu nota sig til að koma ríkisstjórninni frá. „Því standi gólftuskuhugsunarháttur gífuryrðamanninum í brú Sjálfstæðisflokksins nærri". Svar Ögmundar var sem sagt: nei þú!

### Sigmundur Davíð ánægður

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson gerði enga tilraun til að fela ánægju sína með nýjan þingmann Framsóknarflokksins, Ásmund Einar Daðason, í kvöldfréttum Stöðvar 2 á miðvikudagskvöld. Brosti Sigmundur út að eyrum og bauð Ásmund velkominn heim. Varð gárungunum það að orði í kjölfarið að það væri ekki skrýtið; það væri nefnilega ekki á hverjum degi sem maður undir þrítugu gengi í flokkinn.



magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR




## Írum blæðir fyrir vanda evrunnar

Sameiginlegt myntsvæði



Ásmundur Einar Daðason

alþingismaður

Í síðustu viku var írskur fræðimaður að nafni Anthony Coughlan staddur hér á landi og hélt nokkra fyrirlestra. Anthony var gagnrýninn á sameiginlegt myntsvæði fyrir alla Evrópu. Reynslan sýndi að sameiginleg mynt gengi ekki upp án þess að vera með sameiginlega stefnu í ríkisfjármálum. Sameiginleg stefna í ríkisfjármálum gengi hins vegar ekki upp í ólíkum þjóðríkjum og því myndi sameiginlegt myntsvæði fyrir Evrópu aldrei verða langlíft.

**ESB krefst ríkisvæðingar á skuldum einkabanka**

Írskir bankar fengu líkt og þeir íslensku gríðarlegar fjárhæðir að láni hjá bönkum innan ESB og lánuðu síðan áfram á lágum vöxtum. Vegna mikilla skulda eru írskir bankar í verulegum erfiðleikum, líkt og þeir íslensku. Írar geta hins vegar ekki farið þá leið að setja einkabanka í þrot vegna þess að Seðlabanki Evrópu hefur gefið það út að enginn banki á evrusvæðinu megi fara þá leið. Af þessum sökum er almenningur að taka á sig gríðarlega háar fjárhæðir til bjargar bankakerfinu og hefur það aukið opinberar skuldir verulega. Á sama tíma búa Írar við evruna, sem hentar engan veginn írsku hagkerfi, hagvöxtur er mjög lítill, eftirspurn lítil og atvinnuleysi um 14%.

**Dregið verði úr áhrifum aðildarríkja**

Írar, Grikkir, Spánverjar, Portúgalar o.fl. verða að taka á sig aukinn niðurskurð vegna bankabjörgunarstefnu Evrópusambandsins. Þjóðverjar, Frakkar, Finnar og fleiri eru ekki tilbúnir að axla auknar byrðar til að jafna kjörin í álfunni líkt og gerast myndi frekar innan hvers þjóðríkis. Líf evrunnar er í húfi og ráðamenn eru að átta sig á því að eina leiðin til björgunar er að stórauka bæði pólitískan og efnahagslegan samruna Evrópusambandsins.

Íslenskum stjórnvöldum hefur ekki tekist að leggja áherslu á atriði sem raunverulega skipta máli við núverandi aðstæður. En er aukinn efnahagslegur samruni og valdaafsal til Seðlabanka Evrópu rétta leiðin? Ekki samkvæmt reynslu Íra, Grikkja og fleiri ESB-ríkja.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Læknasmók

Í DAG



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Menn segja stundum að frelsið glatist sjaldnast allt í einu heldur hægt og í smáum skrefum. Það er ekki alltaf satt. Stundum eru skrefin stór, hröð og endatakmarkið ljóst. Tillögur nokkurra þingmanna um því sem næst allsherjarbann á sölu, neyslu og umræðu um tóbak hafa fengið verðskuldaða athygli almennings. Þingmönnunum er það raunar til hróss að sýna okkur endastöðina í þessum leiðangri sínum. Hún liggur fyrir.

Þingsályktunartillagan segir: „Að u.þ.b. 10 árum liðnum yrði salan í apótekum enn takmörkuð á þann hátt að eftir það yrði hún háð því að „tóbakslyfseðli“ sé framvísað.

Tóbak yrði þannig aðgengilegt fyrir þá fáu tóbaksneytendur sem ekki geta eða ekki vilja hætta. Skilyrði þess að læknir eða aðrir sérþjálfaðir heilbrigðisstarfsmenn skrifi út tóbakslyfseðil verður að viðkomandi hafi sjúkdómsgreininguna tóbaksfíkn og að ákveðin meðferðarúrræði hafi verið reynd og brugðist. Nikótínlyf og tóbak verða þannig aðgengileg á viðráðanlegu verði fyrir fólk með staðfesta tóbaksfíkn sem ekki getur eða ekki vill hætta.“

**Glæpir eða vitleysa?**

Reykingar eru ógeðslega óhollar og svo gott sem allir vita það. En hve langt á að ganga í glæpvæðingu þess óholla? Undanfarna daga hefur umræðan um svokallað læknadóp farið hátt. Í stuttu máli gengur þingsályktunartillagan út á það að gera sígarettur að læknadópi. Um það bil sjöttungur fólks verður gerður að sjúklingum sem munu þá þurfa að leita í heilbrigðiskerfið, bögga lækna og fá einhver tóbaksneysluleyfi til að kveikja sér í. Þetta eru látalæti. Reykingar eru mun nær því að vera vitleysa en sjúkdómur, hvað þá glæpur.

> Markaðurinn þolir ekki tóm og því munu svört viðskipti með tóbak stóraukast. Venjulegu fólki verður því ýtt út í dópphagkerfið. Frábær hugmynd. Gerum þá sem reykja fyrst að sjúklingum og því næst að glæpamönnum.

Hluti þeirra sem reykja mun ekki sjá tíma sínum vel varið í að reyna að kreista sér í gegnum nálarauga hins opinbera tóbakssölukerfis.

Markaðurinn þolir ekki tóm og því munu svört viðskipti með tóbak stóraukast. Venjulegu fólki verður því ýtt út í dópphagkerfið. Frábær hugmynd. Gerum þá sem reykja fyrst að sjúklingum og því næst að glæpamönnum.

Þeir „fáu tóbaksneytendur sem ekki geta eða ekki vilja hætta“ munu samkvæmt hugmyndum þingmannanna geta fengið sígarettupakkann á viðráðanlegu verði. Hvað gerist þegar einn maður getur keypt sígarettupakkann á 500 kr. en annar sem getur ekki keypt hann vill hann líka? Það er augljóst. Þeir fáu „sjúklingar“ sem fá úthlutað tóbaksneysluleyfum verða gerðir að dópsölum. Þegar einn mann langar í eitthvað sem annar á og báðir eru til í viðskiptin þá mega allir miðlægir tóbaksneyslugagnagrunnar sín nefnilega lítils.

**Læknakók**

Svo því sé til haga haldið, þá getur alveg verið að hinar drastísku takmarkanir á aðgengi á tóbaki muni minnka neyslu svo markmiði tillögunnar verður kannski náð. En hliðarafleiðingar stórra breytinga eru stundum furðulegar. Þannig hefur því verið haldið fram að aukin offita Vesturlandabúa skýrist að einhverju leyti af minnkandi reykingum. Og hver er afleiðingin? Nýleg rannsókn í New England Journal og Medical Science á leiðir líkum að því að offitufaraldurinn éti upp ávinninginn af minnkandi reykingum og gott betur.

Nettótapið nemur um níu mánuðum, talið í lífslíkum Bandaríkjamanna.

Það má því hæglega búast við því að næsta atlaga að óhollustu verði háð við sykurinn. Á eftir lögfestingu læknasmóksins fáum við því læknanammi og læknakók. Síðan kemur læknakaffið, ef margra áratuga tilraunir vísindamanna um að sanna að hinn meinholli drykkur kaffi sé manninum skaðlegur bera loks árangur.

Líkamleg hreyfing er enn þá inni en auðvitað er hún ekki hættulaus heldur, ég hef með eigin augum séð mann hníga niður og deyja í miðju hlaupi. Sumir af þeim hlaupurum sem ég hef kynnst eru auðvitað ekkert nema fíklar. Spurning hvort það þurfi ekki að koma reglu á þessa hluti og koma upp niðurnjörvuðu læknahlaupi fyrir „þá sem ekki geta eða ekki vilja hætta“.

**Skandifasismi**

Það er ákveðið grunnskref forræðishyggjumanna að vísa til barna í rökstuðningi sínum fyrir hinu og þessu banninu. Það mátti ekki leyfa bjórinn, út af börnunum, nú á að banna tóbak, einnig barnanna vegna.

Niðurstaðan verður hins vegar sú að komið er við allt fólk, ungt sem gamalt, eins og börn. Jafnvel ungabörn. „Æjæjæ, ekki borða þetta.

Þetta er ullabjakk. Knúsa pabba.“

AF NETINU

**15 metra reglan**



Í ljós hefur komið að útfærslan á hinni svokölluðu 15 metra reglu er engan veginn fullnægjandi, og þá er best að horfast í augu við það og hverfa frá fyrirliggjandi áætlunum. Sem dæmi má nefna að skipulagsráð Reykjavíkur er nýbúið að samþykkja deiliskipulag fyrir Melana, þar sem beinlínis er sagt að sorpgeymslur skuli vera aftan við húsin. Íbúar þess hverfis ættu þá ekkert val um að færa geymslurnar framfyrir, en sá valkostur átti að vera lykilatriði í breyttu kerfi.

eyjan.is/goto/gislimarteinn/

**Gísli Marteinn Baldursson**

**Var hann að ljúga?**



Hvenær eru kosningaloforð annars svikin? Það er þegar þeim er hent út af borðinu við myndun ríkisstjórnar, sviknu málin verða til þegar þau komast ekki í stjórnarsáttmála. Ásmundur Einar Daðason samþykkti þau kosningaloforðasvik sem VG ákvað, um vorið 2009. Þá var hann sósíalisti sem sætti sig við málamiðlun til að tryggja velferðarstjórn á Íslandi. Nú er hann framsóknarmaður. Kannski var hann það allan tímann sem laug að kjósendum?

http://blog.eyjan.is/lillo/

**Friðrik Þór Guðmundsson**



# Ópólitíska stjórnsýslu undan pólitísku valdi

Stjórnsýsla

Björn Einarsson
læknir og heimspekinemi



Öll stjórnsýsla ríkisins er svokölluð ráðherrastjórnsýsla, þ.e. að ráðherra, hver á sínu sviði, fer með æðstu yfirstjórn hennar. Það gildir einu hvort stjórnsýslan er pólitísk eða ópólitísk, allt er undir einum hatti. Það felur í sér að ráðherra skipar í æðstu stöður hennar og hægt er að kæra allar stjórnvaldsákvarðanir stjórnsýslunnar til ráðherra. Stjórnvaldsákvarðanir eru í raun allar ákvarðanir sem embættismenn stjórnsýslunnar taka, hvort sem þeir eru í ráðuneytinu eða eru læknar á spítala.

Pólitíska stjórnsýslu má skilgreina sem sá hluti hennar sem hefur það að markmiði að vinna að pólitískum markmiðum og ákvarðanatökum, þ.e. ráðuneytin. Ópólitísk stjórnsýsla er í eðli sínu sá hluti hennar sem hefur hlutverk gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum, þ.e. félagslegar stofnanir, mennta- og menningarstofnanir, heilbrigðisstofnanir, eftirlitsstofnanir, löggæsla og dómsvaldið.

### Ópólitíska valdið

Aðskilja þarf pólitíska og ópólitíska stjórnsýslu með því að breyta ópólitískum ríkisstofnunum í sjálfstætt starfandi ríkisstofnanir og setja þær síðan undir ópólitískan Forseta Íslands. Pólitískar ráðningar ráðherra í ópólitískri stjórnsýslu er meginorsök pólitískrar spillingar. Ráðherrar skipa dómara, hvort sem er í Hæstarétt eða héraðsdóma, saksóknara, lögreglustjóra, fangelsismálastjóra, lögreglustjóra, forstjóra Landhelgisgæslu, Flugmálastjóra, Forstjóra Tryggingastofnunar, Rektor Háskóla Íslands, forstöðumann Listasafns Íslands, forstjóra Landspítala o.s.frv.

Sjálfstætt starfandi ríkisstofnanir og nefndir eru þó til og eru mismikið undanskildar yfirstjórn ráðherra, en þær eru fáar, t.d. Seðlabankinn, Landsbókasafn - Háskólabókasafn, yfirskattanefnd og ýmsar kærunefndir og úrskurðaraðilar. Með því að breyta öllum ópólitískum stofnunum í sjálfstætt starfandi ríkisstofnanir er hægt að taka þær undan valdi ráðherra. Þær eru eins og allar ríkisstofnanir stofnaðar af pólitíska valdinu, starfa samkvæmt lögum og er skammtað fjármagn í fjárlögum. Ráðherra á því ekki að geta sagt slíkri stofnun fyrir verkum nema með lagabreytingum á Alþingi. Ef þær fara út fyrir ramma fjárlaga á að vera hægt að ávíta forstöðumann stofnunarinnar eða jafnvel víkja honum úr starfi, en að öðru leyti eiga þær að vera óháðar pólitísku valdi.

Allar ópólitískar ríkisstofnanir ættu að starfa sem sjálfstætt starfandi ríkisstofnanir og mynda ásamt dómstólunum ópólitíska valdablokk. Með því að setja ópólitískan Forseta Íslands sem æðsta embættismanns þess fæst lýðræðisleg jarðtenging við ópólitíska valdið. Forseti Íslands myndi þá skipa í æðstu stöður þess eftir ábendingar faglegra stöðunefnda á hverju sviði.

### Pólitíska valdið

Valddreifing er einn af hornsteinum í nútíma lýðræðisskipulagi. Þrískipting ríkisvaldsins í framkvæmdavald, löggjafarvald og dómsvald er barn síns tíma og hefur sögulegar skýringar. Á tímum Montesquieu og Locke var borgarastéttin að ná völdum frá einvaldinum með þjóðþingum, sem áttu að setja framkvæmdavaldi einvaldsins skorður. Með þingræðisreglunni náði löggjafarvaldið undirtökum og gerði framkvæmdavaldið háðara sér. Forsetaræði væri því skref aftur á bak í lýðræðisþróuninni. Sterkt forsetaræði hentar hernaðarþjóðum eins og Bandaríkjum Norður Ameríku eða löndum sem bjuggu við ógnun hernaðarríkja eins og Finnar. Margir stjórnmálafræðingar í BNA telja að forsetaræðið sé helsti galli stjórnkerfis þeirra og hversu erfitt er að breyta stjórnarskrá þeirra.

Pólitíska valdið á ekki að greina í sundur, vegna þess að framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið hafa sameiginlegt markmið, að stjórna landinu, marka því pólitíska stefnu og koma henni í framkvæmd. Ríkisstjórnin á að hafa frumkvæðið að stjórnun landsins en hið lýðræðiskjörna Alþingi að hafa hemil á og eftirlit með henni. Þingræðisreglan á að tryggja að Alþingi sé valdamesta stofnun ríkisins.

Ríkisstjórnin situr í umboði Alþingis, þannig að þingið getur sett af ríkisstjórnina þegar hún hefur misst traust þess. Hún sækir allt vald sitt til Alþingis. Allar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar þurfa að eiga stoð í lögum sem Alþingi setur, og er þannig háð þinginu um allar stjórnarathafnir, og þarf að standa þinginu skil á öllum ákvörðunum sínum. Alþingi getur því í raun ráðið stjórnarstefnunni. Alþingi hefur fjárlagavaldið og þarf ríkisstjórnin því að sækja allar fjárheimildir til þingsins.

Það er því öfugmæli að taka ráðherra út af þingi og minnka möguleika þingsins á að hafa eftirlit með ráðherrum, því það veikir Alþingi og styrkir ríkisstjórnina. Þá koma einnig inn varaþingmenn svo það fjölgar í stjórnarliðinu en fækkar hlutfallslega í stjórnarandstöðunni. Til að tryggja þingræðið á það að vera skylda, að ráðherrar komi úr röðum þingmanna og sitji á þingi meðan þeir eru ráðherrar. Utanþingsráðherrar og utanþingsstjórnir eru ólýðræðislegar og eru vantraust á Alþingi. Að fækka þingmönnum er mikið vanmat á störfum okkar lýðræðislega kjörnu fulltrúum, því aðalstarf þeirra fer fram í rökræðum í nefndarstörfum en ekki í kappræðum í sölum Alþingis. Fækkun þingmanna ýtir undir sérfræðingaveldi og skrifstofuræði, sem eru verstu óvinir lýðræðisins.

> Með því að breyta öllum ópólitískum stofnunum í sjálfstætt starfandi ríkisstofnanir er hægt að taka þær undan valdi ráðherra.

### Samantekt

Aðskilja þarf allar ópólitískar ríkisstofnanir frá pólitísku valdi ráðherra, með því að breyta þeim í sjálfstæðar ríkisstofnanir og setja þær undir ópólitískan Forseta Íslands. Þannig upprætum við pólitíska spillingu með pólitískum ráðningum og fyrirgreiðslupólitík.

Við eigum að halda í þingræðið með sameinuðu pólitísku valdi, löggjafarvaldi og framkvæmdavaldi, en ekki losa ríkisstjórnina undan Alþingi með því að taka ráðherra út af þingi né fækka þingmönnum.

Hið lýðræðiskjörna Alþingi á að vera valdamesta stofnun ríkisins.

# Laugavegur: Aðlaðandi sumargata

Samgöngur

Hjálmar Sveinsson
situr í umhverfis- og samgönguráði fyrir Samfylkinguna



Kristín Soffía Jónsdóttir
situr í umhverfis- og samgönguráði fyrir Samfylkinguna



Laugavegurinn er ekki sérlega aðlaðandi fyrir fótgangandi þegar bílaumferðin er sem mest. Það er til að mynda ekkert gaman að vera þar á gangi með lítil börn. Danski arkitektinn Jan Gehl, sem á meðal annars heiðurinn af því að hafa gert Strikið í Kaupmannahöfn að göngugötu, var ekki hrifinn af umferðinni á Laugaveginum þegar hann vann fyrir fjórum árum að tillögum um eflingu miðborgarinnar í Reykjavík. Í viðtali við Morgunblaðið í september 2007 hélt hann því fram að þessi mikla umferð gerði Laugaveginn fráhrindandi. Hann sagði: „Nú lötra þarna langar raðir, stuðara við stuðara, af fjórhjóladrifnum jeppum með fólki sem reynir ekkert á sig, bílar með beljandi hátölurum. Þetta laðar ekki að aðra hópa úr samfélaginu, þroskaðra fólk, oft með góða kaupgetu, ekki heldur eldri borgara. Við þurfum að fá fleira fólk til að koma í bæinn.“

Við sem sitjum í umhverfis- og samgönguráði teljum að til þess að bæta Laugaveginn og skapa fallega og góða verslunar- og mannlífsgötu þurfi bílarnir að gefa aðeins eftir. Umhverfis- og samgönguráð einróma hefur samþykkt tillögu um að bílaumferð á Laugaveginum frá Vatnsstíg að Skólavörðustíg verði takmörkuð á tímabilinu 1. júlí til 1. ágúst næstkomandi. Að tveggja vikna tíma liðnum er sviðinu falið að meta stöðuna og kalla til fundar með ráðinu ef í ljós kemur að tilraunin stenst ekki væntingar borgarinnar. Umhverfis- og samgönguráð hefur þá heimild til að falla frá takmörkun á umferð.

Milli Vatnsstígs og Skólavörðustígs eru 40 verslanir og 25 veitingastaðir. Síðustu vikur hefur starfsfólk umhverfis- og samgöngusviðs heimsótt þessa staði. Meirihluti þeirra sem talað var við er hlynntur því að skoða hvaða áhrif það hefur á götuna, verslun og fólk að takmarka bílaumferð á þennan hátt. Ef vel tekst til er ekki ólíklegt að stungið verði upp á því að endurtaka leikinn aftur næsta sumar og reyna þannig að festa Laugaveginn í sessi sem aðlaðandi sumargötu.

Rétt er að geta þess, áður en lengra er haldið, að á þessum hluta Laugavegs eru aðeins 17 bílastæði. Fjöldi bílastæða er í þvergötum og auk þess eru í næsta nágrenni þrjú bílastæðahús. Áfram verður hægt að aka þær götur sem þvera Laugaveginn og er lengsta vegalengd frá þvergötu að verslun 50 metrar. Kannski má bæta því við að í miðborg Reykjavíkur eru milli 700 og 800 bílastæði á hver þúsund störf. Það er með því allra mesta sem þekkist í heiminum.

> Kannski má bæta því við að í miðborg Reykjavíkur eru milli 700 og 800 bílastæði á hver þúsund störf. Það er með því allra mesta sem þekkist í heiminum.

Margt mælir með því að fara þessa leið. Talningar sem gerðar voru í júlí og ágúst sumarið 2009 færðu okkur mikilvægar vísbendingar um notkun Laugavegsins. Talningarnar voru framkvæmdar á fimmtudegi og laugardegi á Laugaveginum við Skólavörðustíg og Klapparstíg. Í ljós kom að um það bil 80% vegfarenda á Laugavegi eru gangandi fólk. Þeir sem aka þar á bílum eru milli 15% og 25%. Samt taka bílarnir um helming alls göturýmis við Laugaveginn, að ekki sé minnst á mengunina frá þeim og hávaðann. Það kom einnig í ljós að aðeins 40% hinna akandi ætluðu að sækja verslun eða þjónustu við Laugaveginn.

Kostir göngugötunnar felast í bættu aðgengi fyrir fleiri hópa, minni mengun og meira rými fyrir uppákomur sem gera götulífið skemmtilegra. Við erum sannfærð um að Laugavegurinn getur orðið falleg og vinsæl sumargata sem laðar til sín Íslendinga jafnt sem ferðamenn.

Raunar er það svo að í flestum miðborgum í okkar heimshluta er nú verið að gera götur og torg aðgengilegri fyrir fótgangandi og þrengja að bílaumferðinni. Þegar Íslendingar eru þar á ferð, njóta þeir þess yfirleitt að rölta um göturnar, skoða búðarglugga, versla, setjast við borð úti á gangstétt og fá sér hressingu. Er ekki kominn tími til að við reynum að skapa þau lífsgæði í okkar eigin borgarumhverfi sem við sækjumst í erlendis? Þó ekki væri nema yfir hásumarið. Við viljum láta á það reyna.



# Gámasala í Múrbúðinni

Surfinia **850** kr

Lobelia **850** kr

Margerita **850** kr

Sútera **850** kr

Fjólur **78** kr

Stjúpur **78** kr

Pelargonia hengipottur **495** kr.

Hengipottar **790** kr.

Datura pottur **195** kr.

Datura pottur **470** kr.

Verona pottar með disk **145** kr. - **195** kr. - **290** kr.

Ceramic Blómapottar frostheldir, verð frá **990** kr.

Járnfata, galv. 5 L **595** kr.

Garðskilveggir verð frá **395** kr.

Garðkanna 10 L **390** kr.

Garðkanna 5 L **290** kr.

Jarðvegspokar 60 L **990** kr.

Grænmetisyfirbreiðsla **590** kr.

Garðúðari **690** kr.

Garðslanga 15 m með úðabyssu **890** kr.

Garðklóra **245** kr.

Grænmetiskarfa 15 kg **490** kr.

Kantskeri **790** kr.

Lítil malarhrífa **590** kr.

Slönguhengi - plast **395** kr.

Áburðardreifari 12 ltr **1.990** kr.

Trjáklippur stórar **1.495** kr.

Laufhrífa **690** kr.

Hjólbörur 75L **4.490** kr.

Trjáklippur litlar **595** kr.

Áburðardreifari 15 ltr **3.990** kr.

Black&Decker háþrýstidæla 110 bar **13.900** kr.

1400W
360 min/lit/klst
Þolir 50C heitt vatn
5 metra barki
Sápubox

Blákorn 5 kg **1.130** kr.

Kalkkorn 5 kg **635** kr.

Þrýstibrúsi 3 lítrar **1.490** kr

Vírnet hexagon hænsna- /múrnet 50 metrar **6.990** kr.

Jarðvegsdúkur 10x1,2 m **1.290** kr.

Strákústur 30cm breiður **595** kr.

ODEN EÐAL OLÍA á palla. Hágæða Silikonalkyd efni. 3 lítrar **4.290** kr.

Besta þekjandi viðarvörn í Skandinavíu samkvæmt prófun Folksham í Svíþjóð.
Sjá www.murbudin.is

ODEN þekjandi viðarvörn. 1 líter **1.495** kr.

Popular pottar mdiskmeð disk frá **265** kr

***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16*

***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*– Afslátt eða gott verð?*

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# Barnalán í Reykjavík

Menntamál

Oddný Sturludóttir
borgarfulltrúi og formaður menntaráðs



Afleiðingar kreppunnar eru margvíslegar. Flestar hafa þær reynt á samfélagið og fjölskyldurnar. Aðrar afleiðingar eru ánægjulegar og jafnframt óvæntar. Barnafjölgunin sem orðið hefur í Reykjavík er svo sannarlega gleðiefni. Á þessu ári er von á stærsta árgangi Íslandssögunnar inn í leikskóla borgarinnar. Þetta eru börn sem fædd eru 2009. Árgangurinn sem fæddist 2010 er einnig stór. Því verður þrýstingur á dagforeldrakerfið og leikskólana mikill á næstu árum. Verður mikil áskorun að tryggja öllum þessum nýju borgurum leikskólapláss. Reykjavíkurborg hefur lengi miðað við að börn geti hafið leikskólagöngu á árinu sem þau verða tveggja ára. Til þess að tryggja þessa brýnu þjónustu forgangsraðaði meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar með því að auka framlög til Leikskólasviðs um 658 milljónir króna, þar af fara framlög fyrir tæplega hálfan milljarð króna til fjölgunar leikskólaplássa og þjónustu dagforeldra.

### Hvað þýðir slík barnasprengja?

Við viljum öll að börn í þessum stóra árgangi frá 2009 geti hafið leikskólagöngu á þessu ári en þau eru tæplega 300 fleiri en þau börn sem hefja grunnskólagöngu í haust. Til þess að setja hlutina í samhengi er húsnæðisþörfin á við þrjá nýja fimm deilda leikskóla og fjölga þarf starfsfólki leikskóla um 55 til þess að annast börnin. Um síðustu áramót þurfti 50 dagforeldra í þjónustusveit Reykjavíkurborgar til þess að foreldrum verði gert kleift að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóladvalar. Öll þessi markmið eru innan seilingar eða í höfn því strax þegar nýr meirihluti tók við setti borgarstjórn þessi mál í algjöran forgang. Viðamikil greining fór fram á öllum mögulegum húsnæðiskostum til að koma til móts við áhugasama dagforeldra sem vilja gjarnan starfa tveir saman og leigja húsnæði af borginni. Eins voru allir hugsanlegir möguleikar á stækkun eldri leikskóla með færanlegum húsum skoðaðir, sem og nýting grunnskólahúsnæðis á nýjan hátt til að koma til móts við leikskólabörnin. Grettistaki hefur verið lyft og vil ég færa starfsfólki borgarinnar sem starfar að skóla- og frístundamálum, sem vil bjóða þá hjartanlega velkomna til starfa og fagna liðsinni þeirra. Þeim mun fjölga enn frekar á næstunni því biðlisti er eftir því að nýta húsnæði á gæsluvöllum og skólagarðahús, sem og annað húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar til útleigu fyrir dagforeldra. Ber að fagna þeirri fjölgun.

### Skilningur og samstaða

Unnið er hörðum höndum að því að flýta öllu skipulags- og undirbúningsferli svo húsnæði uppfylli öll skilyrði og geti nýst ungum börnum sem allra fyrst. Leikskólastjórar hafa verið óþreytandi í því verkefni að kanna möguleika á því að stækka eldri

> Við viljum öll að börn í þessum stóra árgangi frá 2009 geti hafið leikskólagöngu á þessu ári en þau eru tæplega 300 fleiri en þau börn sem hefja grunnskólagöngu í haust.

og framkvæmda- og skipulagsmálum, fyrir vel unnin störf og gríðarlegan metnað við að standa að þessu mikla átaki með okkur.

### Hvað erum við að gera?

Víða verður færanlegum húsum komið fyrir við eldri leikskóla, sérstaklega í Vesturbæ og Laugardal en þar er mikil þörf á leikskólaplássum. Við munum nýta húsnæði grunnskólanna betur fyrir frístundastarf svo að húsnæði frístundar geti nýst fyrir leikskólastarf eða þjónustu dagforeldra. Nú er verið að skoða hvort nýta megi húsnæði gæsluvalla og skólagarða á nokkrum stöðum í borginni fyrir áhugasama dagforeldra. Þar er yndislegt umhverfi og að mörgu leyti ákjósanleg aðstaða fyrir dagforeldra sem starfa saman í félagi. Dagforeldrum hefur fjölgað um tæplega 30 í Reykjavík síðan við hófum markvisst átak til að koma til móts við barnasprengjuna. Ég leikskóla og nýta húsnæði betur. Jákvæðni þeirra gagnvart því að stækka leikskóla sína er einkar lofsverð. Margir íbúar í Reykjavík munu innan tíðar fá bréf frá skipulagsyfirvöldum þar sem auglýstar verða nauðsynlegar breytingar, t.a.m. færsla færanlegra húsa á lóðir eldri leikskóla. Ég vil biðja íbúa Reykjavíkur um að sýna breytingunum skilning og umburðarlyndi. Ljóst er að gríðarlegir hagsmunir felast í því fyrir Reykvíkinga að tryggja ört stækkandi fjölskyldum dvöl á okkar vönduðu leikskólum, en ekki síst að komast hjá því að byggja nýja leikskóla fyrir þessa stóru árganga. Óvíst er að þörfin fyrir svo mörg leikskólapláss sé til framtíðar. Stærsta velferðarmálið fyrir fjölskyldur í Reykjavík er örugg og metnaðarfull vistun hjá dagforeldrum og faglegt leikskólastarf fyrir ung börn sín. Því trausti mun borgarstjórn ekki bregðast.

# Óljós mörk eðlilegrar tortryggni og vænisýki

Samfélagsmál

Ingvar Christiansen
laganemi



Hrunið, blessuð sé minning þess, fór ekki framhjá neinum og urðu fleiri en vildu bein eða óbein fórnarlömb þess, þrátt fyrir að hafa jafnvel á engan hátt verið sníkjudýr góðærisins. Blessuð sé einnig minning þess.

Við blasir blákaldur veruleikinn og afleiðingar þess sem á undan er gengið, bæði góðs og ills. Flestir hafa skoðanir á því hvernig ráðamönnum þjóðarinnar, atvinnulífsins, launþegahreyfingarinnar, einstaka fyrirtækja og heimilisföðurnum hefur tekist upp við að blása lífi í glæðurnar sem þó enn loga. Það er vel að fólkið í landinu hafi skoðanir. Rétt eins og hver einstaklingur hefur skoðanir á hinum ýmsu hlutum hefur hann líka val um ýmislegt. Þar á meðal sinn eigin þankagang.

Brennt barn forðast eldinn og á það vel við í tilfelli okkar Íslendinga sem gengið höfum í gegnum eld og brennistein oftar en einu sinni. Önnur staðreynd veruleikans er sú að þótt við höfum brennt okkur þá stöndum við ekki í ljósum logum. Almenn umræða í þjóðfélaginu virðist vera komin á það stig að fólk sé hrætt við góðverk. Hinn góði og gegni borgari virðist horfinn og alls staðar leynast merðir sem ekkert gott gengur til, þótt þeir reyni vissulega að láta svo líta út, þá hlýtur eitthvað sviksamlegt að liggja að baki.

Hvers vegna er hugsanaháttur Íslendinga í garð náungans orðinn svo tortrygginn og efasemdafullur? Vissulega gerðust á okkar ylhýra landi atburðir sem réttilega geta orsakað tortryggni og efasemdir um heiðarleika samborgaranna, en öllu má nú ofgera. Erum við ekki að detta á síðasta söludag með þessar neikvæðu hugsanir og drulluspól í hjólfarinu? Það er verið að moka skítinn sem nær okkur upp á hné og þó svo væri ekki nema rétt á meðan ættum við ekki að fyllast efasemdum um manninn með skófluna. Kannski er hann bara hjálpsamur og góðhjartaður einstaklingur sem ber hag náungans fyrir brjósti. Er virkilega svo erfitt að trúa því. Einhver gæti séð sér hag í því að moka, þó ekki væri nema launin hans.

Við efumst ekki um nágrannann á jeppanum sem dregur Yarisinn okkar úr snjóskaflinum á veturna, en sá sem sér upphækkaðan jeppann fyrir utan Landsbankann er viss um að þar sé á ferð einhver vafasamur einstaklingur. Á sama tíma er nágranninn að semja við bankann um afborganir af húsnæðisláninu sínu. Hvers vegna grunum við svona marga um græsku og hvað höfum við upp úr því?

Hættum þessari vænisýki og höldum áfram með okkar eigið líf. Hættum að tortryggja hverja einustu gjörð annarra og einbeitum okkur að öllu því jákvæða sem í kringum okkur er. Batnandi mönnum er best að lifa og á það jafnt við um okkur sjálf eins og aðra. Góður maður sagði eitt sinn: „If they can make pencillin out of mouldy bread, they can sure make something out of you.“

Höldum okkur innan marka eðlilegrar tortryggni og hjálpumst að við að gera það besta úr okkur sjálfum, öðrum og þjóðfélaginu okkar sem er svo ríkt.

# Verjum Vallarstræti

Skipulagsmál

Björn B. Björnsson

Ragnheiður Þorláksdóttir

Sunneva Hafsteinsdóttir

Guðríður Adda Ragnarsdóttir

Helgi Þorláksson

Halla Bogadóttir

Eiríkur G. Guðmundsson

Við sem skrifum undir þessa grein höfum verið í forystu fyrir BIN-hópnum svonefnda. Það er hópur fólks sem háð hefur baráttu undir kjörorðinu Björgum Ingólfstorgi og Nasa. Baráttan hófst þegar til stóð að færa gömul hús við Vallarstæti út á Ingólfstorg, skerða almannarými þar mjög, rífa Nasa (gamla Sjálfstæðishúsið) við Austurvöll og rjúfa allt sögulegt samhengi við strætið. Skipulagsráð Reykjavíkur hafði á sl. hausti enn til meðferðar beiðni um að leyfi fengist fyrir því að reisa fimm hæða hótel með kjallara sunnan Vallarstrætis, m.ö.o. við sunnanvert Ingólfstorg.

### Risahótel eða sólríkt almannarými

Hinn 15. desember 2010 fól ráðið skipulagsstjóranum í Reykjavík að undirbúa hönnunarsamkeppni um endurskoðun á skipulagi við Ingólfstorgi og í nágrenni. Markmiðið er sagt vera að „styrkja sögulegt samhengi á þessu svæði“ og þessu fögnum við enda virðist það vera í samræmi við stórmerka borgar- og húsverndarstefnu sem skipulagsráð samþykkti 19. maí 2010. Þessi samþykkt var send embætti skipulagsstjórans í Reykjavík til meðferðar og væri fróðlegt að vita hvaða gildi hún hefur að mati skipulagsstjóra og hins nýja skipulagsráðs sem tók við eftir kosningar á sl. ári.

Í samþykkt núverandi ráðs er gert ráð fyrir að hönnuð verði hótelbygging við sunnanvert torgið og er ætlað fyrir um hana í hönnunarsamkeppninni sem áformuð er. Miðað við þær forsendur, sem áður hafa verið kynntar, fyrir stærð fyrirhugaðs hótels við Ingólfstorg, eigum við bágt með að sjá að sögulegu samhengi verði ekki raskað með hótelbyggingunni og óttumst að því verði umturnað með öllu þannig að nýbyggingar beri hinar gömlu ofurliði. Þá mun risahótel á þessum stað rýra stórlega almannarými í miðborginni, m.a. með skuggavarpi á torgið. Við tölum hiklaust um risahótel enda þykir okkur einsýnt að hin nýja hótelbygging við Vallarstræti muni verða tengd gömlu húsum Landsímans, með frekari hótelnotkun fyrir augum, og tengd með brú við hótel sem unnið er að um þessar mundir í Austurstræti. Slíkt risahótel á þessum viðkvæma stað myndi skapa mikil vandamál í umferð og aðkeyrslu og þrengja mjög að allri starfsemi Alþingis við Austurvöll.

### Margt má bæta

Elsti borgarhlutinn með sínar þröngu götur og söguríku byggingar er viðkvæmt svæði sem þolir illa stórar nýbyggingar, ekki síst risahótel sem kallar á stóraukna umferð. Við ítrekum því fyrri tillögu okkar um friðun timburhúsa við sunnanvert Ingólfstorg og Thorvaldsensstræti enda teljum við að hin gömlu og merku hús sem þar standa eigi að hafa forgang og fyrsta rétt. Við erum að sjálfsögðu hlynnt því að þessi gömlu hús verði lagfærð á ýmsan hátt og endurbætt, til dæmis stækkuð í sama stíl, ef það þykir henta. Okkur er annt um að rými á Ingólfstorgi verði ekki skert enda er það helsta torg Reykjavíkur. Hins vegar þyrfti að auka aðdráttarafl þess fyrir almenning, til dæmis með því að lyfta því og hafa í einum fleti og nýta sólríkasta hluta þess að norðanverðu miklu betur til útivistar.

### Látum reyna á hvort fram komi skaðabótakröfur

Við teljum að við endurskoðun skipulags og endurbætur á Ingólfstorgi verði að fylgja rækilega ofangreindri borgar- og húsverndarstefnu Reykjavíkur sem skipulagsráð samþykkti 19. maí 2010.

Deiliskipulagið sem gildir samræmist engan veginn þessari stefnu skipulagsráðs. Við skorum á borgaryfirvöld að líta fram hjá hinu úrelta deiliskipulagi og láta á það reyna hvort fram komi skaðabótakröfur og hvort þær standist fyrir dómstólum, gangi mál svo langt.

# Áliðnaður er vanmetinn grunnatvinnuvegur

Áliðnaður

Þorsteinn Víglundsson
framkvæmdastjóri Samál – Samtaka álframleiðenda á Íslandi



Í Fréttablaðinu munu á næstu dögum birtast fimm greinar um áliðnað og vægi hans á Íslandi. Í þessari grein er fjallað um aukið framlag áliðnaðar til þjóðarbúsins á liðnum árum.

Stóraukið framlag áliðnaðar til þjóðarbúskapsins hér á landi á undanförnum árum hefur ekki farið hátt. Á sama tíma og íslenska hagkerfið hefur gengið í gegnum mikla niðursveiflu hefur áliðnaði vaxið ásmegin og þannig spornað gegn enn frekari efnahagssamdrætti en orðið hefur.

Á undanförnum fimm árum hefur vægi áliðnaðar í heildarútflutningstekjum þjóðarinnar liðlega tvöfaldast og var útflutningsverðmæti áls á síðastliðnu ári 25,6% af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar. Það ár var flutt út ál fyrir 222 milljarða króna, en það samsvarar nokkurn veginn heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða á sama tíma.

Þessi tekjuaukning stafar ekki einvörðungu af auknum útflutningi. Bæði er að álverð hefur farið hækkandi á liðnum árum og auk þess hafa álverin hér á landi lagt vaxandi áherslu á verðmeiri afurðir.

Heildarútgjöld áliðnaðar innanlands hafa á sama tíma stóraukist. Á síðastliðnu ári námu þau 80 milljörðum króna og höfðu þá fimmfaldast á 5 árum. Auk rafmagns, launa og opinberra gjalda keypti íslenskur áliðnaður vörur og þjónustu fyrir 24 milljarða króna af yfir 500 íslenskum fyrirtækjum.

Um 1.800 starfsmenn vinna hjá íslenskum álverum. Ef horft er til hefðbundinna margfeldisáhrifa má ætla að þessi atvinnugrein skapi að minnsta kosti fimm þúsund störf hér á landi.

Áliðnaður hefur einnig haft mikið vægi í fjárfestingum hér á landi á liðnum árum. Þannig er uppsöfnuð hlutdeild ál- og orkuiðnaðar í heildarfjárfestingum í atvinnulífinu á árabilinu 1999-2009 36%. Ekki er einvörðungu fjárfest í nýjum verkefnum heldur er einnig stöðugt verið að fjárfesta í starfandi álverum. Þannig má áætla að íslenskur áliðnaður fjárfesti nú fyrir um 10 milljarða króna að jafnaði á ári hverju, fyrir utan stækkunarframkvæmdir.

Beint framlag áliðnaðar og orkuiðnaðar til landsframleiðslu árið 2009 nam liðlega 7% af landsframleiðslu þess árs. Þetta er lítillega lægra hlutfall en beint framlag sjávarútvegs sem var liðlega 9% sama ár.

Þetta segir þó ekki alla söguna. Rannsóknir sýna að grunnatvinnuvegir, líkt og t.d. sjávarútvegur, leggja mun meira til landsframleiðslu en hefðbundnar mælingar Hagstofu sýna. Þannig hafa hagfræðingarnir Ragnar Árnason og Sveinn Agnarsson sýnt fram á að framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu sé líkast til um það bil tvöfalt meira en mælingar (9,2%) sýni.

Sambærileg athugun er nú hafin á vægi áliðnaðar í þjóðarbúskapnum enda margt líkt með þessum tveimur grunnatvinnuvegum.



Ananas hlunkur
Appelsínu hlunkur
Kirsuberja hlunkur
Hlunkur
Ávaxta hlunkur
Grænn hlunkur
Nýtt
Sport hlunkur
SCALA
Scala súkkulaði íspinni með möndlum
Lúxus súkkulaði íspinni
Lúxus lakkrís íspinni
Lúxus vanillu íspinni
Lúxus karamellu íspinni
Lúxus
Lúxus hnetu toppís
Nýtt
Lúxus karamellu toppís
Lúxus súkkulaði toppís
Vanillu skyrís
Jarðarberja skyrís
Skyrís
Frostpinni með lífrænum jarðarberjum
Nýtt
Skutla
Púkaskott með hlaupkúlum
Trúðaís með litlum tyggjókoddum
Súkkulaði shake
Jarðarberja shake
Twister með berja- og sítrusbragði
Twister Fruit með jarðarberja, ananas, lime og sítrónubragði
Vanilluís með ekta Daim kúlum
Daim
Solero appelsínu-sorbet með 40% hreinum appelsínusafa.
Nýtt
Nýtt
Ís með hnetusmjöri og kökudeigsbitum. Hjúpaður með súkkulaði og saltkexbitum.
BEN&JERRY'S
Peanut Butter Cookie Dough
Magnum Bar Vanilluís með karamellu og hnetum
Nýtt
FRISKO
Magnum með súkkulaði
Magnum með súkkulaði og möndlum
Magnum jarðarberjaís með jarðarberjasósu, hjúpaður með hvítu súkkulaði
Magnum með karamellu og tvöföldu dökku súkkulaði
Magnum Ghana heslihnetuís með kakósósu, hjúpaður með mjólkursúkkulaði
Nýtt
MAGNUM
Kjörís
kjoris.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**GUÐRÚN BALDVINA ÁRNADÓTTIR** (1887-1975) frá Lundi fæddist þennan dag.

*„Þeir geta lítið blessaðir karlmennirnir þegar konuna vantar.“*

## AFMÆLI



**STEFÁN MÁNI SIGÞÓRSSON** rithöfundur er 41 árs.



**RAKEL GARÐARSDÓTTIR** framleiðandi er 34 ára.

## Merkisatburðir

1844 Síðustu tveir geirfuglarnir sem vitað er um eru veiddir í Eldey.
1866 Pétur Pétursson er vígður biskup.
1932 Ríkisstjórn undir forsæti Ásgeirs Ásgeirssonar tekur við völdum.
1937 Flugfélag Akureyrar er stofnað.
1946 Fimm farast og fimmtíu manns missa heimili sín í miklum eldsvoða á Ísafirði.
1951 Fyrsta óperan er uppfærð í Þjóðleikhúsinu, Rigoletto eftir Verdi.
1954 Ein fyrsta ísbúð á landinu er opnuð, Dairy Queen við Hjarðarhaga í Reykjavík.
1974 Menntaskólinn á Ísafirði útskrifar fyrstu stúdentana.

**ÞETTA GERÐIST:** 3. JÚNÍ ÁRIÐ 1926

## *Fílharmoníuhljómsveit Hamborgar leikur í Iðnó*

Fílharmoníuhljómsveit Hamborgar, undir stjórn Jóns Leifs, hélt tónleika í Iðnó þennan dag fyrir 85 árum. Tónleikarnir voru síðasti viðburður í tónleikaferð hljómsveitarinnar um Norðurlöndin og mörkuðu tímamót í menningarlífi Reykjavíkur. Í dómi um tónleikana segir að þetta hafi verið „mesti viðburðadagurinn í listasögu þessa lands“.

Fílharmóníuhljómsveit Hamborgar var ein frægasta hljómsveit í Evrópu, skipuð 40 manns og hélt alls átta tónleika í Iðnó og fimm í Dómkirkjunni. Þetta var jafnframt í fyrsta sinn sem fullskipuð sinfóníuhljómsveit lék hér á landi.

Á dagskránni voru meðal annars verk eftir Jón Leifs, Minodrama og sorgargöngulag úr „Galdra Lofti“ og forleikurinn „Minni Íslands“.

Jón Leifs sigldi til Þýskalands 17 ára og lagði stund á tónlistarnám. Hann kvæntist konu af gyðingaættum og bjó í Þýskalandi allt til ársins 1944.





**STYRKURINN HVATNING** Rakel Sölvadóttir og Laufey Dís Ragnarsdóttir ásamt börnum Rakelar sem tóku þátt í tilraunavinnunni, Daníel Breka Sverrissyni og Ólínu Helgu Sverrisdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÆ ÁRSINS 2011: BÖRNIN Í UNDRALANDI TÖLVULEIKJANNA

# Kenna börnum tölvuforritun

Verkefnið Börnin í undralandi tölvuleikjanna, hefur verið valið Fræ ársins 2011 og fær eina milljón króna í styrk. Fræ ársins er útnefnt árlega af Háskólanum í Reykjavík í samvinnu við Össur hf., Samtök iðnaðarins, Landsvirkjun, Klak – nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins og Eyri Invest ehf. Markmiðið er að styðja við frumstig nýsköpunar og gefa frumkvöðlum tækifæri til að breyta hugmynd eða frumgerð í viðskiptaáætlun og sprotafyrirtæki.

„Börnin í undralandi tölvuleikjanna snýst um að koma af stað kennslu í forritun á fyrstu stigum grunnskólans,“ útskýrir Rakel Sölvadóttir en hún ásamt Laufey Dís Ragnarsdóttur er höfundur verkefnisins. Rakel og Laufey eru báðar menntaðir tölvunarfræðingar og unnu verkefnið í námi sínu í sálfræði við HR.

„Hugmyndin spratt upp úr verkefni í þroskasálfræði, en þar gerðum við rannsókn á okkar eigin börnum sex og níu ára, til að kanna hvort þau gætu lært þetta. Þau höfðu fulla getu og voru fljót að tileinka sér aðferðina. Við byrjum að kenna krökkunum í þrívíddarumhverfi, þau draga tilbúna hluti inn á bakgrunn, kalla eða byggingar og annað og láta svo hlutina framkvæma eitthvað, tala eða labba til hægri og vinstri. Þannig fá þau hugmyndafræðina ómeðvitað í gegnum leik.“

Rakel og Laufey hafa þegar stofnað fyrirtækið Skema ehf. utan um verkefnið og stefna á að kenna fyrstu námskeiðin í sumar. Þær eru einnig komnar á Facebook með síðu þar sem hægt er að fylgjast með framvindu verkefnisins.

„Við erum að klára aðstöðuna og tímasetningarnar. Sumarnámskeiðin munum við nýta til að fullkomna aðferðirnar og kennsluefnið. Í framhaldinu viljum koma á samstarfi við sveitarfélögin og menntamálaráðuneytið um að koma verkefninu inn í grunnskólana í haust og hefja strax rannsókn á því hvernig áhrif kennsla í forritun hefur á börn,“ útskýrir Rakel en síðasta rannsókn á þessu sviði var unnin árið 1984. „Þá kom í ljós að þetta eykur rökhugsun og rýmisgreind, krakkarnir læra að þekkja eigin hugsun og setja sig í spor annarra á mjög skömmum tíma. Við viljum rannsaka þetta betur og einnig hvernig hægt er að nýta kennslu í forritun í öðrum námsgreinum. Við viljum losa fólk við hræðsluna gagnvart tölvum, þetta er ekkert hættulegt og þetta getur hver sem er lært.“

heida@frettabladid.is




†

*Elskulegur faðir okkar,*

**Þorsteinn Jóakimsson**
bifreiðarstjóri, Hlíf 2, Ísafirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði miðvikudaginn 25. maí. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 4. júní kl. 14.00. Þeir sem vilja minnast hans vinsamlega láti minningarsjóð Úlfs Gunnarssonar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði njóta þess.

**Sigurbjörg Þorsteinsdóttir** — **Páll Kristmundsson**
**Rósa Þorsteinsdóttir** — **Árni Aðalbjarnarson**
**Gunnar Theodór Þorsteinsson** — **Elín Huld Halldórsdóttir**
**Friðgerður Þorsteinsdóttir**
**og barnabörn**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Halla Margrét Ottósdóttir**

sem lést þann 29. maí, verður jarðsungin kl. 11.00 frá Bústaðakirkju mánudaginn 6. júní.

**Björg Margrét Sigurgeirsdóttir**
**Jakobína Elsa Ragnarsdóttir**
**Ragnheiður Ragnarsdóttir** — **Ólafur Björgvinsson**
**Friðrik Ottó Ragnarsson** — **Margrét Sólveig Sigurðardóttir**
**Hulda Ragnarsdóttir**
**Þór Ragnarsson** — **Sigríður Þráinsdóttir**
**Ragnar Ragnarsson** — **Oddný Vestmann**
**Þórður Úlfar Ragnarsson** — **Anna Sólveig Sigurðardóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Svava Sigmundsdóttir**
frá Björgum

lést á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki 30. maí. Útförin verður gerð frá Hofsóskirkju laugardaginn 4. júní og hefst athöfnin kl. 16.

**Sigurður Kristjánsson** — **Kristín R. Fjólmundsdóttir**
**Aðalheiður Sigrún Kristjánsdóttir** — **Fjólmundur Fjólmundsson**
**og fjölskyldur.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Pétursdóttir**
Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést þann 20. maí síðastliðinn. Útför hennar verður gerð frá Fossvogskirkju í dag kl. 13.00.

**Jón Guðnason** — **Kolbrún Hámundardóttir**
**Ásdís Guðnadóttir**
**Guðný Sigrún Guðnadóttir**
**Guðrún Petra Guðnadóttir** — **Þorsteinn Arthursson**
**Guðni Guðnason** — **Rósa Sólrún Jónsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**


4BLS BÆKLINGUR
SUMAR TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Út júní mánuð fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3% lántökugjald og 295kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
NÝ TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
AÐEINS EINN Á MANN
4GB MINNISLYKILL
Örsmár og nettur USB 2.0 minnislykill á ótrúlegu tilboði, fyrstir koma fyrstir fá!
1.490
8GB 3.990 • 16GB 7.990
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
BenQ
24"BENQ LCD SKJÁR
BENQ G2420HDB FULL HD 1080P er einn mest seldi skjár á Íslandi og á ótrúlegu tilboðsverði
29.900
ÓTRÚLEGT VERÐ Á 24" LCD
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
1TB FLAKKARI
Ótrúleg tilboðsverð á glæsilegum Seagate, WD og Samsung USB2 flökkurum
9.990
1.5TB 12.900 • 2TB 16.900
3. JÚNÍ 2011 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.
TÖLVUTEK
Borgartún 31 Reykjavík
GLÆSILEGAR VERSLANIR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI
TÖLVUTEK
Undirhlíð 2 Akureyri

1GB DX11 SKJÁKORT



## GIGABYTE
### DELUXE TILBOÐ 2

- GIGABYTE LUXO X142 leikjaturn
- Intel Core i3-2100 Dual Core 3.1GHz
- 8GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 2TB SATA3 64MB Seagate diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB GT430 DX11 3D Vision Ready
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

**129.900**

LEIKJATURN Á ÓTRÚLEGU VERÐI

OneTwo M

packard bell



## All-in-One
### 22" BORÐTÖLVA

- Athlon II Dual Core X2 220 2.8GHz
- 4GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 7200RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 22" Full HD 16:9 snertiskjár 1920x1080
- 512MB nVidia GeForce 9200 skjást.
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- Innb. sjónvarpskort og fjarstýring
- Windows 7 Home Premium

**119.900**

BORÐTÖLVA MEÐ SNERTISKJÁ



UPPTAKA Í 2ÁR

TAKTU UPP 2,5 TÍMA Á DAG ALLA DAGA VIKUNNAR Í TVÖ ÁR :)

ÞRÁÐLAUST NET

EKKERT MÁL AÐ TENGJA ÞRÁÐLAUST VIÐ NET

DOLBY DIGITAL · dts · Full HD 1080 · Blu-ray

ARGOSY

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND



3 LITIR

LACIE

## 500GB
### RIKIKI GO FLAKKARI

Örsmár LaCie Rikiki GO flakkari í burstaðri álhýsingu með innbyggðan Metal USB kapal og sá minnsti sinnar tegundar

- 500GB LaCie hágæða flakkari
- 33% meiri hraði með USB boost
- Örsmár í lófa og aðeins 158gr.
- Sérhannaður innfelldur USB kapall
- Þarf ekki straumbreyti
- Öryggis- og afritunar hugbúnaður
- Höggvarið og glæsilegt álhús
- Sá minnsti af sinni tegund!

**12.900**

320GB 9.990 | 1TB 19.900

USB 3.0

10X HRAÐARA TENGI OG SAMHÆFT VIÐ ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA

LACIE



## 2TB
### MINIMUS FLAKKARI

- 2TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af hönnunarliði LaCie
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi aftan á flakkaranum
- 1-Click afritunarhugbúnaður
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**19.900**

ÚRVAL LACIE FLAKKARA



## CREATIVE EP630

Sérsniðin heyrnartól fyrir mp3 spilara, létt og þægileg, mjúkt gúmmí sem lagar sig að eyranu

**4.990**

FÁST Í SVÖRTU OG HVÍTU

FÁANLEG SVÖRT, RAUÐ EÐA HVÍT



## M7700
### ÞRÁÐLAUS

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Nano sendir geymist í músinni
- High-precision Laser 1600dpi tækni
- Stillanleg 800 - 1600dpi upplausn
- 5 hnappar og 4ra átta skrunhjól
- Rafhlaða endist í 6+ mánuði

**4.990**

BLUETOOTH ÚTGÁFA KR. 6.990



120GB SSD DISKUR

## 120GB
### SATA3 SSD

- 120GB OCZ Vertex 3 SATA3 diskur
- Háhraða SSD stýrikerfisdiskur
- Höggvarinn að 1500G álagi
- Read 550MB/sec, Write 500MB/sec
- SandForce 2281 háhraða stýring
- 60/85K IOPS einn hraðasti SSD í dag

**49.900**

ÚRVAL AF SSD DISKUM



## RS120
### ÞRÁÐLAUS

Hágæða þráðlaus heyrnartól með innbyggðum NiMH hleðslurafhlöðum ásamt hleðslustöð. Supra Aural tækni tryggir hljómgæðin

**9.990**

SENNHEISER HEYRNARTÓL



## GIGABYTE
### UPPFÆRSLA 2

- Athlon II X2 Dual Core 250 3.0GHz
- GIGABYTE 78LMT móðurborð
- 2GB DDR3 1333MHz hágæða minni
- 512MB ATI Radeon HD3000 skjást.
- 5.1 HD Home Theater hljóðstýring
- GB LAN, 10xUSB2, SATA2 RAID, ofl.

**24.900**

ENN BETRA VERÐ Á UPPFÆRSLUM

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900



**Spilmenn Ríkínis** ríða á vaðið í sumartónleikaröð Gljúfrasteins sunnudaginn 5. júní klukkan 16. Sungin og leikin verða þjóðlög á langspil, hörpu, gígju, gemshorn og symfón.



**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473




**Faraj Shwaiki rekur arabíska veitingastaðinn Al Amir í Hafnarfirði.**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Faraj Shwaiki fékk tvo drauma uppfyllta 9. september árið 2009. Á þeirri dagsetningu sem útleggst 09.09.09 opnaði hann veitingastað sinn Al Amir í Bæjarhrauni 4 í Hafnarfirði og eignaðist dóttur. „Já þetta var svolítið stressandi dagur,“ segir Faraj glaðlega. Hann er upprunalega frá Palestínu en flutti hingað til lands fyrir um tuttugu árum. Hann hefur unnið á mörgum arabískum veitingahúsum í gegnum tíðina og segist sjálflærður í matargerðarlistinni. „Mig langaði til að opna ekta arabískan veitingastað,“ segir hann og lofar arabískri upplifun enda flytur hann sjálfur inn krydd frá Palestínu.



Faraj Shwaiki

Al Amir hefur náð vinsældum í Hafnarfirði en bráðlega fá Reykvíkingar einnig eitthvað fyrir sinn snúð. „Við erum þrír sem vorum að stofna hlutafélag og ætlum að opna Al Amir í húsnæði í nálægð við Skólavörðustíg,“ segir Faraj og gefur uppskrift að palestínskum þjóðarrétti.

*solveig@frettabladid.is*

## MAQLUBA,

Þjóðarréttur Palestínu **FYRIR 4**

8 kjúklingabitar
4 bollar hrísgrjón
8 bollar vatn
1 lítill blómkálshaus
1 lítið eggaldin
4 kartöflur meðalstórar
Kjúklingakraftur
2 tsk. salt
3 tsk. mahluba krydd (eða arabískt kjúklingakrydd)
Pipar eftir smekk
Season All
1 tsk. Turmeric (má sleppa)



*Kryddið kjúklingabitana með Season All og salti. Einnig má nota gott kjúklingakrydd í staðinn. Setjið í eldfast mót í ofn í um hálftíma svo hann brúnist örlítið. Eggaldin er skorið í sneiðar, raðið á disk og stráið salti yfir. Látið bíða í 20 mín. Steikið á pönnu, pressið olíuna úr áður en eggaldinið er sett í pott með loki sem þolir að fara inn í ofn. Blómkál er skorið í bita, steikt á pönnu og sett í pottinn. Niðurskornar kartöflur eru einnig létt brúnaðar og bætt í pottinn. Kjúklingnum er nú bætt í pottinn. Hrísgrjónin eru soðin í vatni og krydduð með þeim kryddum sem nefnd eru í uppskrift. Einnig má setja soðið af kjúklingnum út í. Þegar hrísgrjónin eru soðin er þeim bætt út á kjúklinginn, lok sett á pottinn og sett í ofn í um 30 til 40 mín. Hvolfið réttinum á fat. Gott er að strá steiktum furuhnetum og möndlum yfir.*

**Sósa**
*AB mjólk með smátt skorinni gúrku og hvítlauk.*

**Salat**
4 tómatar
Hálf gúrka
Sítrónusafi
1/2 tsk. salt
Steinselja
Hálfur bolli kalt vatn
Ólífuolía





**Djassdagskrá** verður á veitingastaðnum Jómfrúnni á laugardögum í allt sumar. Sigurður Flosason, Andrés Þór Gunnlaugsson, Þórir Baldursson og Einar Scheving mæta fyrstir til leiks á morgun og spila blúsaðan djass fyrir alla.






Kvennahlaupið fer fram á morgun í 22. sinn. Hlaupið er á 84 stöðum hérlendis og í 14 löndum erlendis. Kvennahlaupið er haldið í samstarfi við Styrktarfélagið Líf undir slagorðinu „Hreyfing allt lífið“.

sjova.is



Björn tók þessa mynd af sjálfum sér í hellinum Leiðarenda. MYNDIR/EXTREME ICELAND

# Fá fegurðina að launum

**Undir yfirborði jarðar leynist veröld þar sem ævintýri og fegurð eru við völd. Hún verður könnuð á morgun kl. 13 í hellaferð sem efnt er til á Björtum dögum í Hafnarfirði í samstarfi við Extreme Iceland.**

„Það er gríðarlega skemmtilegt og mikið upplifelsi að koma inn í myrkrið og sjá hvernig hraunið rann og hvaða ummerki það skildi eftir sig,“ segir Björn Hróarsson, jarðfræðingur og hellafræðingur, sem stýrir ferð um hellinn Leiðarenda í Hafnarfjarðarhrauni á morgun. Lagt er af stað frá bílaplaninu við Bónus á Völlunum klukkan 13 og allir þátttakendur fá ljós og hjálm.

„Leiðarendi er 900 metra langur hellir rétt fyrir utan Hafnarfjörð. Þar er hann búinn að vera í einhver 2.000 ár, eftir því sem ég best veit en hann fannst um 1994,“ lýsir Björn. Aðspurður segir Björn hellinn þægilegan yfirferðar. Þó þurfi fólk að beygja sig á köflum og jafnvel fara á fjóra fætur. „En það er vel þess virði því menn fá fegurðina að launum,“ segir hann sannfærandi.



Leiðin inn í myrkrið – innviði hraunsins.

Leiðarendi liggur í hring að sögn Björns. „Hraunelfan sem þarna hefur runnið neðanjarðar hefur greinst í tvær kvíslar sem svo hafa runnið saman aftur,“ útskýrir hann. „Það er bara eitt op á hellinum og við förum niður í það öðru megin og komum upp úr því hinum megin.“

Mannvistarleifar eru engar í hellinum en ein beinagrind af sauðkind sem þar hefur ráfað inn og ekki fundið útgönguleið aftur. „Menn verða vel ljósum búnir,“ segir Björn og tekur fram að leiðin sé flestum fær því farið sé varlega yfir. „Það er mjög barnvænt sport að fara í hellaferðir,“ tekur hann fram.

Gert er ráð fyrir um tveimur tímum neðanjarðar og hálftíma akstri hvora leið, svo um þrír tímar fara í ferðina og þátttökugjald er 5.000 krónur fyrir manninn.

*gun@frettabladid.is*















# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

3. júní 2011


# MARGRÉT Erla Maack

## Dansandi fjölmiðlakona

- Ýr Þrastardóttir til Bandaríkjanna
- Hvítt sumar • Á rúmstokknum
- Áströlsk tíska


FRÁBÆRT FLAKKARATILBOÐ

Samsung G2 320GB

Lítill og nettur 320GB flakkari með flottri kóbalt áferð.
Tekur straum í gegnum USB. Windows og Mac. 0,146 kg.

SAMSUNG

TILBOÐ

Kr. 9.950

320GB

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700
• WWW.ATT.IS

# núna

*Sumarið er tíminn*



**SUMARLEGUR ILMUR** ilmurinn Eternity Summer frá Calvin Klein minnir á heita sumardaga og villt blóm. Ilmvatnið inniheldur meðal annars ilm af liljum og kóríander, jasmín og fíkjum. Yndislegur og blómlegur sumarilmur.

## blogg vikunnar

### New York tíska

Tískuáhugafólk ætti að hafa gaman af því að skoða bloggsíðuna www.brookandlyn.com/blog. Sú sem stendur á bak við bloggið heitir Mimi og hóf hún að blogga árið 2008. Síðan þá hefur bloggsíðan náð miklum vinsældum og í fyrra var Mimi talin í hópi tíu vinsælustu bloggara New York borgar. Stúlkan er með klassískan fatastíl en er þó alls óhrædd við að blanda saman sterkum og glaðlegum litum.



### Notaleg heimili

Það er engu minna gaman að skoða falleg heimili manna og kvenna og það er að skoða inn í fataskápa fólks. Síðan www.desiretoinspire.net inniheldur fullt af fallegum myndum af dásamlegum heimilum hér og þar í heiminum.



ÝR ÞRASTARDÓTTIR HEILLAR TÍSKUHEIMINN:

# FUNDAÐI MEÐ BARNEY'S

Fatahönnuðurinn Ýr Þrastardóttir hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir hönnun sína bæði hér heima og úti í heimi. Bandarískt upplýsingafyrirtæki hreifst svo af hönnun Ýrar á RFF-tískuhátíðinni að það hefur boðist til að sjá alfarið um allt sem viðkemur umfjöllun og útliti merkisins.

Ýr er nýkomin heim frá New York þar sem hún dvaldi í þrjár vikur við að kynna sjálfa sig og merki sitt fyrir fólki innan tískuiðnaðarins. Hún fékk meðal annars fund með kaupanda hjá hinni frægu verslun Barney's New York og kaupanda hjá japönsku versluninni Restir. „Eftir RFF hafði erlent auglýsingateymi samband við mig, en í því var meðal annars fyrrum framkvæmdastjóri nýsköpunarsviðs Gucci Group. Hann er að stofna sitt eigið fyrirtæki, Wardencliff, og það hefur áhuga á að endurgera allt sem viðkemur útliti og ímynd ÝR-merkisins og staðsetja það á meðal dýrari merkjavara," útskýrir Ýr sem er himinlifandi með samstarfið.

Til að kynna merkið enn frekar voru teknar nokkrar myndir hér heima og einnig í New York. Ýr segist alls staðar hafa fengið mjög jákvæð viðbrögð og er meðal annars komin með fjárfesta með sér inn í fyrirtækið. „Ég stefni á að sýna úti í New York næstu tvö árin þannig að ég mun flytja út núna í haust. Næst á dagskrá er að undirbúa sýningu fyrir haustið þar sem vor/sumarlínan 2012 verður kynnt." **-sm**



**Efnileg** Ýr Þrastardóttir þykir efnilegur hönnuður. Hún heldur utan til New York í haust þar sem hún mun vinna að hönnun sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> *Ég stefni á að sýna úti í New York næstu tvö árin þannig ég mun flytja út núna í haust.*


SALON REYKJAVÍK

**20% afsl. af Redken sjampói og næringu laugard. 4 júní.**



SALON REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á NÝJA NATURA KERATIN SLÉTTUNARMEÐFERÐ SEM GEFUR MJÚKT, LÉTT, HEILBRIGT, FALLEGT OG GLANSANDI HÁR.



**VERIÐ VELKOMIN Á SALON REYKJAVÍK, GRANDAGARÐI 5, 101 REYKJAVÍK, SÍMI: 56 85 305**


Nostalgía selur gamlar hönnunarflíkur:

# Gamlir gimsteinar

Verslunin Nostalgía við Laugaveg hefur fyrst verslana tekið til sölu „vintage" hönnunarflíkur og geta tískuunnendur nú fest kaup á kjólum frá Pucci og Yves Saint Laurent, skóm frá Prada, tösku frá Moschino og ýmsu öðru girnilegu.

Nostalgía er eina verslunin á landinu sem býður upp á gamlar hönnunarflíkur og að sögn Dagnýjar Berglindar Gísladóttur, verslunarstjóra Nostalgíu, hafa starfsstúlkurnar safnað saman þessum flíkum í einhvern tíma. „Það er erfitt að komast yfir svona sérstakar flíkur og við höfum safnað þessum í einhvern tíma núna. Við vitum að það leynast nokkrar svona flíkur með næstu sendingu sem við fáum þannig að við ætlum að reyna að halda áfram að bjóða upp á vandaðar hönnunarflíkur í versluninni." Dagný segir móttökurnar hafa verið góðar og að fjöldi viðskiptavina hafi tjáð þeim ánægju sína með þessa nýjung. **- sm**



**Gömul hönnun** Verslunin Nostalgía býður nú upp á gamlar hönnunarflíkur frá merkjum á borð við Pucci, Prada, Yves Saint Laurent og Calvin Klein.

## augnablikið



**FÖNGULEG** Leikkonan Nicole Kidman mætti í þessum svarta blúndukjól á Billboard-verðlaunahátíðina. Háraliturinn og hárgreiðslan fara leikkonunni sérstaklega vel. NORDICPHOTOS/GETTY


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Barnaheill – Save the Children reka heilsugæslustöð sem kemur í Sanjay fátækrahverfið í Delhí einu sinni í viku og fylgist sérstaklega með heilsu barnanna vegna nálægðarinnar við ruslahaugana. Á ári hverju látast milljónir barna af orsökum sem auðvelt er að koma í veg fyrir með einföldum og ódýrum aðferðum.
Taktu þátt í að efla mannréttindi barna með því að vera heillavinur.

**Farðu á barnaheill.is eða hringdu í 580 8022 og vertu heillavinur með 1.000 kr. framlagi eða meira á mánuði.**

Gerður Kristný **heillavinur**

Barnaheill
Save the Children Iceland

HVÍTI LITURINN VERÐUR ÁBERANDI Í SUMAR:

# HVÍTT, HIÐ NÝJA SVART

Þrátt fyrir yfirvofandi litadýrð í sumartískunni verður hvíti liturinn einnig áberandi og hafa rómantískir kjólar, hvítar blúndur og gegnsæ pils sjaldan verið heitari.

Hvítur alklæðnaður, líkt og sjá mátti hjá Chloé, Dolce & Gabbana, Alexander Wang og Issey Miyake, mun leysa af þann svarta sem hefur verið ríkjandi í vetur. Rómantískar blúnduflíkur, gólfsíð pils og fallegir hvítir kjólar verða áberandi í bland við hreinni og einfaldari stílsnið í anda Miyake. Kveðjið litla, svarta kjólinn yfir sumarið og heilsið upp á þann hvíta. Sé fólk viðkvæmt fyrir hreinleika hvíta kjólsins má alltaf bæta úr því með gallavesti og örlitlu leðri.

- sm


Accessorize


Chloé

Dolce & Gabbana


H&M

Kaupfélagið


Issey Miyake


Topshop

MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

WWW.MK.IS
Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

Hvert skal stefna í lífinu?

STÚDENTSNÁM
- Félagsfræðabraut
- Mála- og ferðafræðibraut
- Náttúrufræðibraut
- Viðskipta- og hagfræðibraut
- Listnámsbraut

GRUNNDEILD MATVÆLAGREINA
fyrir þá sem stefna á að vera:
- Bakari
- Framreiðslumaður
- Kjötiðnaðarmaður
- Matreiðslumaður

FRAMHALDSSKÓLABRAUT

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN




the PIER
FOR YOUR HOME
PAPPALUKTIR
FRÁ: 890.-
GARÐKANNA
390.-
TILBOÐ
30% AFSL.
AF STÓLSESSUM
VERÐ FRÁ: 833.-
LUKT
1190.-
SÓLSTÓLL 11.900.-
LUKT STÓR
11.990.-
GLERLUKTIR
1290.-
PÚÐAR
3 FYRIR 2
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ: 990.-
ÚTIPOTTUR 5990.-
7.990.-
790.-
POLIRATTANSTÓLL
19.900.-
LUKTIR 790.-
POLIRATTANSÓFI
29.900.-
ENGILL
1190.-
MEXICO MATARSTELL
30% AFSL.
POLIRATTANBORÐ
15.900.-
JÁRNSTÓLL
9990.-
BORÐ
14.900.-
ÚTIKERTI
3490.-
ÍLÖNG
ÚTIKERTI
890.-
VESPUVEIÐA 490.-
TILBOÐ
HVÍTT BORÐ OG
TVEIR STÓLAR
VERÐ ÁÐUR: 34.880.-
TILBOÐ: 24.880.-
ÞÚ SPARAR
10.000!
LAUTARSETT
ÚR PLASTI
1190.-
the PIER
BORÐ
19.900.-
LEIKSTJÓRA-
SÓLSTÓLL 9990.-
KÍKTU Á OKKUR Á FACEBOOK
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# SLAPPAR AF Í HELLO KITTY NÁTTFÖTUM

**Margrét Erla Maack, fjölmiðlakona, uppistandari og magadanskennari, hefur enn ekki ákveðið hvað hún vill verða þegar hún er orðin stærri.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Anton Brink

Ég var í ensku í Háskóla Íslands og var komin með nóg af námi. Á þessum tíma var vinur minn að hætta sem skrifta hjá Evu Maríu (Jónsdóttur) og spurði hvort ég vissi um einhvern sem hefði áhuga á starfinu. Mér fannst það mjög spennandi sjálfri og ákvað þess vegna að mæta ekki í síðasta prófið mitt í Háskólanum og fara frekar í tökur til Evu Maríu og sjá hvernig það færi. Ég fékk svo starfið og vann þar allt til vorsins 2008 þegar ákveðið var að hætta framleiðslu þáttanna," segir Margrét Erla Maack um upphaf fjölmiðlaferils síns. Á sama tíma og hætt var með þætti Evu Maríu var útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson að leita að stúlku í útvarpsþáttinn Rokkland á Rás 2 og mælti samstarfsmaður Margrétar Erlu með henni í starfið. Hún þótti bæði vel máli farin og með ómþýða rödd og ekki skemmdi fyrir að hún hafði unnið sem plötusnúður í frítíma sínum.

„Eftir Rokklandið fáum við Heiða (Ólafsdóttir) okkar eigin morgunþátt og byrjum þá að sinna dagskrárgerð af meira kappi, sem fól í sér viðtöl við skemmtilegt fólk og annað slíkt. Svo bauðst mér að leysa Ragnhildi Steinunni (Jónsdóttur) af í Kastljósinu á meðan hún var í fæðingarorlofi. Þar sem ég hafði bæði unnið sem skrifta og í útvarpi þurfti ekki að kenna mér neitt rosalega mikið í tækni- og klippimálum áður en ég fór á skjáinn." Margrét mun sinna því starfi út mánuðinn en þá snýr hún aftur í útvarpið.

## MAN EKKI EFTIR FYRSTU ÚTSENDINGUNNI

Margrét Erla segir sjónvarpsstarfið ólíkt því sem hún vandist innan útvarpsins en segir bæði störfin stórskemmtileg. „Helsti munurinn er sá að í útvarpsstarfinu fara ekki af stað sögusagnir um að maður sé óléttur ef maður fitnar," segir hún og hlær, „Nei, helsti munurinn felst í vinnuferlinu sjálfu. Í útvarpinu fer maður bara út með græjuna sína og tekur viðtal við áhugavert fólk. Viðmælandinn virðist einnig vera einlægari í útvarpsviðtali því þá er maður ekki með tökumann, hljóðmann og annað starfsfólk með sér á meðan á viðtalinu stendur. Það var líka auðveldara að sinna landsbyggðinni í útvarpinu því þá gat maður einfaldlega hringt í viðkomandi. Það fer mikill tími í allt þetta sjónræna fyrir sjónvarpsviðtalið, maður þarf að mæta á staðinn og passa upp á að myndefnið sé líka skemmtilegt," útskýrir hún.

Hún viðurkennir að það hafi verið taugatrekkjandi að standa í fyrsta sinn fyrir framan upptökuvélina en segir það venjast nokkuð fljótt. „Ég man ekkert eftir fyrstu útsendingunni fyrr en ég horfði á hana eftir á," segir hún og hlær.

## ENGIN HANDVERKSMANNAÆTT

Margrét Erla er uppalin í Þingholtunum í Reykjavík og telur ólíklegt að hún muni nokkru sinni flytja þaðan. „Það var rosalega fínt að alast upp í Þingholtunum. Stór hluti fjölskyldunnar bjó í næsta nágrenni og mamma vann í barnafataverslunini hennar ömmu í Bankastrætinu, þannig að það var meira að segja stutt í vinnuna til mömmu." Þótt hún hafi búið allt sitt líf í miðbænum vill Margrét Erla ekki kannast við það að vera miðbæjarrotta og kveðst oft fara út fyrir mörk 101. „Já, já, ég fer reglulega úr 101 og alla leið upp í Efstaleiti," segir hún í gamansömum tón.

Spurð út í eftirnafn sitt segir Margrét Erla það vera þýskt að uppruna og þýða handverksmaður. „Ég er samt ekki af neinum handverksmannaættum. Ég vildi óska að það væri einhver rómantísk saga á bak við nafnið og ég hef stundum reynt að skálda upp einhverja fallega sögu í kringum það, en það var víst bara einhver langalangalangafi minn sem fannst nafnið það flott að hann ákvað að taka það upp. Sagan er ekki meira spennandi en þetta," segir Margrét Erla og hlær.

## LAGÐI BALLETTINN Á HILLUNA

Auk sjónvarpsstarfsins kennir Margrét Erla magadans í Kramhúsinu, en sjálf hefur hún lagt stund á dans allt frá blautu barnsbeini. Hún æfði ballett á sínum yngri árum en hætti því átján ára gömul og færði sig yfir í magadansinn stuttu síðar. „Ég var á þeim aldri þegar maður þarf að taka ákvörðun um hvort maður ætli að verða atvinnudansari eða snúa sér að einhverju öðru og ég ákvað að snúa mér að einhverju öðru. Ég var líka orðin svo bakveik eftir ballettinn og heyrði sagt að magadans gæti styrkt bakið.

Ég ákvað að prófa þótt mér þætti þetta ekki alveg í stíl við litlu kvenréttindakonuna sem ég er, en komst fljótlega að því



*„Helsti munurinn er sá að í útvarpsstarfinu fara ekki af stað sögusagnir um að maður sé óléttur ef maður fitnar*

**Fjölhæf** Margrét Erla Mack, fjölmiðlakona, uppistandari og magadanskennari, er fjölhæf ung ko aldrei of mikið að gera.

að magadans á ekkert skylt við erótískan dans," segir Margrét og bætir við; „Magadans er mikill kvennafjársjóður og lærist kynslóð frá kynslóð og geymir því eiginlega menningararf kvenna frá Austurlöndunum."

Margrét er einnig meðlimur í Sirkus Íslands sem hefur hópurinn verið duglegur að setja upp sýningar bæði fyrir börn og fullorðna. Þriðja fjölskyldusýning sirkussins, Ö Faktor, verður frumsýnd í Tjarnarbíói í júlí og segir Margrét hana setta upp í anda hæfileikakeppna á borð við X Factor.

Annað áhugamál Margrétar er uppistand og hefur hún sjálf troðið upp á svonefndum stelpuuppistandskvöldum sem hafa verið haldin reglulega frá árinu 2009. „Mér fannst hugmyndin að þessum kvöldum svo frábær að mig langaði bara til að vera með. Það er alls ekki hræðilegt að standa ein á sviðinu því maður er ekki að troða atriðinu upp á fólk heldur er það komið til að skemmta sér og þess vegna hlær það alltaf," útskýrir hún. Í atriði sínu fjallar Margrét um ýmis atvik úr eigin lífi á hispurslausan hátt. Innt eftir því hvort henni þyki ekkert óþægilegt að deila slíkum sögum með ókunnugum svarar hún neitandi. „Sögurnar eru færðar vel í stílinn og maður segir auðvitað ekki þær sögur sem maður er viðkvæmur fyrir, heldur aðeins þær sem maður er búinn að fá svolitla fjarlægð á."

## DREKKUR KÓK ÚR BOLLA

Undanfarin tvö ár hefur Margrét

Full búð af nýjum sumarvörum



MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
FJÖRÐUR
www.fjordur.is



na. Þrátt fyrir að hafa í nógu að snúast hefur hún

## myndaalbúmið



Hérna er ég með bestu vinkonu minni, Ragnheiði Maísól Sturludóttur, að hita upp fyrir 2manyDJs í Laugardalshöll á EVE-fanfestinu 2009. Við Maísól erum saman í snúðeríinu, Weird Girls og uppistandinu og ég innlimaði hana inn í sirkusinn fyrir stuttu, enda er hún mikil hæfileikadrottning.



Þessi mynd er tekin þegar ég skrópaði í prófi og fór í tökur með Evu Maríu. Fyrsta djobbið mitt á RÚV var sem sagt að passa að geiturnar færu ekki í mynd. Viðtalið fór fram í geithúsi og mér sýnist ég vera með kiðlinginn Dropa í fanginu.



Baksviðs á jólasýningu Kramhússins í desember 2010. Indverskar dansmeyjar og Elvisar. Þarna sést líka önnur besta vinkona, Diljá Ámundadóttir, sem er í fagurgrænu og með blik í auga.



Hér erum við systurnar í garðinum heima. Ég er tólf ára og Vigdís er þriggja ára. Hún er alltaf svona hress, hún systir mín, og það er alltaf svona gaman hjá okkur. Og við erum oft svona fínar.






Erla verið virk á Twitter-samskiptasíðunni og þar deilir hún ýmsum skemmtilegum upplýsingum með fólki, til dæmis því að hún drekkur kók úr bolla og á Hello Kitty náttföt. „Já, ég á Hello Kitty náttföt, þau eru svo mjúk. Á meðan aðrir fara í joggingföt eftir erfiðan vinnudag fer ég í Hello Kitty náttföt og drekk kók úr bolla," segir hún hlæjandi.

Þegar talið berst að framtíðaráformum Margrétar Erlu segir hún þau enn að mestu óráðin. „Ég er mjög ánægð þar sem ég er í dag en er ekki búin að finna út hvað ég ætla að verða þegar ég er orðin stór.

Einn mjög fjarlægur draumur er að verða danshöfundur og semja dansa fyrir kvikmyndir, auglýsingar eða sjónvarpsþætti.



**Alistair Trung** Gegnsæ og látlaus hönnun frá Alistair Trung.



**Christopher Esber** Þægilegur hvítur kjóll frá hinum efnilega Esber. NORDICPHOTOS/GETTY



**Stolen Girlfriends Club** Skemmtileg hönnun frá hinu vinsæla ástralska merki Stolen Girlfriends Club.



**Arj Selvam** Hönnuðurinn lærði verkfræði áður en hann ákvað að stofna sitt eigið tískumerki. Hönnun hans einkennist af hreinum en flóknum línum.



**Alistair Trung** Fallegur jakki og leðurstuttbuxur frá Trung.

Tískuvikan í Ástralíu fór fram í byrjun maí:

# Mjúkar og léttar línur að sunnan

Tískuvikan í Ástralíu var haldin hátíðleg fyrstu vikuna í maí og var margt fallegt að sjá á tískupöllunum þar eins og myndirnar bera vitni um. Forvitnilegt er að fylgjast með tískustraumunum sem þar ríkja og eru ástralskir hönnuðir engir eftirbátar þeirra frönsku eða ítölsku. - sm



**Josh Goot** Látlaus kjóll með fallegum litaskvettum frá hinum ástralska Goot.



**Crystal Tsoi** Tsoi er fædd í Hong Kong og blandar gjarnan saman vestrænum og austrænum áhrifum í hönnun sinni.



**Poppy Lissiman** Tískumerkið var stofnað árið 2008 og þykir Lissimann nokkuð efnilegur hönnuður.



**Limedrop** Áströlsku hönnuðirnir Clea Garrick og Nathan Price eru þekkt fyrir að nota skæra liti í hönnun sinni.



**Zhigang 'Del' Chen** Jarðlitir og silki frá kínverska hönnuðinum Chen.



**Emma Mulholland** Hönnuðurinn sækir innblástur sinn mikið til brimbrettamenningarinnar í Ástralíu.

MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

SKRIFSTOFU- OG FJÁRMÁLAGREINANÁM
NÁM FYRIR FULLORÐIÐ FÓLK

Nám sem nýtist þér!

**Skrifstofubraut I**
Staðbundið nám, tvær annir – höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.
Staðbundið nám, kennslutími frá kl. 8:20 – 13:00.

**Fjarnám,** þrjár annir. Kennt í lotum.

**50+**
Hagnýtt nám fyrir þá sem eru komnir yfir fimmtugt, vilja styrkja sig í lífi og starfi eða taka að sér ný verkefni.

**Office Skills Programme for foreigners**
Nám á skrifstofubraut fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

**Skrifstofubraut II**
Staðbundið nám, kennslutími frá kl. 8:20 – 13:00.

**Hagnýtt viðskipta- og fjármálagreinanám**
Spennandi námsleið sérsniðin að vinnutíma fólks í fjármálafyrirtækjum. Áhersla lögð á hagnýtar viðskiptatengdar námsgreinar. **Fjarnám.**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



Upplýsingar veitir fagstjóri viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/824 4114.
Netfang inga.karlsdottir@mk.is

www.lyfja.is








# ESTĒE LAUDER

## Krem og gjöf

Ef þú verslar krem frá Estée Lauder í Lyfju Lágmúla og Lyfju Smáratorgi dagana 3. – 8. júní færðu snyrtitösku með vörum að gjöf.

*Meðan birgðir endast

LYFJA
- Lifið heil






Proenza Schouler, vor 2011.



Christian Dior, vor 2011.



Marni, vor 2011. NORDICPHOTOS/GETTY

AUGABRÚNIR EIGA AÐ FÁ AÐ VAXA VILLTAR Í VOR:

# Stórar og ýktar augabrúnir

Stúlkur, fleygið plokkarunum og leyfið augabrúnunum að vaxa villtum. Á tískupöllunum í haust mátti víða sjá fyrirsætur bera ýktar og dökkar augabrúnir með sóma og eiga augabrúnirnar því að taka vaxtarkipp með gróðrinum í vor.

Fyrirsætur sem gengu pallana hjá tískuhúsum á borð við Proenza Schouler og Diane von Furstenberg voru lítið farðaðar og settu augabrúnirnar sterkan svip á heildarútkomuna. Hjá Christian Dior og John Galliano báru fyrirsæturnar þungan augnfarða sem gerði heildarsvipinn dramatískan. Tískuhúsið Marni fékk ekki nóg af því góða og skörtuðu fyrirsæturnar auka augabrún sem hafði verið teiknuð á með blýanti. - sm



Diane von Furstenberg, vor 2011.



John Galliano, vor 2011.




**Maternity er ný lína frá Oroblu**
sem var að koma á markað og eru meðgöngusokkabuxur sem styðja vel við maga, bak og fætur á meðgöngunni. Eru einstaklega þægilegar og veita góðan stuðning, sérstaklega þegar líða tekur á meðgönguna. Eru til í 40 denum í svörtum og nude litum eru því mjög fallegar með pilsum og kjólum, en henta einnig mjög vel undir buxur, leggings og litaðar sokkabuxur. Gerir ófrískum konum því mögulegt að klæðast hverju sem er og vera enn glæsilegri á meðgöngunni, ásamt því að auka vellíðan.



Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

## Klámkynslóðin?

Ég var nýverið á mjög áhugaverðum fyrirlestri um nethegðun unglinga. Fyrirlesarinn var frá SAFT-samtökunum og rakti ýmsar tölulegar staðreyndir um netnotkun okkar Íslendinga. Flestöll heimili í landinu eru nettengd og meirihluti unglinga fer nær daglega á netið. Um helmingur unglinga játaði að fara á netið þrátt fyrir að foreldrar bönnuðu það og stór hluti hafði séð klám á netinu, hvort sem það var af tilviljun eða einbeittum vilja.

Fullorðna fólkið fussar og sveiar og talar um hversu afbrigðileg unga kynslóðin er með sínum hárlausu kynfærum og hópsamförum. Sumir ganga svo langt að kenna heila kynslóð af börnum við klám og signir sig þegar það hugsar til þess hvert heimurinn sé að stefna þegar klám er talið „eðlileg" kynhegðun. Ég segi andaðu inn og út nokkrum sinnum áður en þú ferð að vorkenna „blessuðum" börnunum og afskrifa þau sem skemmd epli. Fullorðna fólkið hefur alltaf haft áhyggjur af yngri kynslóðum, sérstaklega þegar kemur að kynhegðun. Eigin hegðun forðum daga virðist hafa orðið gleymskunni að bráð. Fyrir tíma internetsins (eða rokktónlistar) gat fólk hamið sig. Það hittist bara einu sinni í mánuði á skipulögðum skemmtunum þar sem innilegur vangadans með hönd á rasskinn þótti gróft og kossar voru allir tungulausir. Í dag er öldin önnur og börnin eru að stilla sér upp í eggjandi stellingum, smella af mynd og deila með umheiminum. Fullorðna fólkið virðist halda að unglingarnir skelli sér á næsta bar til að hitta ónafngreinda internetvini og sendi þeim svo gróf kynlífsmyndbönd af sér. Rannsókn SAFT leiddi í ljós að þau börn sem fóru að hitta „ókunnuga" internetvini fóru oftast í fylgd með öðrum vini og fæstir voru tilbúnir til að senda einhverjum kynlífsmyndband eða eggjandi myndir af sér. Þá sögðust börnin einnig gera greinarmun á klámi og „raunverulegu" kynlífi (þó ber að taka fram að hegðun og viðhorf fer ekki alltaf saman). Þessar niðurstöður voru sambærilegar öðrum rannsóknum sem gerðar voru á Norðurlöndunum. Það eru ekki börnin sem eru verst í þessum málum heldur erum það „við", fullorðna fólkið. Það erum við sem dæmum þau því við kunnum ekki á internetið og hegðum okkur því á fyrrgreindan hátt. Það virðist bara vera að kynhegðun unglinga sé óþægileg og því er auðveldara að úrskurða hana sem ranga. Ég legg til að við hættum að dæma aðra og verum góðar fyrirmyndir, notum internetið skynsamlega og fræðum börnin fordómalaust í stað þess að stimpla þau sem sóðabrækur.

*** Fullorðna fólkið hefur alltaf haft áhyggjur af yngri kynslóðum**

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
***Netfangið er kynlif@frettabladid.is***

# Sumarskór og töskur

Blink Sandalar.
2 litir – svartur,
Koníaksbrúnn
Leður
Verð 9.990 kr.



Blink sandalar.
Leðurskór.
2 litir – svart og
dökkbrúnt.
Verð 11.990 kr.



**Bianco – Kringlunni**
s: 533-2130
www.facebook.com/ bianco-footwear – iceland



Sumarsandalar,
st. 36-41.
Leðursandalar,
svart og brúnt.
Verð 14.900 kr.

**GS-skór, Kringlunni og Smáralind**
s: 512-1760
www.facebook.com/GS- Skór
www.ntc.is



Bullboxer
Leðurskór með fylltum hæl.
3 gerðir og litir – svart og brúnt leður
og svart rúskinn.
Verð 15.990 kr.



Blómasandalar,
st. 36-41.
Einnig til í svörtu.
Verð 11.900 kr.

**Focus Kringlunni og Smáralind**
s: 512-1733
www.facebook.com/Focus -skór
www.ntc.is



Timless skór
Fylltir hælar. 2 litir - svartur og
camel brúnt.
Verð 9.990 kr.



Debbie tréklossar
St. 36-41
Það var mikil eftirvænting í Norðurljósasal Hörpu þegar nígeríski tónlistarmaðurinn Tony Allen steig á svið á miðvikudagskvöldið ásam Stórsveit Samúels Jóns Samúelssonar. Sammi og félagar, 17 talsins, hófu leik án Tonys, en svo var hann kynntur á svið og kom sér fyrir við trommusett sem var stillt upp fyrir miðju fremst á sviðinu, við mikil fagnaðarlæti.

Uppsetningin var flott. Blásararnir í röð aftast, Ómar Guðjónsson gítarleikari og Davíð Þór Jónsson hljómborðsleikari yst hvor á sínum endanum í framlínunni og Helgi Svavar Helgason (á gítar í þetta skiptið), Sigtryggur Baldursson, Tony, Sammi og Ingi Skúlason bassaleikari á milli þeirra.

Tónleikarnir fóru frekar rólega af stað, en Sammi lofaði hægu klifi og það gekk eftir. Bandið hitnaði smám saman og stemningin hjá áheyrendum jókst og fleiri og fleiri dönsuðu eða dilluðu sér í takt við tónlistina. Dagskráin hófst á lagi eftir Samma, en svo kom slagarinn Asiko eftir Tony og svo komu lögin til skiptis, meðal annars Kindness, Elewon Po (Too Many Prisoners) og Secret Agent eftir Tony og lög af plötunni Helvítis fokking funk sem Stórsveit Samma gaf út í fyrra.

Tónlistin var eins og yfirskrift tónleikanna lofaði, afróbít. Tony Allen er magnaður trommari, en hann er enginn þungavinnumaður. Þetta er allt í fínhreyfingunum og hann virtist hafa lítið fyrir því að framkalla þetta óstjórnlega smitandi grúv sem var undirliggjandi í tónlistinni á miðvikudagskvöldið. Það þarf mikla staðfestu til að hreyfa sig ekki í takt við svona tónlist.

Tony söng við trommusettið og spjallaði. Hann hrósaði Samma í bak og fyrir og sagði á íslensku „Flottur!“. Sammi hélt þessu öllu saman, stjórnaði bandinu og fékk áheyrendur til að dansa og klappa í takt við tónlistina.

Hljóðfæraleikararnir sýndu góð tilþrif, blásararnir skiptust á að stíga fram á sviðið og taka sóló, en Ingi bassaleikari fær sérstakt hrós fyrir flotta frammistöðu. Hljómburðurinn í salnum var mjög góður, a.m.k. þar sem ég var nálægt sviðinu. Eftir tæpa tvo tíma endaði sveitin á laginu Chicken Street af Helvítis fokking funk, en kom svo aftur eftir uppklapp og tók slagarann Afro-Disco Beat sem Tony sendi upphaflega frá sér árið 1977. Flottur endir á frábærum tónleikum.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Nígeríska goðsögnin Tony Allen brást ekki á öflugum afróbít tónleikum.


SAMBÍÓIN

HANGOVER PART II
FRAMHALD AF VINSÆLUSTU GRÍNMYND SEM SÝND HEFUR VERIÐ Á ÍSLANDI.
★★★★ R.M. - bíófilman.is
★★★★ BoxofficeMagazine

X-MEN FIRST CLASS

FRÁ ÞEIM SÖMU OG GERÐU SHREK
FRÁBÆR FJÖLSKYLDU SKEMMTUN
KUNG FU PANDA 2

PIRATES OF THE CARIBBEAN
Jack Sparrow er mættur í stærstu mynd sumarsins! Stórkostleg þrívíddarævintýramynd með Johnny Depp, Penélope Cruz, Ian McShane og Geoffry Rush. Sýnd í Disney Digital 3D í völdum kvikmyndahúsum

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER 2 | kl. 6 - 8 - 9 - 10:20 - 11:10 | 12 |
| THE HANGOVER 2 | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | kl. 4 - 5 - 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 3D M/ ensku. Tali | kl. 10:50 Ótextuð | L |
| KUNG FU PANDA 2 ensku. Tali | kl. 4 - 6 - 10:20 Með Texta | L |
| PIRATES 4 | kl. 4(2D) - 7(2D) - 8(3D) - 10(2D) | 10 |
| DÝRA FJÖR M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| SOMETHING BORROWED | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA 2 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HANGOVER 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 6 - 9 | 10 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER PART II | kl. 3 - 5.40 - 8 - 8.20 -10.20 - 11 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | kl. 2 - 5 - 8 -10.45 | 14 |
| KUNG FU PANDA 2 3D ísl tal | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 2 - 5 - 8 - 10.40 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA 2 3D M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 3D ensku. Tali | kl. 8:10 - 10:20 Ótextuð | L |
| THE HANGOVER 2 | kl. 6 - 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 3(2D) - 6(2D) - 9(2D) | 10 |
| DÝRAFJÖR 3D M/ ísl. Tali | kl. 4(3D) | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 8 | 10 |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 10:45 | 12 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ X-MEN FIRST CLASS
real D 3D FULLKOMIN GÆÐI!
UPPLIFÐU STUNDINA SEM Á EFTIR AÐ BREYTA HEIMINUM!
X-MEN FIRST CLASS 12 LÚXUS ★★★★ -Þ.Þ. - FRÉTTATÍMINN ★★★★ - SÉÐ & HEYRT ★★★★ - KVIKMYNDIR.IS
JACK BLACK, ANGELINA JOLIE, DUSTIN HOFFMAN, JACKIE CHAN, SETH ROGEN, LUCY LIU, JEAN-CLAUDE VAN DAMME OG GARY OLDMAN
FRÁ HÖFUNDUNUM SEM FÆRÐU OKKUR SHREK ★★★★ BOX OFFICE MAGAZINE 90/100 VARIETY 90/100 THE HOLLYWOOD REPORTER
KUNG FU PANDA 2 L FRÁBÆR PRÍVÍDDO MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
"BESTA 'PIRATES' MYNDIN" - M.P FOX TV ★★★★ P.H. BOXOFFICE MAGAZINE
PIRATES OF THE CARIBBEAN 10 STÓRKOSTLEG ÞRÍVÍDDARÆVINTÝRAMYND
PAUL BETTANY PRIEST 16 midi.is
Gnómíó & Júlía 3D L midi.is

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 4 - 5.15 - 8 - 10.45 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS Í LÚXUS | KL. 5.15 - 8 - 10.45 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| KUNG FU PANDA 2 ENSKT TAL 3D | KL. 8 | L |
| PIRATES 4 3D | KL. 5 - 8 - 10 | 10 |
| FAST FIVE | KL. 10.40 | 12 |
| THOR 3D | KL. 8 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 6 | L |
| HÆVNEN | KL. 5.40 | 12 |
| PRIEST 3D | KL. 8 - 10 | 16 |
| FAST FIVE | KL. 8 - 10.30 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.30 - 8 - 10.30* | 12 |
| PAUL | KL. 8 - 10 | 12 |
| FAST FIVE | KL. 5.40 | 12 |

*KRAFTSÝNING

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
POWERSÝNING KL. 10.00
★★★★ ★★★★
X-MEN FIRST CLASS 12
KUNG FU PANDA 2 L
PAUL L
Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.
Gnómíó & Júlía 3D L
Fast Furious 5

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| X-MEN: FIRST CLASS | 7 og 10(POWER) |
| KUNG FU PANDA 2 3D - ISL TAL | 2(950 kr), 4 og 6 |
| KUNG FU PANDA 2 3D - ENS TAL | 2(950 kr), 4, 6 og 8 |
| PAUL | 8 og 10.10 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 3D - ISL TAL | 2(950 kr) og 4 |
| FAST & FURIOUS 5 | 10 |

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
KUNG FU PANDA 2 ATH 950 KR. SÝND KL.2
Gnómíó & Júlía 3D ATH 950 KR. SÝND KL.2
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BÍÓ ★ PARADÍS BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER | 18:00, 20:00, 22:00 |
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00, 20:00, 22:00 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 18:00 |
| ROUTE IRISH | 20:00, 22:10 |
| NORÐ VESTUR (ENGLISH SUBTITLES) | 18:00 |
| BLÓÐBÖND (ENGLISH SUBTITLES) | 20:00 |
| REYKJAVIK WHALE WATCHING MASSACRE (ENG. SUB.) | 22:00 |

Lífið er leiksvið! THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER A SUMMER OF ICELANDIC CINEMA
BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



Bækur í úrvali
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
UNDIR SAMA ÞAKI
BT
VAXTALAUST 9
vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Sláttur
Hildur Knútsdóttir
1.899 kr.
Léttara og betra líf
Lene Hansson
3.699 kr.
10 árum yngri á 10 vikum
Þorbjörg Hafsteinsdóttir
3.699 kr.
Allt á floti
Kajsa Ingemarsson
1.899 kr.
15% afsláttur af öllum tímaritum
MATREIÐSLUBÆKUR
Gott úrval frábært verð !
320 ITALIAN RECIPES
750 COCKTAILS
BEST-EVER RECIPES CHOCOLATE
2.499 kr.
þú finnur sjónvarpið hjá okkur !
89.999
verð áður 99.999
32"
ótrúlegt verð á ótrúlegu tæki !
32" LCD C455
1366x768 HD Ready
SAMSUNG
DMTECH
54.999 19" LCD
89.999 22" LED
84.999 23" LCD
...með innbyggðum DVD spilara
allt skemmtilega dótið !
9.999
14.999
49.999
24"
BenQ
upplausn: 1920 x 1080
OLYMPUS
T-10 stafræn myndavél
10 MP - 2,4" skjár
heyrnartól með hljóðnema
Full HD LED skjár 2420
töff heyrnartól ! margar gerðir
góður hljómur - gott verð !
29.999
49.999
SCOTT
hljómtækjastæða með DVD spilara
SAMSUNG
heimabíó 5.1 með DVD
fartölvur í miklu úrvali
SAMSUNG
hp
packard bell
verð frá 79.999-
TÓNLIST
...eðaltónar - alveg málið
Eyfi
Megas
allt það besta !
Gus Gus
Lady Gaga
TÖLVULEIKIR
...fyrir alla aldurshópa
L.A. NOIRE
THOR
SIMS 3
STAR WARS III
SUPER MARIO BROS. Wii
DVD MYNDIR
...allt það nýjasta og besta
THE TOURIST
Harry Potter
KING'S SPEECH
GULLIVER'S TRAVELS
BURLESQUE
Griffill sími 533-1010 - www.griffill.is - OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA Í SKEIFUNNI 11 - BT sími 550-4444 - www.bt.is

# sport

sport@frettabladid.is



**RÚRIK GÍSLASON** er ekki hræddur við að hann muni missa af Evrópumeistaramóti U-21 liða í Danmörku síðar í mánuðinum. Rúrik hefur verið að glíma við meiðsli í ökkla og er tæpur fyrir leik A-landsliðs Íslands gegn Dönum um helgina. „Ég hef örlitlar áhyggjur af Danaleiknum en engar áhyggjur af EM. Ég verð 100 prósent klár fyrir EM," sagði Rúrik í viðtali við Vísi í gær.

# Frábært að spila með Guðjóni

**Haukur Páll Sigurðsson var besti leikmaður 6. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Valsmenn hafa ekki fengið á sig mark á þeim 505 mínútum sem Haukur Páll hefur spilað í sumar.**

**FÓTBOLTI** „Þetta var flottur leikur hjá öllu liðinu. Við settum okkur markmið fram að hléi og þau markmið náðust. Við erum því sáttir," sagði Haukur Páll Sigurðsson, sem átti frábæran leik á miðjunni þegar Valsmenn unnu 2-0 sigur á Íslandsmeisturum Breiðabliks. Valsmenn eru nú í 3. sæti Pepsi-deildar karla, aðeins tveimur stigum á eftir toppliði KR. „Það var mjög sterkt að ná þremur stigum á móti Blikum því við þurftum að hafa fyrir þessum þremur stigum," segir Haukur.

Valsmenn unnu tvo fyrstu leiki sína en svo komu tveir tapleikir í röð. Valsliðið vann síðan sigra á Fram og Breiðabliki í síðustu tveimur leikjum sínum

„Það eru góð lið sem koma til baka eftir tapleiki og við sýndum það að við erum með gott lið," segir Haukur Páll, en það hafði mikið að segja í þessum tapleikjum að Haukur meiddist í sigrinum í Grindavík í 2. umferð. Hann gat ekki beitt sér að fullu á móti ÍBV, fór út af í stöðunni 0-0 á 70. mínútu og missti síðan af tapleiknum á móti Fylki.

„Ég meiddist eftir þessa tæklingu á móti Grindavík en ég er hundrað prósent klár í dag. Maður er búinn að fótbrotna tvisvar og því búinn að ganga í gegnum ýmislegt. Það kom smá slinkur á hnéð en það var fljótt að jafna sig og ég missti bara af einum leik. Það var gott að það var ekki alvarlegra en það," segir Haukur Páll.

Það munar mikið um Hauk og það sést vel á tölfræðinni. Valsmenn hafa ekki fengið á sig mark á þeim 505 mínútum sem hann hefur spilað í deild og bikar í sumar en hafa hins vegar fengið á sig 4 mörk á aðeins 155 mínútum þegar hann hefur verið fjarverandi. Haukur er mjög ánægður með að fá Guðjón Pétur Lýðsson við hlið sér á miðjunni. Þeir hafa báðir leikið vel í sumar.

„Það er frábært að spila með Guðjóni og hann hefur ýmislegt til að bera til að fara langt í knattspyrnunni. Við vinnum vel saman inni á miðjunni og það hjálpar mikið til að geta talað við hann um leikinn, bæði fyrir og eftir leik. Við ræðum mikið saman, sem er gott," segir Haukur Páll, sem telur styrk liðsins liggja í varnarleiknum.

„Við erum sterkir varnarlega og erum búnir að sýna það með því að halda fjórum sinnum hreinu í sex leikjum. Það er mjög gott skipulag í varnarleiknum okkar og talandinn kemur þar sterkur inn. Menn hjálpast að frá markverði og alveg upp á topp," segir Haukur.

Valur er hundrað ára í ár og því hefur fylgt mikið umstang í kringum liðið. „Ég veit ekki hvort það er meiri pressa, en það er búið að vera mikið fjör á Hlíðarenda," segir Haukur Páll, en hann fer varlega í að tala um möguleika á að gefa félaginu Íslandsmeistaratitil í afmælisgjöf.

„Að sjálfsögðu er það draumur hvers knattspyrnumanns í hvaða deild sem er í heiminum að vinna titil," segir Haukur, sem vonast sjálfur líka til að komast út. „Draumurinn er að komast í atvinnumennsku. Það er alveg klárt. Maður vill komast út að spila en þá þarf að spila vel hérna heima til þess að einhverjir taki eftir manni. Það er bara að halda áfram að standa sig vel," segir Haukur.

Leik Valsmanna á móti Keflavík í næstu umferð var frestað og liðið er því þegar komið í frí vegna EM 21 árs liða. Næsti deildarleikur liðsins er ekki fyrr en eftir 24 daga.

„Það er svolítið furðulegt að fara í svona frí en maður þarf bara að æfa vel í fríinu og halda forminu uppi og koma svo með tilhlökkun inn í Íslandsmótið þegar það byrjar aftur. Við gerum alveg örugglega eitthvað skemmtilegt. Það er allavega mun skemmtilegra að fara inn í svona frí með sigur á bakinu heldur en tap. Það segir sig sjálft," sagði Haukur Páll að lokum.

ooj@frettabladid.is



**VALSMENN Á FLUGI** Valsmenn eru með markatöluna 7-0 á þeim rúmu 500 mínútum sem Haukur Páll Sigurðsson hefur spilað með liðinu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Munar miklu um Hauk

Valsmenn treysta mikið á miðjumanninn Hauk Pál Sigurðsson eins og sést á þessari tölfræði úr deildar- og bikarleikjum liðsins í sumar.

| | |
|---|---|
| **Haukur Páll inni á vellinum** | |
| Leikir: | 6 |
| Mínútur: | 505 |
| Markatala Vals: | 7-0 (+7) |
| **Haukur Páll útaf vellinum** | |
| Leikir: | 3 |
| Mínútur: | 155 |
| Markatala Vals: | 2-4 (-2) |

## Lið 6. umferðarinnar

| | |
|---|---|
| Gunnleifur Gunnleifsson | FH |
| Alexander Magnússon | Grindavík |
| Grétar Sigfinnur Sigurðarson | KR |
| Guðmundur Reynir Gunnarsson | KR |
| Haukur Páll Sigurðsson | Valur |
| Matthías Vilhjálmsson | FH |
| Ian Jeffs | ÍBV |
| Ingimundur Níels Óskarsson | Fylkir |
| Robbie Winters | Grindavík |
| Hannes Þ. Sigurðsson | FH |
| Tryggvi Guðmundsson | ÍBV |



**OLUWATOMIWO AMEOBI** Var búinn að skora í þremur fyrstu leikjum sínum með BÍ/Bolungarvík fyrir leikinn á móti Gróttu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## 1 DEILD KARLA

**Grótta-BÍ/Bolungarvík 1-0**
1-0 Viggó Kristjánsson (75.)

**KA-Haukar 0-2**
0-1 Hilmar Rafn Emilsson (13.), 0-2 Hilmar Trausti Arnarsson, víti (20.)

**HK-Þróttur R. 1-2**
0-1 Sveinbjörn Jónasson (14.), 0-2, Sveinbjörn, víti (57.), 1-2 Samúel Arnar Kjartansson (86.)

**Fjölnir-ÍR 2-3**
0-1 Jón Gísli Ström (1.), 0-2 Árni Freyr Guðnason (5.), 1-2 Styrmir Árnason (17.), 1-3 Árni Freyr (36.), 2-3 Ómar Hákonarson (90.)

**Leiknir R.-Selfoss 1-1**
1-0 Fannar Þór Arnarsson , 1-1 Viðar Örn Kjartansson.

**ÍA-Víkingur Ó. 1-1**
0-1 Edin Beslija (60.), 1-1 Hjörtur Júlíus Hjartarson (69.).

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍA** | **4** | **3** | **1** | **0** | **7-2** | **10** |
| Haukar | 4 | 3 | 0 | 1 | 8-4 | 9 |
| **KA** | **4** | **2** | **1** | **1** | **7-5** | **7** |
| Þróttur R. | 4 | 2 | 1 | 1 | 6-4 | 7 |
| **BÍ/Bolungarvík** | **4** | **2** | **0** | **2** | **6-5** | **6** |
| Fjölnir | 4 | 2 | 0 | 2 | 8-8 | 6 |
| **ÍR** | **4** | **2** | **0** | **2** | **6-9** | **6** |
| Grótta | 4 | 1 | 2 | 1 | 3-5 | 5 |
| **Selfoss** | **4** | **1** | **1** | **2** | **7-6** | **4** |
| Leiknir R. | 4 | 0 | 3 | 1 | 3-5 | 3 |
| **Víkingur Ó.** | **4** | **0** | **2** | **2** | **3-6** | **2** |
| HK | 4 | 0 | 1 | 3 | 5-10 | 1 |

**Upplýsingar** um markaskorara eru fengnar af vefsíðunni fótbolti.net.


**Hádegisfundur ÍSÍ**

Miðvikudagur 8. júní kl. 12.00-13.00 í E-sal Íþr.-miðstöðv. í Laugardal. Einar Einarsson sjúkraþjálfari mun m.a. fjalla um nýjar mælingar í íþróttum. Aðgangur ókeypis og öllum heimill. Uppl. í 460-1467 og á vidar@isi.is

Sjá nánar á **www.isi.is**



GOLF SENIOR ÍSLAND

THE ARCTIC OPEN 2011 AKUREYRI GOLF CLUB

MP

**Allir eldri kylfingar**

**Opinn LEK dagur**

**Sunnudaginn 5. júní 2011**
**kl 9,30 –12,00**

**Staður: Hraunkot hjá GK í Hafnarfirði**
**Allir eldri kylfingar velkomnir**

**Boðið verður uppá m.a.:**
Slá úr æfingabásum
Vippa við æfingaflatir
Pútta úti og inni
Golfspil á Sveinkotsvelli, rástímar frá kl 11,00

**Stjórn LEK, landsliðsmenn LEK og fleiri verða til aðstoðar**
**Vipp- og púttkeppnir: MP banki gefur verðlaun**
**Samvera og spjall, kaffi og meðlæti selt á vægu verði**
**Kl 10,30 Dregið úr greiddum greiðsluseðlum:**
**2 x þátttökugjald fyrir tvo í Artic Open 23. júní 2011**

F.h. stjórnar LEK
Landssambands eldri kylfinga
Henrý Þór Gränz formaður


Markverðir íslenska landsliðsins bítast um stöðu í byrjunarliðinu:

# Sætta sig við ákvörðun þjálfarans

**FÓTBOLTI** Nokkur óvissa er um hvort Gunnleifur Gunnleifsson eða Stefán Logi Magnússon muni verja mark Íslands gegn Danmörku á morgun í undankeppni EM 2012 á morgun. Gunnleifur hefur verið aðalmarkvörður liðsins undanfarin ár en meiddist fyrir síðasta leik liðsins, gegn Kýpur í mars. Stefán Logi stóð vaktina í fjarveru hans, stóð sig vel og hélt hreinu. Það var í fyrsta sinn í tæp fimm ár sem Ísland fær ekki á sig mark í mótsleik á útivelli.

„Við viljum auðvitað allir spila," sagði Stefán Logi sem hefur staðið sig vel með norska liðinu Lilleström undanfarin misseri. „Það væri virkilega gaman að fá tækifærið gegn Dönum en það er bara einn maður sem ræður því. Sá sem verður fyrir valinu mun fá stuðning okkar hinna," bætti hann við en þriðji markvörður Íslands í hópnum er Blikinn Ingvar Þór Kale.

„Þetta er allt á mjög góðum nótum hjá okkur," sagði Gunnleifur um samstarf þeirra í undirbúningi liðsins. „Við vinnum vel saman og erum góðir félagar. Auðvitað vilja allir vera númer eitt en við styðjum hver annan og undirbúum okkur allir eins og við séum að fara að spila. Svo velur þjálfarinn liðið og þangað til erum við einbeittir í verkefninu."

Þeir neita því þó ekki að það verði erfitt að sætta sig við niðurstöðuna, verði hún þeim ekki að skapi.

„Auðvitað verða allir sem ekki fá að spila grautfúlir. Þá tekur maður bara fimm mínútur með sjálfum sér til að jafna sig. Svo tekur alvaran við. Því miður er bara einn markvörður inn á í einu og það er ekkert sem við getum breytt," sagði Stefán Logi í léttum dúr.

Sjálfur vildi Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari ekkert gefa upp um hvor yrði aðal-markvörður liðsins þegar hann tilkynnti leikmannahópinn sinn fyrir leikinn gegn Dönum.

- esá



**HVOR ÞEIRRA BYRJAR?** Stefán Logi eða Gunnleifur.




# Safnaðu! Skjóttu! Sigraðu!



**Nú fylgir Kung Fu Panda 2 þyrla með öllum seldum Lucky Charms pökkum.**

**Safnaðu öllum 8 Kung Fu þyrlunum og náðu tign Kung Fu skotmeistara.**

Lucky Charms

ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 55253 06/11



## > Eddie Murphy

„Ég hef leikið í 30 myndum og yfirleitt ganga þær vel. Í bransa þar sem velgengni er undantekning en ekki regla, hefur ferill minn verið að mestu farsæll.“

***Eddie Murphy leikur Dr. Sherman Klump, góðlegan og bráðgáfaðan efnafræðiprófessor í stórskemmtilegu gamanmyndinni The Nutty Professor sem er á Stöð 2 kl. 19.45 í kvöld.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON HREIFST AF CROWE

# *Fýlugjarni andfætlingurinn*

Leikarar eru jafn mismunandi og þeir eru margir. Sumum er laus höndin, aðrir daðra við allt sem hreyfist og enn aðrir dansa með Bakkusi alla daga ársins. Til eru leikarar sem komast reglulega í kast við laganna verði og svo eru það þeir sem varla láta á sér kræla nema á hvíta tjaldinu.

Russell Crowe myndi eflaust vera flokkaður í seinasta flokkinn ef ekki væri fyrir stutta kveikjuþráðinn. Crowe hefur prýtt forsíður vegna skapsmuna sinna, meðal annars með því að henda síma í hótelstarfsmann í New York og slást á fínum japönskum veitingastað í London.

Crowe er hins vegar fínn leikari, hann var stórkostlegur í Skylmingaþrælnum (sem hann fékk Óskarinn fyrir) en, að mínu mati, enn betri í The Insider. Crowe hefur hins vegar farið endalaust í taugarnar á mér fyrir hegðun sína utan hvíta tjaldsins, hefur stuðað mig sem skelfilegur hrokagikkur og leiðindapúki. En hann er frábær leikari, hvort sem mér líkar það betur eða verr, og það breyttist ekkert í dramatísku hasarmyndinni The Next Three Days þar sem hann leikur framhaldsskólakennarann John Brennan.



Crowe er snillingur í að búa til manneskjulegar persónur eins og margir muna eftir í The Insider. Hann er líka frábær sem Brennan sem leggur á ráðin um að bjarga eiginkonu sinni úr fangelsi en hún er grunuð um að hafa orðið yfirmanni sínum að bana. Hið forvitnilega við myndina er auðvitað þessi snúningur á hefðbundnum hlutverkum kynjanna; konan er ranglega sökuð um glæp og reynir að vera sterk í steininum á meðan eiginmaðurinn situr einn eftir heima, með son þeirra hjón og reynir að ná endum saman. Allavega. Crowe fær fullt hús fyrir frammistöðu sína í myndinni sem er leikstýrt af Paul Haggis (þeim hinum sama og gerði Óskarsverðlaunamyndina Crash).

## RÚV

**16.20 Kallakaffi** (12:12)
**16.50 Vormenn Íslands** (6:7) (e)
**17.20 Mörk vikunnar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Otrabörnin** (23:26)
**18.22 Pálína** (17:28)
**18.30 Galdrakrakkar** (22:47)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bolti** (Bolt) Hundurinn Bolti leikur hetju í hasarþætti og hefur búið í sjónvarpsmyndveri alla ævi. Hann heldur að hann sé gæddur ofurkröftum en þegar á reynir gagnast þeir honum ekki sem skyldi.
**21.50 Vera** (Vera – Telling Tales) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ann Cleeves um Veru Stanhope rannsóknarlögreglumann á Norðymbralandi. Eftir að fjölmiðlar fjalla um sjálfsvíg Jeanie Long koma fram ný gögn og Vera einsetur sér að leysa gátuna um morðið á Abigail Mantel. Meðal leikenda eru Brenda Blethyn og David Leon.
**23.20 Lögguland** (Cop Land) Lögreglustjóri í smábæ í New Jersey þar sem fjöldi lögreglumanna í New York býr rannsakar spillingu innan þeirra raða. Leikstjóri er James Mangold og meðal leikenda eru Sylvester Stallone, Harvey Keitel, Ray Liotta og Robert De Niro. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. Bandarísk spennumynd frá 1997. (e)
**01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Mr. Woodcock**
**10.00 More of Me**
**12.00 Astro boy**
**14.00 Mr. Woodcock**
**16.00 More of Me**
**18.00 Astro boy**
**20.00 I Love You Beth Cooper**
**22.00 Nights in Rodanthe**
**00.00 Blonde Ambition**
**02.00 Men at Work**
**04.00 Nights in Rodanthe**
**06.00 Jerry Maguire**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Life on Mars** (5:17)
**11.50 Jamie Oliver's Food Revolution** (4:6)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Friends** (9:24)
**13.25 School for Scoundrels**
**15.10 Auddi og Sveppi**
**15.35 Leðurblökumaðurinn**
**15.55 Ofuröndin**
**16.15 Nornfélagið**
**16.40 Ofurhundurinn Krypto**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (20:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (2:23)
**19.45 The Nutty Professor** Klikkaði prófessorinn er gamanmynd eins og gamanmyndir eiga að vera. Hér fer Eddie Murphy á kostum og bregður sér í ekki færri en sjö hlutverk.
**21.20 The Phantom** Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar sem byggð er á samnefndum hasarsögum eftir Lee Falk. Lögfræðineminn Chris Moore kemst að því að hann var ættleiddur í æsku og að hann er í raun sonur Vofunnar, frægrar hetju sem berst gegn glæpum og verndar saklausa.
**22.50 Marilyn Hotchkiss Ballroom Dancing and Charm School** Skemmtileg og hugljúf mynd með John Goodman og Marisu Tomei í aðalhlutverkum.
**00.35 The Onion Movie**
**01.55 The Incredible Hulk**
**03.45 Surrogates**
**05.10 The Simpsons** (2:23)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Miami - Dallas** Útsending frá öðrum leik Miami Heat og Dallas Mavericks í úrslitum NBA.
**17.55 Pepsi mörkin** Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
**19.05 LA Liga Review**
**20.10 Miami - Dallas** Útsending frá öðrum leik Miami Heat og Dallas Mavericks í úrslitum NBA.
**22.00 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**22.50 LA Liga Review** Fjörugur þáttur þar sem tímabilið í spænsku úrvalsdeildinni er gert upp. Barcelona fór á kostum með Lionel Messi í aðalhlutverki á meðan Real Madrid var alltaf skrefi á eftir þrátt fyrir að Cristiano Ronaldo setti nýtt markamet.
**23.55 Box: Manny Pacquiao - Shane Mosley** Útsending frá hnefaleikabardaga í Las Vegas þar sem Manny Pacquiao og Shane Mosley berjast um heimsmeistaratignina í veltivigt.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**19.30 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**20.00 Ronaldinho** Í þessum mögnuðu þáttum eru margir af bestu knattspyrnumönnum sögunnar skoðaðir og skyggnst á bak við tjöldin. Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldinho, leikmann AC Milan á Ítalíu.
**20.25 PL Classic Matches: Tottenham - Manchester Utd.**
**20.55 Bolton - Birmingham** Útsending fra leik Bolton og Birmingham i ensku úrvalsdeildinni.
**22.40 PL Classic Matches: Man. United - Ipswich, 1994.**
**23.10 Liverpool - Blackburn** Útsending frá leik Liverpool og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.15 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (4:5) (e)
**17.05 Girlfriends** (18:22) (e)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 Life Unexpected** (4:13) (e)
**18.55 Real Hustle** (5:8) (e)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (18:50)
**19.45 Will & Grace** (17:25) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
**20.10 The Biggest Loser** (7:26)
**21.00 The Bachelor** (6:11)
**22.30 Parks & Recreation** (4:22) (e)
**22.55 Law & Order: Los Angeles** (e)
**23.40 Whose Line is it Anyway?** (e)
**00.05 Saturday Night Live** (22:22) (e)
**00.55 Smash Cuts** (1:52)
**01.20 Girlfriends** (17:22) (e)
**01.40 High School Reunion** (3:8) (e)
**02.25 The Real Housewives of Orange County** (1:12) (e)
**03.10 Will & Grace** (17:25) (e)
**03.30 Penn & Teller** (7:9) (e)
**04.00 Penn & Teller** (8:9) (e)
**04.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 The Memorial Tournament** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 PGA Tour - Highlights** (21:45)
**13.45 The Memorial Tournament** (1:4)
**16.50 Champions Tour - Highlights** (6:25)
**17.45 Inside the PGA Tour** (22:42)
**18.10 Golfing World**
**19.00 The Memorial Tournament** (2:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights (20:45)**
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Amazing Race** (4:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Eins og áður eru keppendur afar ólíkir en allir með það sameiginlegt að vilja sigra.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Steindinn okkar** (8:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig, jafnt þá sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hina sem þekktir eru fyrir eitthvað allt annað.
**22.20 NCIS** (17:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**23.05 The Phantom** Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins sem byggð er á samnefndum hasarsögum eftir Lee Falk.
**00.35 Amazing Race** (4:12)
**01.20 The Doctors**
**02.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Spjallþáttur um allt á milli himins og jarðar.
**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.
**21.00 Motoring** Spyrnumenn og blár reykur.
**21.30 Eitt fjall á viku** Efst á Arnarvatnsheiði. Fyrsti þáttur af þremur úr safni Péturs Steingrímssonar.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


Umgjörð: Chrome Hearts-Dismembered



20%

Helgina 3. til 5. júní fá viðskiptavinir okkar **20% afslátt** af öllum keyptum gleraugum (umgjörð og gler).

**Afslátturinn gildir aðeins í verslun okkar í Smáralind.**

Optical Studio
SMÁRALIND

• CHANEL • RAYBAN • CHROME HEARTS • TOM FORD • D&G • BVLGARI • MIU MIU • VERSACE • OAKLEY • BURBERRY • CUTLER & GROSS • ROBERTO CAVALLI • PRADA • LINDBERG •

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.20

### The Simpsons



Samviskan nagar Bart eftir að hann og skólafélagar hans ákveða að setja lyf út í kaffið hjá kennaranum sínum, Ungfrú Krabappel, og hún er rekin í kjölfarið.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Skrafað um meistara Þórberg **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**07.50** Lark Rise to Candleford **08.45** Jonathan Creek **09.35** Keeping Up Appearances **10.05** Fawlty Towers **10.35** Fawlty Towers **11.05** Fawlty Towers **11.40** ,Allo ,Allo! **12.05** ,Allo ,Allo! **12.30** Keeping Up Appearances **13.00** Fawlty Towers **13.35** ,Allo ,Allo! **14.00** ,Allo ,Allo! **14.25** The Weakest Link **15.15** The Weakest Link **16.00** Fawlty Towers **16.30** ,Allo ,Allo! **17.00** ,Allo ,Allo! **17.25** Hunter **18.20** Waking the Dead **19.10** Waking the Dead **20.00** The Fixer **20.50** Spooks **21.40** Coupling **22.10** Hunter

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.35** Grøn glæde **11.00** Redningstjenesten på vej **11.30** Ud i det blå **12.00** Vores Liv **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Peter Pedal **15.00** De uheldige helte **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Bonderøven **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hva' så Danmark? **19.00** TV Avisen **19.30** The Patriot **22.05** Way of War

## NRK 1

**13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** En svensk sommer i Finland **14.50** Fysikk på roterommet **15.00** NRK nyheter **15.10** Sommerhuset **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Kjendisbarnevakten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Oppdag Stillehavet **18.55** 20 sporsmål **19.20** Mysteriet Norge **19.50** Tause vitner **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tause vitner **21.50** Canal Road **22.35** Alison Krauss - countrypop uten grenser

## SVT 1

**11.15** Sommarens och vinterns vetenskap **12.05** Från Lark Rise till Candleford **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Skärgårdsflirt **14.50** Anslagstavlan **14.55** Himmelblå **15.40** Väsen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Minnenas television **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Mr Brooks **21.00** Norsk attraktion **21.30** Once Upon A Time In America **23.30** Once Upon A Time In America







## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Cold As Ice með M.O.P. Klisja en virkar alltaf hvort sem manni líkar betur eða verr.“*

Sævar Daníel Kolandavelu, markaðsstjóri Gogoyoko.

# Lesendur Q ósáttir við mokkasínur Árna

Árni Hjörvar Árnason, bassaleikari bresku rokksveitarinnar The Vaccines, og félagar hans í sveitinni fá á baukinn í nýju hefti tónlistarblaðsins Q. Ekki er það þó tónlist hinnar vinsælu hljómsveitar sem er gagnrýnd heldur fatasmekkur liðsmanna hennar. Lesandinn Max Haining sendir Q bréf þar sem hann gagnrýnir útlitið á bandinu og falla skrif hans svo vel í kramið hjá ritstjórn blaðsins að þau eru valin Bréf mánaðarins.

„Eftir að hafa lesið síðasta tölublað Q blöskraði mér að sjá hvernig sumir tónlistarmenn í dag klæða sig. The Vaccines er kannski góð hljómsveit en meðlimir hennar líta út eins og þeir hafi stolið fötunum sínum úr fataskáp afa sinna. Beady Eye og The Strokes kunna alla vega ennþá að klæða sig eins og rokkstjörnur en ekki eins og landafræðikennarar,“ segir í bréfi Haining.

Ritstjórn Q tekur þó ekki undir gagnrýnina og lýsir blaðið því yfir að rúskinnsmokkasínur Árna og félaga, með kögri og öllu tilheyrandi, muni slá í gegn innan tíðar. - hdm




**HÖRMUNG!** Árni Hjörvar og félagar í The Vaccines fá á baukinn fyrir fatasmekk sinn. Mokkasínur Árna þykja sérstaklega sorglegar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Stikla úr kvikmyndinni Karlar sem hata konur, sem byggð er á samnefndri bók eftir Stieg Larsson, er komin á netið. Myndinni er leikstýrt af David Fincher en með hlutverk Mikaels Blomkvist og Lisbeth Salander fara þau **Daniel Craig** og Rooney Mara. Fincher hefur augljóslega viljað koma „norrænni“ stemningu til skila í stiklunni því hann notar frægan slagara Led Zeppelin, Immigrant Song, í útgáfu Trents Reznor úr Nine Inch Nails. Reznor hefur vonandi ekki haldið að lagið væri um Svíþjóð, heimaland Stiegs Larsson, því eins og allir vita var það samið eftir heimsókn bresku rokkrisanna til Íslands 1970. - fgg





Aukum öryggi sjómanna

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir




**KJELLINN** Atli Helgason hefur vakið athygli sem „Kjellinn“ í Steindanum okkar. Steindi er ánægður með frammistöðu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ATLI HELGASON: ALDREI UPPLIFAÐ SVONA ÁÐUR

# HEFUR SLEGIÐ Í GEGN SEM „KJELLINN“ Í STEINDANUM

„Félagi minn spurði hvort ég var til í þetta og ég sló bara til. Það var búið að vara mig við að þetta yrði smá vinsælt og ég ákvað bara að taka því,“ segir grínistinn Atli Helgason, eða „Kjellinn“ í gamanþáttunum Steindinn okkar.

Hann hefur birst upp úr þurru í hverjum þætti í Steindanum okkar að undanförnu, sagt orðið „kjellinn“, og horfið síðan á braut. Þetta stutta en hnitmiðaða grínatriði hefur fallið vel í kramið hjá aðdáendum Steindans.

Atli, sem er 28 ára og mikill aðdáandi Seinfeld-þáttanna, segir athyglina sem hann hefur fengið að undanförnu alveg nýja fyrir sér, enda hefur hann aldrei leikið áður. „Ég hef aldrei upplifað svona áður. Fólk kallar stundum á mig og ég brosi bara og þá brosir það á móti.“

> Þegar við ákváðum að hafa þennan karakter kom eiginlega enginn annar til greina.
>
> STEINDI JR.

Til að leika í þáttunum hefur hann brugðið sér úr vinnu sinni hjá Útilífi og brunað á tökustað, stundum í hádegishléinu sínu. „Þetta eru allt frábærir gaurar og það er gott andrúmsloft í kringum þetta,“ segir hann um Steinda og félaga.

Sjálfur er Steindi ánægður með frammistöðu Atla. „Þegar við ákváðum að hafa þennan karakter kom eiginlega enginn annar til greina,“ segir hann. „Ég er mjög ánægður með „Kjellinn“ og ég er hundrað prósent viss um að það er enginn sem gæti tæklað „Kjellinn“ betur en „Kjellinn“.“

Annarri þáttaröð af Steindanum okkar lauk í gær. Þegar Atli er spurður hvort hann muni halda áfram samstarfi sínu við Steinda og félaga segist hann ekki hafa hugmynd um það. Hann býst alltént ekki við því að „Kjellinn“ snúi aftur enda er Steindi ekki vanur að halda áfram með sömu persónur þáttaröð eftir þáttaröð.

freyr@frettabladid.is

# Stefnir í spurningastríð

Logi Bergmann Eiðsson undirbýr nú af kappi nýjan spurningaþátt sem fer í loftið á Stöð 2 í haust. Þátturinn verður með svipuðu sniði og Bomban sem var á dagskrá í fyrra. Logi gerir ráð fyrir að þættirnir hefji göngu sína strax í haust.

„Ég mun eiga fund með Saga Film í næstu viku og þá reynum við að teikna þennan þátt upp,“ segir Logi sem telur ekki útilokað að spjallþátturinn Logi í beinni verði á ferli seinna í vetur. Logi er náttúrlega eldri en tvævetur í spurningaþáttum því hann stjórnaði Gettu betur í sjö ár og var með spurningaþáttinn Meistarann í tvö ár. Þá hefur hann séð um spurningakeppni fjölmiðlanna á Bylgjunni undanfarin ár.

Það stefnir því í mikið spurningastríð hjá sjónvarpsstöðvum þetta árið. RÚV verður með sitt Útsvar og Gettu betur og að sögn Kristjönu Thors Brynjólfsdóttur, dagskrárstjóra Skjás eins, er stefnt að því að setja Ha? aftur á dagskrá í vetur sem Jóhann G. Jóhannsson stjórnaði ásamt þeim Sólmundi Hólm og Eddu Björg Eyjólfsdóttur. - fgg



**AFTUR Í SPURNINGAÞÆTTI** Logi Bergmann snýr aftur í spurningaþættina en stefnt er að því að nýr spurningaþáttur fari í loftið á Stöð 2 í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# ÚTSALAN HEFST Í DAG

Regatta
GREAT OUTDOORS™

# 50-80% AFSL.

Dare2b

CRAGHOPPERS

**OPIÐ**

VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Pressa á Tobbu

Fjölmiðlakonan **Tobba Marinósdóttir** hefur í nægu að snúast meðfram störfum sínum hjá Skjá einum. Í byrjun vikunnar skilaði hún inn til Forlagsins handriti að næstu bók sinni, Lýtalaus, sem er framhald hinnar vinsælu Makalaus sem kom út í fyrra. Vinna við bókina hefur tekið sinn tíma og munu tafirnar hafa reynt nokkuð á þolrif Egils Arnar Jóhannssonar, framkvæmdastjóra Forlagsins, og hans fólks. Svo mjög reyndar að Tobbu var hótað dagsektum ef hún skilaði ekki inn handriti síðasta mánudag en það hefði líklega verið í fyrsta sinn sem slíkt gerðist á íslenskum bókamarkaði.



### Danska landsliðið mætt

Danska landsliðið í knattspyrnu er komið til landsins fyrir leikinn gegn Íslandi á laugardag. Dvelur liðið á Grand hóteli og hefur æft tvisvar á Laugardalsvelli. Í liðinu eru þónokkrir þekktir knattspyrnumenn, svo sem **Nicklas Bendtner**, leikmaður Arsenal, og Christian Poulsen, leikmaður Liverpool. Sést hefur til þeirra og annarra leikmanna liðsins víða um borgina í skoðunarferðum. Þá kvartaði Kasper Schmeichel, markmaður Leeds, yfir kuldanum hér á landi á twitter sem getur ekki annað en boðað gott fyrir íslenska liðið.



- hdm, mþl

## Mest lesið vísir


1 Grafalvarleg staða kirkjugarða á Íslandi – hafa varla efni á að jarða
2 Hrunið sést vel á ruslahaugum
3 Öryggi Eyjamanna stefnt í hættu
4 Spilltar löggur handteknar
5 Ætla að hlaupa hringinn fyrir krabbameinsveik börn



## Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

10 ÁRA 2001-2011 MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Allt sem þú þarft





609 hundar - 77 tegundir

Hundaræktarfélag Íslands - félag allra hundaeigenda – stofnað 1969

# Hundasýning Hundaræktarfélags Íslands

**4. – 5. júní í Reiðhöllinni Víðidal, Reykjavík**

Dómarar sýningar eru frá Danmörku og Finnlandi
Sýningin stendur frá kl. 9-17 laugardag og sunnudag
Keppni ungra sýnenda fer fram föstudaginn 3. júní kl. 19:00

**Meðal viðburða**

- Hvolpar setja skemmtilegan svip á sýninguna
- Virðulegir öldungar láta ljós sitt skína
- Fallegustu hundar sýningar valdir
- Sölu- og kynningabásar – ýmis sértilboð
- Veitingasala

Pedigree

**Sjá dagskrá á hrfi.is**

Fullorðnir 700 kr. Börn yngri en 12 ára og í fylgd með fullorðnum fá frítt inn, annars 400 kr.

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS 4. september 1969